# FRÉTTABLAÐIÐ

93. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 21. APRÍL 2016





**Gleðilegt sumar!** Tilvonandi stúdentar eru áberandi í miðborg Reykjavíkur er tekur að vora. Nemendur við MR dimitteruðu í gær. Föngum og jólasveinum var skóflað saman í gám á skólalóðinni áður en hópurinn hélt glaðbeittur á vit ævintýranna á síðasta degi vetrar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Helgi Hjörvar skrifar um forystulaust sumarland. 20

**SPORT** Hvað tekur við hjá Conor McGregor? 30

**TÍMAMÓT** Jóhann Sigurðarson stórleikari sextugur. 34

**LÍFIÐ** sxsxsx kemur fram í fyrsta skipti í kvöld. 50

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **SUMARGRILL**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Er sumarið þá komið?

**LÍFIÐ** „Sumardagurinn fyrsti er hvergi til í heiminum nema hér hjá okkur en þetta er liður í okkar gamla tímatali. Sumardagurinn fyrsti var hinn raunverulegi nýársdagur, þess vegna höldum við hann hátíðlegan enn þann dag í dag,“ segir þjóðháttafræðingurinn Árni Björnsson um sumardaginn fyrsta sem er víða haldinn hátíðlegur í dag.

Fréttablaðið fræddist um þennan einstaka hátíðardag Íslendinga.

**– gjs / sjá síðu 46**

## Kaupfélag að koma sér fyrir í Reykjavík

**VIÐSKIPTI** Kaupfélag Skagfirðinga vinnur nú að því að kaupa Bitruháls 2 í Reykjavík sem áður hýsti Osta- og smjörsöluna. Sameina á Esju kjötvinnslu Kjötbankanum og Gallerí Kjöti í húsnæðinu en fyrirtækin eru nú öll í eigu kaupfélagsins.

„Tilgangurinn er að koma okkur vel fyrir á aðalmarkaðnum á höfuðborgarsvæðinu með aðstöðu til ákveðinnar framleiðslu, úrvinnslu á afurðum okkar og sölu og dreifingar,“ segir Ágúst Andrésson, forstöðumaður Kjötafurðastöðvar KS.

Ágúst segir KS hafa átt Kjötbankann í Hafnarfirði sem hafi verið í allt of litlu húsnæði.

„Þá dettum við niður á að kaupa þetta hús. Við gerðum um það samning fyrir svolitlu síðan en þarna var fyrir Kjötvinnslan Esja. Svo þróaðist það þannig að einn af hluthöfunum þar var með sinn hlut í söluferli. Okkur var boðið þetta fyrirtæki og við keyptum það.“

Samkeppniseftirlitið segir samruna KS sölu, dótturfélags KS, Esju Gæðafæðis og Gallerís Kjöts ekki valda því að markaðsráðandi staða myndist. **– snæ / sjá síðu 6**

> **Tilgangurinn með þessu er að koma okkur vel fyrir á aðalmarkaðnum á höfuðborgarsvæðinu með aðstöðu til ákveðinnar framleiðslu, úrvinnslu á afurðum okkar og sölu og dreifingar.**
>
> Ágúst Andrésson forstöðumaður Kjötafurðastöðvar KS



## Veður




Vestlæg átt 3-8 m/s í dag. Skýjað með köflum og stöku él, en bjartviðri suðaustanlands. Hiti 0 til 7 stig að deginum, hlýjast suðaustan til.

SJÁ SÍÐU 36

# Hvekktir halla höfði í Ekvador



Fjölskylda sefur úti á götu og hættir sér ekki inn í hús eftir að jarðskjálfti upp á 7,8 stig reið yfir Ekvador síðastliðinn laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Icewear skoðar undirverktaka

**VINNUMARKAÐUR** Icewear hefur samið við alþjóðlega eftirlitsfyrirtækið SGS um reglubundna skoðun og eftirlit með 14 fyrirtækjum, fataverksmiðjum og saumastofum sem starfa fyrir Icewear í Asíu og Evrópu.

Markmiðið er að tryggja að fyrirtæki sem starfa fyrir Icewear fari eftir lögum um launagreiðslur, aðbúnað, öryggi og almenna hollustuhætti á vinnustöðunum.

„Þetta fyrirtæki er bæði með gæðaeftirlit á fatnaði og svo gera þeir ítarlega úttekt sem snýr að samfélagslegri ábyrgð,“ segir Ágúst Þór Eiríksson, forstjóri Icewear, sem kveðst hafa farið til Kína til fundar við SGS eftir að verktaki sem vann fyrir Icewear í Vík í Mýrdal var sakaður um mansal.

„Það var okkur mikið áfall þegar mansalsmálið kom upp, maður fann að allir starfsmenn fyrirtækisins fundu fyrir þessu og fjölskyldur þeirra. Við viljum ganga í gegnum þetta ferli þó það sé dýrt.“ – kbg

## Mælt með meiri öryggisgæslu

**LÖGGÆSLA** Fjölgun ferðamanna, hælisleitenda og flóttamanna kallar á viðbrögð af hálfu stjórnvalda og löggæsluyfirvalda að því er segir í matsskýrslu ríkislögreglustjóra um Schengen-samstarfið fyrir innanríkisráðherra.

Þá kallar áframhaldandi þátttaka í Schengen á úrbætur í öryggismálum. Auka þarf eftirfylgni með dvalarleyfum og farþegalistagreiningu.

Staðan var metin í ljósi þrýstings sem mikill straumur útlendinga og flóttamanna og fleira hefði á Schengen-samstarfið. – srs



Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri

## Arðgreiðsla upp á tvo milljarða

**FJÁRMÁL** Borgun hyggst greiða 2,2 milljarða í arð vegna síðasta árs.

Með því mun eigendum Borgunar hafa verið greiddir þrír milljarðar í arð síðan Landsbankinn seldi 31,2 prósenta hlut í Borgun á 2,2 milljarða í nóvember 2013.

Arðgreiðsla í fyrra nam 800 milljónum og var sú fyrsta frá árinu 2007. Hagnaður af reglulegri starfsemi Borgunar var 1,5 milljarðar árið 2015. Þá var bókfærður hagnaður vegna fyrirhugaðra kaupa Visa International á Visa Europe upp á 5,4 milljarða. – srs, ih

**3**

**milljarðar hafa verið greiddir í arð síðan Landsbankinn seldi sinn hlut í Borgun.**

# Sérfræðingar þrifu ælu til að létta móralinn

**Hvalaskoðunarfyrirtækið Elding auglýsti eftir tveimur sérfræðingum í ólaunuð störf við rannsóknir á hegðun hvala. Umsækjendur eiga að vilja vinna allt að fjórtán tíma á dag. Framkvæmdastjóri Eldingar segir nú auglýsinguna mistök.**

**VINNUMARKAÐUR** Hvalaskoðunarfyrirtækið Elding Whale Watching óskaði nýverið eftir tveimur sérfræðingum í ólaunuð sjálfboðastörf við rannsóknir á hegðun hvala.

Umrædd auglýsing var nýlega send út á opinn póstlista vísindamanna sem stunda rannsóknir á sjávarspendýrum. Fram kemur að auk vísindastarfa eigi starfsfólkið að annast afgreiðslustörf og þrif um borð í hvalaskoðunarbátum. Það þurfi að vinna allt að 14 klukkustundir á dag og fái aðeins fæði og húsnæði fyrir.

Í auglýsingunni er sérstaklega tekið fram að umsækjendur þurfi að vera sterkbyggðir, tilbúnir til að þrífa salerni og jafnvel ælu. Vinna á bar og færa til þunga hluti.

BHM gerir alvarlegar athugasemdir við auglýsinguna sem feli í sér skýrt brot á kjarasamningum og lögum. BHM krefst þess að Elding greiði þeim sem ráðnir verða að lágmarki þau laun sem kjarasamningar tilgreina.



Framkvæmdastjóri Eldingar, Rannveig Grétarsdóttir, biðst afsökunar á auglýsingu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Framkvæmdastjóri Eldingar, Rannveig Grétarsdóttir, segir um mistök að ræða. Ekki hafi átt að greina frá í verklýsingu kröfu um þrif og vinnu á bar. „Ég vissi ekki af því að þetta hefði verið tiltekið í auglýsingunni. Biðst afsökunar á því.

Við erum með samning við Háskóla Íslands um að veita háskólanemendum aðstöðu til að stunda rannsóknir og viðhalda gagnagrunni sem unninn var upphaflega af nema sem var hjá okkur,“ útskýrir Rannveig. „Rannsóknarkrakkar koma með okkur frítt í ferðir og hafa aðstöðu hér. Þessir rannsóknarkrakkar hafa svo hjálpað til og unnið þessi verk, þrifin og fleira til að létta á móralnum. Það var oft þungur mórall meðal áhafnar um að hafa þau með.“

Erna Guðmundsdóttir, lögmaður BHM, segir svör framkvæmdastjórans ekki duga. Störfin verða að vera launuð.

Halldór Grönvold, aðstoðarforstjóri Vinnumálastofnunar, ræddi hagnýtingu ferðaþjónustufyrirtækja á sjálfboðaliðum á málþingi Vinnumálastofnunar í gær.

„Nýjasta uppfinningin í þessari brotastarfsemi er erlent ungt fólk sem er fengið hingað til sjálfboðaliðastarfa í starfsþjálfun en er bara notað til undirboða á vinnumarkaði,“ sagði hann.

Að sögn Halldórs er þetta fólk látið vinna við efnahagslega starfsemi, framleiðslu á vöru og þjónustu á markaði þar sem kjarasamningar gildi en sé ekki boðið annað en fæði og húsnæði sem endurgjald.

„Engir ráðningarsamningar eru gerðir, engir launaseðlar og oft er vinnudagurinn mjög langur,“ sagði Halldór og gagnrýndi Samtök fyrirtækja í ferðaþjónustu. „Ég hef orðið fyrir vonbrigðum. Aðgerðaleysi þeirra er áberandi.“ kristjanabjorg@frettabladid.is






KRINGLAN.IS

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

PIPAR\TBWA • SÍA

# Flestir Íslendingar fá þann jólamat sem þeir kjósa sér helst af öllu

**NEYSLA** Tæplega áttatíu prósent Íslendinga borða það sem þeir vilja helst á aðfangadag samkvæmt nýrri könnun.

Samkvæmt niðurstöðunum, sem kynntar voru á Vorráðstefnu Viðskiptastofnunar Háskóla Íslands ræður hefð mun meira en verð um hvað verður fyrir valinu á aðfangadag. Tveir af hverjum þremur sögðu að hefðin réði en aðeins tæplega sex prósent að verð réði því hvað væri í matinn á jólunum.

Langvinsælasti rétturinn er hamborgarhryggur en fimmtíu prósent svarenda nefndu hann sem jólamatinn. Þá hugðust níutíu prósent þeirra sem voru með hamborgarhrygg í matinn hafa hann á ný næsta aðfangadagskvöld. Næstvinsælasti rétturinn er kalkúnn með tíu prósenta hlutdeild en 78 prósent hugðust hafa hann á ný um næstu jól. Í þriðja sæti var rjúpa með tæplega tíu prósenta hlutdeild og hugðust 87 prósent þeirra hafa rjúpu í matinn á ný næsta aðfangadagskvöld.

**»Hamborgarhryggur, kalkúnn og rjúpa eru efst á jólamatseðli Íslendinga**



Helmingur svarenda borðar hamborgarhrygg á aðfangadegi jóla.

Í ágripi könnunarinnar, sem Þórhallur Guðlaugsson, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, ritar segir að áhugavert sé hve mikil áhersla sé lögð á verð í auglýsingum fyrir jólin þegar hefðir ráði mestu um hvað sé í matinn á jólunum.

Könnunin fór fram í október og nóvember síðastliðnum og var heildarfjöldi svara 5.086 eftir að gölluðum svörum hafði verið eytt. – ih



Alda Hrönn greindi á skýran hátt frá birtingarmyndum vinnumansals á Íslandi á málþingi Vinnumálastofnunar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Mansal í heiminum og hagnýting fórnarlamba**

**90%** mansals eru hagnýtt í einkageiranum
**10%** mansals eru hagnýtt í ríkisgeiranum




**»Aukin eftirspurn eftir vinnuafli eykur hættu á vinnumansali á Íslandi.**

# Nýttir sem ólöglegt vinnuafl í uppvaski

Vöxtur í ferðaþjónustu, aukin eftirspurn eftir erlendu vinnuafli og fjöldi flóttamanna eykur hættu á vinnumansali á Íslandi. Hælisleitendur eru nýttir sem ólöglegt vinnuafl í uppvaski, segir Alda Hrönn Jóhannsdóttir, aðallögfræðingur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

**MANSAL** Alda Hrönn Jóhannsdóttir, aðallögfræðingur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir vísbendingar um að hælisleitendur séu nýttir sem ólöglegt vinnuafl, til að mynda í uppvaski á hótelum.

Alda talaði í gær á málþingi Vinnumálastofnunar um stöðu erlends vinnuafls á Íslandi.

Að sögn Öldu eykst hætta á vinnumansali með aukinni eftirspurn eftir erlendu starfsfólki, vexti í ferðaþjónustu og auknum fjölda flóttamanna. Hún gagnrýndi aðkomu ríkisins varðandi undirboð á vinnumarkaði og að ekki hefði verið innleidd tilskipun frá Evrópusambandinu um að hagnýting falli undir hegningarlög.

„Þetta er fólk í mjög viðkvæmri stöðu,“ sagði Alda. Þolendur mansals í heiminum væru 20,9 milljónir, þar af tíu prósent í ríkisgeiranum.

**Undirboð í ríkisrekstri**

„Þetta er nokkuð sem við þurfum að huga að, hvar við eigum að byrja að sporna gegn mansali. Til dæmis þegar ríkisfyrirtæki, stjórnvöld, stofnanir og bæjaryfirvöld eru að semja við þrifþjónustufyrirtæki. Þá er verið að undirbjóða það sem er búið að reikna að kosti að þrífa byggingar. Það er lítill kostnaður í þrifum annar en starfsfólkið, hver höldum við þá að sé að tapa?“ sagði Alda um útboð hjá ríkisfyrirtækjum um þrif í stórum stofnunum á borð við Landspítala.

Alda gagnrýndi einnig að hér á landi hefði enn ekki verið innleidd tilskipun Evrópusambandsins frá í apríl 2011 sem á að sporna við mansali og vernda fórnarlömbin.

„Ísland er eitt landa í Evrópu sem hefur ekki innleitt hana í sína löggjöf,“ sagði Alda. Vegna þess að Ísland hefði ekki innleitt tilskipunina væru nauðungarhjónabönd, betl, húsþrælar og skipulögð brotastarfsemi ekki skilgreind sem mansal.

Alda minnti á skilgreiningu á vinnumansali.

„Vinnumansal eru þær aðstæður þar sem einstaklingur hefur verið neyddur til að vinna með því að beita ofbeldi eða hótunum um ofbeldi eða öðrum aðferðum svo sem uppsöfnum skulda, sviptingu persónuskilríkja eða hótunum um tilkynningu til útlendingayfirvalda,“ sagði Alda.

Þá útskýrði hún hvernig uppsöfnun skulda er skipulögð í vinnumansali. Um sé að ræða nokkurs konar verndartolla. Samlandi bjóði gjarnan starf gegn greiðslu sem síðan þarf að endurgreiða. Oft hlaðist fleiri greiðslur ofan á.

**Til að íslensk lögregluyfirvöld geti sannað mansal, þá þarf einn þáttur í öllum neðangreindum flokkum að eiga við.**

- **Verknaðurinn:** Útvega, flytja, afhenda, hýsa eða taka við
- **Aðferðin:** Ólögmæt nauðung, frelsissvipting, blekkingar, ofbeldi.
- **Hagnýting:** kynferðisleg misnotkun, nauðungarvinna, brottnám líffæra.
- **Vantar í íslenska löggjöf:** Betl, húsþrælar, nauðungarhjónabönd og skipulögð brotastarfsemi *(Tilskipun 36/2011)*

**Tólf á sex fermetrum**

Viðkvæmir hópar eru helst útsettir fyrir vinnumansali.

„Við erum að sjá það töluvert mikið að það er ólöglegt vinnuafl í uppvaski á hótelum. Það eru ákveðnar vísbendingar um það til dæmis að það sé verið að nýta hælisleitendur sem eru ekki með atvinnuleyfi og þá í svartri vinnu,“ sagði hún.

Að sögn Öldu fær lögregla sífellt ábendingar um slæmar aðstæður verkafólks. „Jafnvel að í sex, sjö fermetrum sé tíu til tólf manns staflað í einhverjar kojur,“ sagði hún.

Vændi fylgir aukinni eftirspurn ferðamanna, útskýrði hún.

„Í dag er talið að tíu þúsund börn séu týnd í Evrópu. Hvar eru þessi börn?“ spurði Alda. „Þetta snýst um að bera kennsl á það sem við sjáum og trúa því.“ kristjanabjorg@frettabladid.is



# Velkomin á opnun kosningaskrifstofu á sumardaginn fyrsta.

**Hæðasmára 6, Kópavogi, frá kl. 14.00 til 17.00**

- Töframaður kl. 15.00
- Gréta Salóme kl. 16.30



Halla 2016

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

GLEÐILEGT SUMAR

# SUMAR TILBOÐ

## Opið í dag sumardaginn fyrsta

Skútuvogi, Grafarholti, Selfossi, Egilstöðum, Akureyri, Vestmannaeyjum og Ísafirði

**Sjá nánar á www.husa.is**

Túlipanar 10 stk. eða sumarblómvöndur
**999 kr**

Jarðarberjaplöntur, 3 stk.
**999 kr**

Kryddjurtir í stórum pottum
33% afsláttur
**1.199 kr**
~~1.790~~

SPRENGI VERÐ
Gildir á meðan birgðir endast

Sýpris hæð ca. 100 cm
**999 kr**
~~2.490~~

blómaval

## Tilboð á hjólum

AUTHOR

SUMARTILBOÐ
**36.900 kr**
~~39.900~~
AUTHOR TROPHY 26"
18 gíra Shimano skipting. V bremsur, þyngd 16,3 kg með fjöðrun
3901306

SUMARTILBOÐ
**38.900 kr**
~~43.900~~
AUTHOR MATRIX 24"
18 gíra Shimano. Álgjarðir og Tektro bremsur 855AL
3901305

SUMARTILBOÐ
**33.900 kr**
~~37.900~~
AUTHOR ENERGY 20"
Reiðhjól 20" með 6 gíra Shimano skipting.
3901310/11

SUMARTILBOÐ
**29.900 kr**
~~34.900~~
AUTHOR BELLO 16"
16" reiðhjól með Tektro bremsum. Hjálpardekk fylgja.
3901304

## Tilboð á grillum

Broil King OUTBACK weber

OUTBACK
SUMARTILBOÐ / SUMARTILBOÐ
**19.120 kr**
FULLT VERÐ: 23.900
**Gasgrill Outback**
2ja brennar með hliðaborði. Grillflötur 50x36 cm með tvískiptum brennara
3000225

Vagn fyrir Weber Q1200
weber **15.900 kr**
**39.990 kr**
**Gasgrill Q1200**
Meðfærilegt gasgrill, frábært heima eða í ferðalagið. Grillflötur: 32x42 cm, ryðfrír brennari 2,64 kW/h. Vagn seldur sér
3000376

Broil King
SUMARTILBOÐ / SUMARTILBOÐ
**49.990 kr**
FULLT VERÐ: 59.990
**Broil King Royal 320**
3 ryðfríir brennarar: 8,8 kW/h, grillgrind úr pottjárni. Grillflötur: 38x67 cm
3000604

Broil King
SUMARTILBOÐ / SUMARTILBOÐ
**59.900 kr**
FULLT VERÐ: 69.900
**Broil King Monarch 320**
8.8Kw- 3 Ryðfrír „Dual Tube" brennarar, grill grind úr pottjárni,
3000603

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana



Matvælastofnun sinnir umfangsmiklu matvælaeftirliti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Matvælastofnun lýtur nú 320 reglu- og lagabálkum

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun hvetur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið til að endurskoða lagaramma Matvælastofnunar og kanna hvort sameina eigi allt matvælaeftirlit á eina hendi.

Í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar ítrekar stofnunin ábendingu sína til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis sem snýr að endurskoðun lagaramma Matvælastofnunar og fyrirkomulagi matvælaeftirlits.

Fram kemur að starfsumhverfi Matvælastofnunar hefur tekið umtalsverðum breytingum frá því að henni var fyrst komið á fót og henni verið falin ýmis ný verkefni. Er svo komið að 20 mismunandi lög og yfir 300 reglugerðir taka til starfsemi hennar.

Að mati Ríkisendurskoðunar er aðkallandi að sett verði heildstæð löggjöf um hlutverk Matvælastofnunar enda sé skýr og gagnsæ löggjöf matvælaeftirlits til hagsbóta fyrir bæði almenning og eftirlitsskylda aðila.

„Þá hefur enn ekki verið kannað hvort ávinningur væri í því fólginn að fela sama aðila þau verkefni sem lúta að matvælaeftirliti og eru nú annars vegar á verksviði sveitarfélaganna og hins vegar á verksviði Matvælastofnunar,“ segir í frétt Ríkisendurskoðunar. – **shá**


**Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar**

**Aðalfundur**

Aðalfundur Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar verður haldinn **mánudaginn 2. maí 2016 kl. 14** í húsnæði Starfsendurhæfingarinnar að Flatahrauni 3, efri hæð.

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál

Stjórnin



**Dýraríkið er til sölu**



Stærsta, skemmtilegasta og elsta gæludýraverslun landsins.

Glæsileg verslun með gæludýr og gæludýravörur.
Mörg góð umboð og möguleikar á að gera betur.
Spennandi verkefni fyrir dýraáhugafólk.

Áhugasamir hafi samband við Guðna Halldórsson; gudni@kontakt.is. Sími 4141200

**Viðskiptatækifæri á www.kontakt.is**

KONTAKT
Fyrirtækjaráðgjöf
Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200
globalM&A Iceland

Haukur 04.16


## Sendiherrann sækir Stoltenberg heim



Alexander Grushko, sendiherra Rússa gagnvart NATO, fundaði með Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóra NATO, í gær. Slíkt samtal hefur ekki átt sér stað síðan styrjöldin í Úkraínu hófst 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Kaupfélag Skagfirðinga eflir sig í höfuðborginni

**Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemdir við samruna fyrirtækja í kjötiðnaði því ekki myndist markaðsráðandi staða. Kaupfélag Skagfirðinga hefur keypt Gallerí Kjöt og Esju kjötvinnslu og sameinar fyrirtækin í húsnæði við Bitruháls.**

**VIÐSKIPTI** Kaupfélag Skagfirðinga (KS) vinnur nú að því að festa kaup á Bitruhálsi 2, iðnaðarhúsnæði í Reykjavík sem áður hýsti Osta- og smjörsöluna. Til stendur að sameina Esju kjötvinnslu Kjötbankanum og Gallerí Kjöti í húsnæðinu en fyrirtækin eru nú öll í eigu kaupfélagsins.

„Við áttum Kjötbankann í Hafnarfirði sem var í allt of litlu húsnæði þannig að við vorum að leita okkur að stærra húsnæði fyrir matvæladreifingu okkar,“ segir Ágúst Andrésson, forstöðumaður Kjötafurðastöðvar KS. „Þá dettum við niður á að kaupa þetta hús. Við gerðum um það samning fyrir svolitlu síðan en þarna var fyrir Kjötvinnslan Esja. Svo þróaðist það þannig að við eina af hluthöfunum þar var með sinn hlut í sölu ferli. Okkur var boðið þetta fyrirtæki og við keyptum það,“ segir Ágúst.



Esja kjötvinnsla er á Bitruhálsi 2. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Markmið kaupfélagsins er að efla markaðshlut sinn í kjötframleiðslu með þessum hætti. Kaupfélag Skagfirðinga á fyrir stóran hlut í sláturhúsinu á Hellu, sláturhúsið á Sauðárkróki og helminginn í sláturhúsinu á Hvammstanga. Ágúst segir að í kjötafurðastöðinni í Reykjavík verði unnið með lamb, naut og svín, meðal annars frá Stjörnugrís og Ali.

„Við ætlum að vera samkeppnisfærir og öflugir í matvælaframleiðslu á Íslandi og sölu og dreifingu á matvælum. Við erum með afkomu frá þremur afurðastöðvum. Tilgangurinn er að koma okkur vel fyrir á aðalmarkaðnum á höfuðborgarsvæðinu með aðstöðu til ákveðinnar framleiðslu, úrvinnslu á afurðum okkar og sölu og dreifingar.“

Samkvæmt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá því í mars síðastliðnum stendur ekkert í vegi fyrir samruna KS sölu, sem er dótturfélag Kaupfélags Skagfirðinga í 100 prósent eigu þess, Esju Gæðafæðis og Gallerís Kjöts. Sameiginleg markaðshlutdeild fyrirtækjanna árið 2015 hafi verið undir þrjátíu prósentum í kinda- og nautakjöti, undir 20 prósentum í hrossakjöti og undir fimm prósentum í svínakjöti á innanlandsmarkaði. Það gefi ekki til kynna að markaðsráðandi staða sé að myndast.

Kaupverð á húsnæðinu eða fyrirtækjunum fékkst ekki upplýst hjá Kaupfélagi Skagfirðinga.

**snæros@frettabladid.is**


ATH. GILDIR AÐEINS Í DAG SUMARDAGINN FYRSTA!
Gleðilegt sumar!
NÚ VERÐ FRÁ:
19.990
ÖLL TRAMPÓLÍN
20%
AFSLÁTTUR
20%
AFSLÁTTUR AF VÖLDU GARNI FRÁ TINNU
NÚ VERÐ FRÁ:
447
OLIVER SKRIFBORÐSSTÓLL
SPARIÐ
10.000
FULLT VERÐ: 29.950
19.950
ALLIR GARÐÁLFAR
20%
AFSLÁTTUR
ALLIR SÓLARLAMPAR
20%
AFSLÁTTUR
ÖLL LEIKFÖNG
20-40%
AFSLÁTTUR
ALLIR BLÓMAPOTTAR
20%
AFSLÁTTUR
FROZEN OG MINIONS SKÓR
20%
AFSLÁTTUR
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
GILDIR AÐEINS 21.04 2016
FULLT VERÐ: 3.995
3.195
FROZEN OG MINIONS
Flottir sportskór fyrir káta krakka. St. 24-32.
Vnr. RL-FROZEN, RL-MINIONS

## Suðrænir gestir sestir upp

**NÁTTÚRA** Niðurstöður úr marsralli Hafrannsóknastofnunar sýna að ýmsar suðlægar tegundir hafa fest sig í sessi við landið – þeirra á meðal svartgóma og litla brosma.

Upp úr aldamótum fór magn ýmissa suðlægra tegunda í marsralli vaxandi við sunnanvert landið, m.a. silfurkóðs og fyrrnefndra tegunda. Af þeim fengust aðeins stakir fiskar fyrstu 15 árin en árin 2010 til 2014 var fjöldinn talinn í hundruðum.

Allt tengist þetta hlýnun síðustu ára og áratuga. Hitastig sjávar við botn mældist að meðaltali hátt líkt og undanfarin ár. Í hlýsjónum við sunnan- og suðvestanvert landið var botnhiti þó í lægri kantinum miðað við árin 2003 og 2014. Við Vestfirði var hitastig lítið eitt hærra en árin 2014 og 2015, en lægra en fjögur ár þar á undan. Við norðan- og norðaustanvert landið var botnhiti nálægt meðaltali hlýju áranna frá 1996. **– shá**



**Makríll er einn fastagesta eftir hlýnun sjávar við landið.**

### ÁRÉTTING

*Vegna umfjöllunar um eftirlaunasjóð Júlíusar Vífils Ingvarssonar, fyrrverandi borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, í blaði gærdagsins skal áréttað að í svörum Seðlabanka Íslands við fyrirspurn blaðsins var fjallað almennt um lög og reglur um gjaldeyrismál en ekki um einstök mál.*

# Meðferð Breiviks niðurlægjandi

**Norskur dómstóll segir fjöldamorðingjann Anders Behring Breivik að nokkru hafa sætt niðurlægjandi meðferð. Fangelsismálayfirvöld verði að bæta úr. Ekki hefur verið brotið á rétti til verndar einkalífs Breiviks.**

**NOREGUR** Dómstóll í Noregi komst í gær að þeirri niðurstöðu að norska ríkið hefði brotið á réttindum fjöldamorðingjans og hryðjuverkamannsins Anders Behring Breivik.

Dómurinn tók þó aðeins að hluta undir kröfur lögmanna Breiviks. Tekið var undir það að Breivik hefði í fangelsinu mátt sæta „ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu“ í skilningi mannréttindasáttmála.

Á hinn bóginn fellst dómstóllinn ekki á að brotið hafi verið gegn rétti Breiviks til verndar einkalífs og fjölskyldulífs, heimilis og bréfaskrifta.

„Breivik er hættulegur maður sem að öllum líkindum mun verja því sem eftir er ævi sinnar í fangelsi. Full ástæða er til að hindra að hann nái sambandi við skoðanabræður sína til að koma í veg fyrir að hann hrífi aðra með sér,“ segir í úrskurði dómstólsins.

„Hagsmunir Breiviks af að koma sér upp samskiptaneti verða að víkja fyrir hagsmunum af að koma í veg fyrir að róttækni hægriöfga eflist,“ segir í dómnum.

Ekki sé að sjá að af honum stafi mikil hætta innan veggja fangelsisins. Þar sem hann hafi jafnan hagað sér vel í fangelsinu og sé undir ströngu öryggiseftirliti eigi ekki að íþyngja honum enn frekar með ráðstöfunum sem talist geti niðurlægjandi.

Dómstóllinn segir brotin felast meðal annars í því hve lengi hann hafi verið í einangrun, hve fáa möguleika hann hafi á því að leggja fram umkvartanir og að ekki hafi verið tekið nægilegt tillit til andlegrar heilsu hans.

Breivik kvartaði einnig undan því að hafa þurft að sæta líkamsleit allt of oft. Á tímabili hafi hann jafnan þurft að afklæðast eftir að hann kom inn úr fangelsisgarði.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að í ljósi þess, hve strangt eftirlit er haft með Breivik að öðru leyti, geti þetta ekki talist annað en niðurlægjandi meðferð í skilningi mannréttindasáttmála.

„Breivik er sérstakur einstaklingur og fangelsismálastofnun þarf að taka mið af því að hann er sá sem hann er,“ segir enn fremur í dómnum.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**Anders Behring Breivik í réttarsal í síðasta mánuði, þegar hlýtt var á málflutning.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

### Morðin og dómurinn

Breivik myrti 77 manns hinn 22. júlí árið 2011. Átta þeirra létu lífið í Ósló, en þar hafði Breivik komið sprengju fyrir í bifreið við háhýsi þar sem skrifstofur Jens Stoltenberg forsætisráðherra voru til húsa. Eftir þetta hélt Breivik til Úteyjar, þar sem ungmennahreyfing norska Verkamannaflokksins var með útilegu. Þar myrti Breivik 69 manns, flesta á unglingsaldri.

Breivik var handtekinn sama dag og rúmu ári síðar var hann dæmdur til fangelsisvistar til 21 árs, en hægt verður að framlengja það um fimm ár í senn þyki ástæða til.

**77**

**manns féllu fyrir ískaldri morðingjahendi Anders Behring Breivik þann 22. júlí 2012.**


SIMPLY CLEVER

ŠKODA




**ŠKODA Rapid** kemur skemmtilega á óvart, bæði í akstri og viðmóti. Hreinar línur, nýtt aflmikið yfirbragð og tímalaus fágun gera Rapid að frábærum kosti. Komdu í reynsluakstur og snertu á framtíðinni.

Verð frá aðeins
**2.940.000 kr.**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**www.skoda.is**



Þó við trúum ekki á að það rigni í allt sumar, þá eru **LÁRA & LÁRUS** úr mjúku og lipru efni með límdum saumum. Skjólgóð, stílhrein og falleg flík sem heldur þér þurri/þurrum þrátt fyrir lárétta rigningu.

**SUMARTILBOÐ : VERÐ ÁÐUR 17.990, VERÐ NÚ 14.990 (GILDIR 21. - 24. APRÍL)**

Verslanir okkar í Kringlunni og Smáralind eru opnar í dag frá 13:00 - 18:00 og verslunin í Bankastræti er opin frá 09:00 - 22:00

CINTAMANI

WWW.CINTAMANI.IS

BANKASTRÆTI 7 | AUSTURHRAUN 3 | SMÁRALIND | KRINGLAN

# Hvað gera stjórnvöld í loftslagsmálum?

**Sigrún Magnúsdóttir umhverfisráðherra undirritar Parísarsamkomulagið fyrir hönd Íslands á morgun ásamt fulltrúum rúmlega 150 landa. Á sama tíma virðist ekkert haldbært í hendi um hvernig ná skuli metnaðarfullum markmiðum sem Ísland hefur undirgengist.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is





Markmið Íslands í orði eru metnaðarfull en á borði er ekkert áþreifanlegt um aðgerðir til að ná þeim. NORDICPHOTOS/AFP

Fulltrúar rúmlega 150 þjóða munu undirrita loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna við hátíðlega athöfn í New York á morgun. Þeirra á meðal er Sigrún Magnúsdóttir umhverfisráðherra, sem undirritar samninginn fyrir hönd Íslands. Á sama tíma er engin heildstæð áætlun til um það hvernig Íslendingar ætla að standa undir þeirri skuldbindingu sem í samkomulaginu felst eða hvenær samningurinn verður fullgiltur af Alþingi.

**Stórt skref**

Engum dylst að þjóðir heims stigu stórt skref í París í desember þar sem skrifað var undir loftslagssamning um minnkun gróðurhúsalofttegunda svo halda megi hlýnun lofthjúpsins innan við tvær gráður.

Þó að undirritunin í dag sé gleðiefni og söguleg að því leyti að aldrei hafa fleiri lönd undirritað alþjóðasamning á sama tíma áður, þá verður Parísarsamkomulagið ekki skuldbindandi samkvæmt alþjóðalögum fyrr en ekki færri en 55 ríki sem losa 55% af heimslosun gróðurhúsalofttegunda hafa fullgilt það.

Frakkar, og François Hollande, forseti Frakklands, ekki síst, hafa einsett sér að ná því takmarki áður en þeir skila af sér formennsku loftslagsnefndarinnar í nóvember þegar Marokkó tekur við keflinu.

**Getum fullgilt samninginn strax**

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, bendir á að þetta sé metnaðarfullt markmið en alls ekki útilokað að ná því. Mest er um vert að stjórnvöld í Bandaríkjunum og Kína hafa sterklega gefið það í skyn að ríkin muni fullgilda Parísarsamkomulagið á þessu ári – og er þá mikið unnið.

Hið sama gildir um tugi ríkja í Afríku, Suður-Ameríku og Asíu, auk þess sem lítil eyríki munu tilkynna um fullgildingu við undirritun á morgun.

> **Það sem vantar er kjöt á beinin – áætlanir og raunhæfar aðgerðir sem samrýmast yfirlýsingum okkar.**
>
> Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands



„Parísarsamkomulagið frá desember virðist hafa leyst úr læðingi mjög jákvæða krafta innan Sameinuðu þjóðanna. Árangurinn í París var ótvíræður. Þess er hins vegar ekki að vænta að Evrópusambandið fullgildi samkomulagið á þessu ári eða jafnvel ekki því næsta. Þar er um að kenna skussum meðal ríkja Austur-Evrópu sem munu tefja ferlið innan ESB,“ segir Árni en bendir á að Ísland fylgi einmitt ESB að málum í gegnum loftslagsstefnu sambandsins.

„En ekkert hindrar Ísland í að fullgilda samninginn strax í vor og verða á meðal fyrstu ríkjanna sem það gera. Að því ætti ríkisstjórn Sigurðar Inga skilyrðislaust að stefna,“ segir Árni.

**Stefnuleysið algjört?**

Undirritun felur vissulega í sér stefnumörkun en áður en stjórnvöld geta leyft sér að hnykla vöðvana að einhverju marki þarf Alþingi að samþykkja þingsályktunartillögu um fullgildingu samkomulagsins. Þá þingsályktunartillögu skal utanríkisráðherra leggja fram, en Lilja Alfreðsdóttir hefur ekki minnst á loftslagsmál þegar hún hefur verið innt eftir því hvaða mál hún setji í forgang á þeim mánuðum sem hún hefur til góðra verka.

Árni tekur undir þetta en segir það hálfu verra að hvergi sé að sjá heildstæða stefnu Íslands í loftslagsmálum „heldur dundar hver ráðherra í sínu horni. Þannig er unnið að orkuskiptum í samgöngum á vegum iðnaðarráðherra en það starf virðist á engan hátt samhæft við sameiginlegt markmið ríkisstjórnarinnar, svo dæmi sé tekið. Umhverfisráðherrar hafa hver á fætur öðrum lagt fyrir ríkisstjórn stefnumið og aðgerðaáætlanir sem hafa verið samþykktar eftir þó nokkurt japl, jaml og fuður en umhverfisráðuneytið hefur ekki verið í stöðu til að fylgja þeim áætlunum eftir,“ segir Árni.

**Áætlun eða orðin tóm**

Á síðustu dögum hefur umhverfisráðuneytið skrifað undir „samkomulag um gerð vegvísis um minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði“, og sett af stað verkefni um endurheimt votlendis í samræmi við sóknaráætlun í loftslagsmálum.

Spurður um sóknaráætlunina segir Árni að sóknaráætlun ríkisstjórnarinnar, sem kynnt var nokkrum dögum fyrir Parísarfundinn, beri þess öll merki að hafa verið klambrað saman á örfáum dögum enda fátt bitastætt þar að finna innan um óljós loforð um skýrsluskrif og rannsóknir.

„Það sem vantar er kjöt á beinin – áætlanir og raunhæfar aðgerðir sem samrýmast yfirlýsingum okkar um að uppfylla þau markmið sem í Parísarsamkomulaginu felast,“ segir Árni Finnsson.

### Verkefni sóknaráætlunar til að draga úr nettólosun á Íslandi

- Orkuskipti í samgöngum: Aðgerðaáætlun til næstu ára vegna orkuskipta, jafnt á landi sem á hafi, verður lögð fram á Alþingi sem tillaga til þingsályktunar á vorþingi 2016.
- Rafbílar – efling innviða á landsvísu: Átak verður gert til að efla innviði fyrir rafbíla á landsvísu á komandi árum.
- Vegvísir íslensks sjávarútvegs um samdrátt í losun: Vegvísirinn verður unninn á vegum Hafsins – Öndvegisseturs um sjálfbæra nýtingu og verndun hafsins.
- Loftslagsvænni landbúnaður: Unninn verður vegvísir um minnkun losunar í landbúnaði með samvinnu stjórnvalda og Bændasamtaka Íslands.
- Efling skógræktar og landgræðslu: Sett verður aukið fjármagn til skógræktar og landgræðslu.
- Endurheimt votlendis: Sett verður á fót verkefni um endurheimt votlendis.
- Kolefnisjöfnun í ríkisrekstri: Styrkt verða verkefni sem miða að kolefnisjöfnun í ríkisrekstri.
- Átak gegn matarsóun.
- Landsmarkmið Íslands: að taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um 40% minnkun losunar til 2030 miðað við 1990.






Nýr og tilkomumikill Audi Q7 quattro® er einstakur hvað varðar akstursegiginleika og upplýsingakerfi ásamt því að vera í fremstu röð þegar kemur að aðstoðarkerfum fyrir ökumann.

**Verð frá kr. 10.990.000**

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · www.audi.is

# Elísabet Englandsdrottning níræð og barnabarnabarnið á frímerki

**BRETLAND** Elísabet II Englandsdrottning fagnar níutíu ára afmæli sínu í dag. Ár hvert heldur hún upp á tvö afmæli, annars vegar fæðingardag sinn, 21. apríl, og svo daginn sem hún var krýnd drottning, 2. júní.

Hátíðarhöldin hófust í gær með opnun sýningar Konunglegu póstþjónustunnar í Windsor-kastala.

Í dag fer Elísabet svo í göngutúr um landareign Windsor-kastala ásamt eiginmanni sínum, Filippusi prins. Á göngunni verður minnisvarði um gönguleið drottningarinnar afhjúpaður. Leiðin er 6,3 kílómetrar og tengir saman 63 áhugaverða staði í Windsor.

Elísabet er sá þjóðhöfðingi sem hefur setið lengst á krúnunni í sögunni. Hún var krýnd drottning 2. júní 1952. Þann 9. september síðastliðinn hafði hún setið lengur en Viktoría drottning, langamma hennar. Tólf menn hafa verið forsetar Bandaríkjanna í valdatíð hennar.

Elísabet giftist Filippusi prins 1947. Þau eru fjórmenningar. Hún eignaðist fyrsta barn sitt, Karl Bretaprins, árið 1948. Hann er því orðinn sá erfðaprins sem hefur beðið hvað lengst eftir því að verða konungur.

Hátíðarhöldin halda áfram í kvöld Þá kveikir drottningin ljós í vita og kveikt verður á um 900 vitum í Bretlandi og víðs vegar um heiminn til að fagna afmælinu. Á morgun munu Barack Obama Bandaríkjaforseti og Michelle, kona hans, borða hádegismat með Elísabetu í Windsor-kastala.

Í tilefni afmælisins verða gefin út tíu ný frímerki. Georg prins, sonur Vilhjálms hertoga og Katrínar hertogaynju, og sá þriðji í röðinni til að erfa krúnuna, er í fyrsta sinn á frímerki. Georg er á frímerkinu ásamt langömmu sinni drottningunni, afa sínum Karli prins og svo pabba Vilhjálmi. Georg stóð á kubbi til að vera nokkurn veginn á hæð við pabba, afa og langömmu.

Langlífi er í fjölskyldunni. Móðir Elísabetar, Elísabet drottningamóðir, lést 2002 á 102. aldursári. Ef til vill nær Elísabet að fagna hundrað ára afmæli sínu í hásæti.

**saeunn@frettabladid.is**



**Ein myndanna sem verður á hátíðarfrímerkjunum sýnir erfðaröðina að bresku krúnunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Hillary Clinton á fundi með stuðningsmönnum sínum að kvöldi forkosningadags í New York, þar sem hún sigraði með yfirburðum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




# Hillir undir sigur hjá Clinton og Trump

**Bernie Sanders fékk verri útreið í New York en fyrirfram var talið og þykir nú vart eiga möguleika lengur gegn Clinton. Donald Trump þykir sömuleiðis orðinn nokkuð öruggur með útnefningu. Forkosningum flokkanna tveggja lýkur þó ekki fyrr en 7. júní.**

**BANDARÍKIN** Hillary Clinton og Donald Trump virðast nú nokkuð örugg orðin með útnefningu eftir úrslit forkosninganna í New York á þriðjudag.

Donald Trump ber nú höfuð og herðar yfir aðra repúblikana og Sanders þyrfti að takast hið ómögulega ef hann ætti að komast fram úr Clinton úr því sem komið er.

„Kapphlaupið um útnefningu er komið á lokasprettinn og sigur er í sjónmáli,“ sagði Clinton á fundi með stuðningsmönnum sínum.

Hún sagði líka við stuðningsmenn Sanders að miklu meira sameini þau en sundraði.

Sanders ætlar að hugsa sig eitthvað um, í ljósi niðurstöðunnar frá New York, áður en hann tekur ákvörðun um hvort hann ætli að halda áfram baráttu sinni. Sigur er vart í sjónmáli lengur en hann hefur ítrekað sagt að hann sé ekki bara að berjast fyrir því að verða forseti heldur til að koma málstað sínum á framfæri, um að bylting þurfi að verða í bandarískum stjórnmálum.

> Kapphlaupið um útnefningu er komið á lokasprettinn.
>
> Hillary Clinton

Samkvæmt nýrri skoðanakönnun, sem CNN birti í gær, hefur bilið á milli Clinton og Sanders minnkað. Hún mælist þar með 50 prósenta fylgi en hann með 48 prósent.

Enn eiga þó eftir að líða þó nokkrar vikur áður en forkosningunum lýkur, og strangt til tekið er enginn enn búinn að tryggja sér meirihluta á landsþingum flokkanna í júlí.

Síðasti forkosningadagurinn er 7. júní og þar ganga kjósendur í hinu fjölmenna ríki Kaliforníu til atkvæða. Ekki er víst að niðurstaðan ráðist fyrr en þá, og jafnvel mögulegt að enginn hafi tryggt sér öruggan sigur á landsþingi.

Skoðanakannanir benda til þess að Clinton myndi sigra Trump í forsetakosningunum, verði þau forsetaefni flokka sinna. Samkvæmt samantekt RealClearPolitics.com á könnunum síðustu vikurnar er Clinton spáð 48,8 prósenta fylgi en Trump 39,5 prósentum.

Trump sló hins vegar að nokkru nýjan tón í sigurræðu sinni eftir forkosningarnar í New York. Aldrei þessu vant þótti hann frekar hófsamur í tali, og andstæðingum hans þykir það ekki góðs viti.

**gudsteinn@frettabladid.is**

# Greiði ávallt markaðsverð fyrir nýtingu auðlinda

**ORKUMÁL** Ísland þarf að breyta lögum til að tryggja að fyrirtæki sem nýta náttúruauðlindir í almannaeigu til raforkuframleiðslu greiði ávallt markaðsverð fyrir. Þetta er niðurstaða ákvörðunar sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) kynnti í gær.

ESA segir íslensk stjórnvöld hafa margoft veitt fyrirtækjum aðgang að náttúruauðlindum til að framleiða raforku úr vatnsafli eða jarðvarma, án þess að íslensk löggjöf sé til um efni slíkra samninga. Hvorki er því lagaskylda til að fara fram á greiðslu markaðsverðs né opinber mælikvarði um ákvörðun endurgjalds.

„Til að tryggja megi sanngjarna og virka samkeppni á íslenska raforkumarkaðnum þurfa orkufyrirtæki að greiða markaðsverð fyrir nýtingu náttúruauðlinda. […] til að ganga úr skugga um að aðilar njóti jafnræðis þurfa íslensk stjórnvöld auk þess að hafa skýra aðferðafræði um hvernig markaðsverð náttúruauðlinda verður ákvarðað,“ segir Sven Erik Svedman, forseti ESA.

ESA leggur til að sett verði lög á Íslandi til að tryggja að öll tilfærsla náttúruauðlinda vegna raforkuframleiðslu verði á markaðsforsendum. Slík kvöð yrði bindandi fyrir bæði ríki og sveitarstjórnir. Íslensk stjórnvöld þurfi líka að endurskoða alla gildandi samninga um nýtingu náttúruauðlinda til að tryggja að orkufyrirtæki greiði markaðsverð út samningstíma.

Ef íslensk stjórnvöld tilkynna ekki innan eins mánaðar að þau samþykki tillögurnar getur ESA hafið formlega rannsókn á málinu.



**Orkufyrirtæki skulu greiða fullt verð fyrir að nýta auðlindir þjóðarinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hvað niðurstaða ESA þýðir fyrir íslensk orkufyrirtæki er mjög óljóst. Frá Orkuveitu Reykjavíkur fást þau svör að Orka náttúrunnar, dótturfyrirtæki OR, framleiði mestalla sína raforku úr auðlindum á jörðum sem eru í eigu OR. Þetta eru Nesjavellir og Kolviðarhóll (og jarðarskikar á Hellisheiði). Nesjavellir voru keyptir til jarðhitanýtingar 1965 og Kolviðarhóll 1955.

Í fljótu bragði virðist þetta ekki hafa mikil áhrif á rekstur ON en fyrirtækið hafi alla tíð reiknað með að greiða ríkinu fyrir afnot af gufu úr þeim skika á Hellisheiði sem virkjunin nýtir þar og er innan þjóðlendu. **– shá**


BMW EFFICIENTDYNAMICS.
LESS EMISSIONS. MORE DRIVING PLEASURE.
BMW X5 PHEV
www.bmw.is
Hrein akstursánægja
BMW
a service from BMW i.
NÝR OG SPARNEYTINN
BMW X5 PLUG-IN HYBRID.
BMW X5 xDrive40e / VERÐ: 10.790.000 KR.
Nýi BMW X5 xDrive40e PLUG-IN HYBRID tengirafbíllinn sameinar nýjustu rafbílatækni og það besta sem völ er á í hefðbundinni vélartækni. Rafmótorinn er innbyggður í 8 þrepa sjálfskiptinguna sem tryggir fullkomna virkni xDrive fjórhjóladrifsins hvort sem bíllinn er í rafstillingu eingöngu eða knúinn bensínvél. Nýr BMW X5 xDrive40e skipar sér í hóp sparneytnustu jeppa í sínum stærðarflokki með eldsneytisnotkun upp á einungis 3,3 l/100 km* í blönduðum akstri. Samanlagt skila rafmótorinn og bensínvélin 313 hestöflum.
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á MORGUN.
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L
*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
ENNEMM / SÍA / NM74927


SUMARHÁTÍÐ DORMA
HOLTAGÖRÐUM KL. 12[00]–18[00]
FABRIKKUBÍLLINN
Á MILLI KL. 12 OG 14 VERÐA FABRIKKUSMÁBORGARAR OG COKE Í BOÐI FYRIR UTAN INNGANGINN Í DORMA
ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN
FABRIKKUBÍLLINN
Coca-Cola
Tampa tungusófi
Grátt, slitsterkt áklæði - hægri og vinstri tunga.
SUMAR HÁTÍÐ 89.925 KR.
FULLT VERÐ 119.900KR.
DORMA
COMFORT heilsurúm
Nature's Bedding
Verðdæmi miðað við NATURES COMFORT með classic botni 180 x 200 cm.
Fáanlegt í öllum stærðum.
Einnig fáanlegar margar aðrar gerðir af heilsurúmum og dýnum.
SUMAR HÁTÍÐ 123.675 KR.
FULLT VERÐ 164.900KR.
DORMA
CARAT RÚMSTÆÐI
Botn, lappir og gafl
Verðdæmi miðað við 180x200 cm rúmstæði.
Passar fyrir 180 x 200 heilsudýnu eða 2 x 90 x 200 stillanlegt heilsurúm.
Aukahlutur á mynd náttborð.
SUMAR HÁTÍÐ 67.425 KR.
FULLT VERÐ 89.900 KR.
DORMA
EASY hægindastóll
SUMAR HÁTÍÐ 67.425 KR.
FULLT VERÐ 89.900 KR.
DORMA
RUBEN svefnsófi
Með rúmfatageymslu í tungu. Grátt, slitsterkt áklæði. Hægri og vinstri tunga. Svefnsvæði: 140 x 195 cm.
SUMAR HÁTÍÐ 104.925 KR.
FULLT VERÐ 139.900 KR.
DORMA
DÚNSÆNG Stóri björn
50% dúnn, 50% smáfiður
SUMAR HÁTÍÐ 14.993 KR.
FULLT VERÐ 19.900 KR.
DORMA
Sængurföt Mistral Home
SUMAR HÁTÍÐ 6.743 KR.
FULLT VERÐ 8.990 KR.
DORMA
HANDKLÆÐI 100% bómull
Lúxusbómull, 500 gsm
SUMAR HÁTÍÐ Verðdæmi 1.121 KR.
70 x 140 cm Fullt verð 1.495
DORMA
Holtagörðum
512 6800
www.dorma.is
SUMARDAGURINN FYRSTI
Fimmtudagurinn 21. apríl
OPIÐ HOLTAGÖRÐUM
12[00] til 18[00]


Gleðilegt
SUMAR
25% afsláttur af öllum vörum
BARA Í DAG 21. APRÍL
SUMARDAGINN FYRSTA
OPIÐ 12.00-18.00
DORMA
Láttu drauminn rætast
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl og gilda á sumardaginn fyrsta á meðan birgðir endast.
DORMA
Láttu drauminn rætast

## Neita þátttöku í verðkönnun ASÍ

Um helmingur dekkjaverkstæða neitaði þátttöku í könnun verðlagseftirlits ASÍ þegar gerð var tilraun til að kanna verð á dekkjaskiptum nú í byrjun apríl.

Á heimasíðu ASÍ segir að vísbendingar séu um að samráð hafi verið um að vísa fulltrúum verðlagseftirlitsins frá og neita þannig að upplýsa neytendur um verð á þjónustu sinni.

Bent er á að reynslan af verðkönnunum hjá dekkjaverkstæðum á undanförnum árum sýni að jafnaði mikinn verðmun á milli þjónustuaðila og full ástæða fyrir neytendur að bera saman verð.

„Að fyrirtæki velji að neita fulltrúum neytenda um að safna og birta þessar upplýsingar veldur verulegum vonbrigðum og vekur eðlilega spurningar um hvað slík fyrirtæki hafi að fela. Þá vakti athygli að á nokkrum hjólbarðaverkstæðum bar á hreinum og klárum dónaskap í garð verðtökufólks,“ segir í frétt á heimasíðunni.

Betra grip, N1, Dekkjahöllin, Gúmmívinnustofan, Bílkó, Dekkjahúsið, Bifreiðaverkstæði SB, Klettur, Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs, Barðinn, Sólning, Nesdekk Grjóthálsi, KvikkFix og Hjólbarðaverkstæði Kaldasels neituðu um aðgang að verði. – ibs

App
hotels.com

## Kostakjör við höndina

Smáforrit Hotels.com er hentug leið til þess að finna og bóka gistingu, heima og erlendis. Í boði eru sértilboð, nákvæm lýsing á þeim kostum sem eru í boði og umsagnir notenda.

Uppfletting á gistingu í boði á Suðurlandi sýnir þó að ekki er um tæmandi yfirlit að ræða yfir gistingu á svæðinu. Þá hefur heyrst af því að appið hafi komið að góðum notum hjá fólki á ferðalagi í Asíu, sem þegar á staðinn var komið gat fundið, með hjálp forritsins, næturdvöl á fimm stjörnu hóteli á gjafverði.

Appið er hægt að fá fyrir margvísleg snjalltæki og síma, hvort heldur tækin keyra á stýrikerfum frá Windows, Android eða Apple.

**UMSAGNIR NOTENDA** í smáforritaverslun Android, Google Play, eru mestanpart jákvæðar, en þar fær appið 4,5 stjörnur af 5 mögulegum. Í útgáfunni fyrir Windows-síma truflar helst að notendur þurfa að skrá sig inn í hvert sinn sem appið er ræst til þess að fá yfirlit yfir pantanasögu og síðustu aðgerðir.




Öryggið verður litið ef hjálmarnir sitja ekki rétt á höfðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Lítil vörn í reiðhjólahjálmum sem sitja ekki rétt á höfðinu

**Enn eru margir á hjóli með hjálmana rangt stillta. Getur verið lífshættulegt, segir Herdís Storgaard, forstöðumaður Miðstöðvar slysavarna barna. Nota á buff eða lambhúshettu undir reiðhjólahjálm en ekki húfu.**

Þótt fræðsla um nauðsynlegan búnað til að hjólreiðar verði sem öruggastar og ánægjulegastar hafi stórbatnað á undanförnum árum hjóla enn margir með hjálmana rangt stillta. Það getur verið lífshættulegt, að því er Herdís Storgaard, hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður Miðstöðvar slysavarna barna, greinir frá.

Hún segir öryggið verða lítið sitji reiðhjólahjálmur ekki rétt á höfðinu. Hún sjái oft marga með reiðhjólahjálma rúllandi aftan á höfðinu. „Af öllum hjálmum er erfiðast að láta reiðhjólahjálma sitja rétt. Þeir eru grunnir og þess vegna skiptir öllu máli að þeir séu rétt stilltir. Þeir eru hannaðir til að hlífa höfðinu fyrir þremur höggum, það er ef ekið er á mann og maður kastast upp á framrúðu eða vélarhlíf bíls. Á meðan bíllinn er enn að hemla getur maður síðan lent á afturhluta hans og þar á eftir í götuna. Hjálmurinn má þess vegna ekki losna af höfðinu.“

Að sögn Herdísar fullyrti bandarískur prófessor, sem var einn af baráttumönnum fyrir notkun reiðhjólahjálma, að flestallar niðurstöður rannsókna á notkun hjálma væru rangar þar sem forsendurnar fyrir rannsóknunum væru rangar. „Fólk segist hafa slasast þótt það hafi verið hjálm. Í raun ætti sérfræðingur til dæmis að spyrja þegar það kemur á slysadeildina hvernig hjálmurinn hafi verið stilltur og hvernig hann hafi setið á höfðinu.“

Nauðsynlegt er að taka mál af höfðinu þegar kaupa á reiðhjólahjálm. „Málbandið á að vera rétt fyrir ofan augabrúnir. Þar er breiðasti hluti höfuðsins. Ummálið á að vera í samræmi við þá stærð reiðhjólahjálmsins sem gefin er upp,“ tekur Herdís fram.

Setja á hjálminn beint ofan á höfuðið. „Böndin eiga að mætast í beinni línu fyrir neðan kjálkaliðinn. Sé bandið aftarlega getur börnum fundist sem þau séu að kyrkjast. Þau toga þá í bandið og við það getur hjálmurinn færst til.“

Ekki á að vera með spennu eða tagl í hárinu undir hjálminum. Húfu á heldur ekki að nota undir reiðhjólahjálmi. „Húfa er ekki skorðuð á höfðinu. Hún getur færst til og hjálmurinn þá líka. Einungis á að nota buff eða lambhúshettu sem fellur þétt að höfðinu undir hjálminum,“ leggur Herdís áherslu á.

Hún getur þess að líftími reiðhjólahjálma sé fimm ár. Skemmist hjálmur eigi að kaupa nýjan. „Reiðhjólahjálmar eru viðkvæm vara. Ekki má líma límmiða á hjálm eða skrifa með tússpenna á hann því að slíkt getur eyðilagt virkni hans. Framleiðendur verða alltaf að prófa að límmiði sem þeir setja á hjálmana hafi ekki áhrif á virknina.“

Herdís varar jafnframt við því að festa litlar myndavélar á hjálmana. „Slíkar myndavélar hafa kýlst inn í hjálmana þegar fólk hefur dottið og stórslasað hjólareiðamenn. Ég veit um banaslys og alvarleg slys vegna þessa í útlöndum. Það hefur verið rætt um það innan Evrópusambandsins að mögulega þurfi að gera kröfur um prófanir á þessum festingum.“ ibs@frettabladid.is

> **Af öllum hjálmum er erfiðast að láta reiðhjólahjálma sitja rétt. Þeir eru grunnir og þess vegna skiptir öllu máli að þeir séu rétt stilltir.**
>
> Herdís Storgaard, forstöðumaður Miðstöðvar slysavarna barna

### Þannig á að stilla reiðhjólahjálminn

1. Setja þarf hjálminn beint niður á höfuðið þegar hann er stilltur.
2. Bandið undir hökunni á að falla þétt að.
3. Hjálmurinn má ekki færast til nema um nokkra millimetra þegar prófað er hvort hann sitji ekki örugglega þétt að höfðinu.

Lykil- og korthafar Olís fá
10%
afslátt af bílavörum




GÓÐIR DAGAR FYRIR
BÓNORÐ
... orð eins og bón, bónklútur, vaskaskinn, vínylbón, þvottakústur ...
olís
Vinur við veginn
PIPAR\TBWA • SÍA • 152732

# SUMARDAGURINN FYRSTI

## SPARIÐ ALLT AÐ 50%

21 apríl





211857
BANANA-BRETTI
MEÐ LEIFTRANDI LJÓSUM
**SPARIÐ 2.100**
**4.899**

HEELYS

SPARIÐ **20%** Á ÖLLUM HEELYS





211714
BANANA-BRETTI
**SPARIÐ 2.000**
**3.400**

211872-73
RAZOR S SPARK SPORT
BLÁTT/BLEIKT
**SPARIÐ 3.300**
**7.699**



461254
LÚXUS FÓTBOLTAMARK
220 x 160 x 90 cm
**SPARIÐ 6.600**
**15.399**

461266
HOOVER BALL
**SPARIÐ 1.150**
**1.149**



460780-82
FÓTBOLTAMARK
130 x 100 x 75 cm
**SPARIÐ 2.100**
**4.899**

185 x 160 x 90 cm
**SPARIÐ 3.000**
**6.999**

300 x 210 x 105 cm
**SPARIÐ 4.800**
**11.199**

Toys R Us
IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

Tilboðin gilda 21.04.2016. VSK er innifalinn í verði. Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.

**Akureyri:** Glerártorg, sími 461 4500 - **Grafarvogur:** Korputorg, sími 585 0600 - **Kópavogur:** Smáratorg, sími 550 0800

# VIÐSKIPTI




**Í mars komu um 116 þúsund ferðamenn til landsins um Leifsstöð, 38 prósent fleiri en í sama mánuði í fyrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Eyddu 61% meira fé í byrjun árs

Erlend greiðslukortavelta í mars síðastliðnum nam tæpum 15 milljörðum króna samanborið við 9,7 milljarða í mars 2015. Um er að ræða 55 prósenta aukningu á milli ára. Sé litið á fyrsta ársfjórðung í heild nam kortavelta erlendra ferðamanna um 40 milljörðum króna, það gerir 61 prósents aukningu á milli ára en kortaveltan var 24,7 milljarðar á fyrsta ársfjórðungi 2015.

Kortavelta á hvern erlendan ferðamann sem kom til landsins í mars jókst um rúmlega 12 prósent miðað við sama mánuð í fyrra.

Erlend kortavelta í mars jókst í öllum útgjaldaliðum. Líkt og í febrúarmánuði var mikil aukning í farþegaflutningum, eða 131 prósent frá sama mánuði í fyrra. Mestur var vöxturinn í dagvöruverslun, um 85 prósent, og næstmestur, 51 prósent, í fataverslun.

Í mars komu um 116 þúsund ferðamenn til landsins um Leifsstöð samkvæmt talningu Ferðamálastofu, 38 prósent fleiri en í sama mánuði í fyrra. Til samanburðar eru það fleiri ferðamenn en komu í júní 2014, þriðja fjölmennasta ferðamannamánuði þess árs. – sg

# Áhyggjur af lánum til ferðaþjónu

**Breyting á gengi krónunnar getur aukið útlánahættu bankanna vegna lána til ferðaþjónustunnar. Ferðaþjónustan bankarnir hafa lánað næstmest. Aðeins hefur meira verið lánað til sjávarútvegsins. Bindiskylda mun líklega taka**

„Þetta er þáttur sem við höfum ákveðnar áhyggjur af,“ segir Sigríður Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabanka Íslands, um áhrif sem breytingar á gengi krónunnar gætu haft á útlánahættu bankanna vegna lána til ferðaþjónustunnar. Ferðaþjónustan er orðin sú atvinnugrein sem bankarnir hafa lánað næstmest til. Aðeins hefur verið lánað meira til sjávarútvegsins. Virði útlána til ferðaþjónustunnar nam um 127 milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi síðasta árs, eða um 10 prósentum af heildarútlánum bankakerfisins. Til samanburðar nema útlán til verslunar 9 prósentum af heildarútlánum og útlán til sjávarútvegs 22 prósentum.

Sigríður segir að sveiflur í gengi krónunnar, sérstaklega styrking á genginu, geti haft áhrif á afkomu ferðaþjónustunnar. Í riti Seðlabankans, Fjármálastöðugleika, sem kom út í gær, er bent á að aukin óvissa sé um þróun á gengi krónunnar í kjölfar afnáms fjármagnshafta sem þar með auki útlánaáhættu bankanna.

Sigríður segir að álagspróf sem verið sé að leggja á bankana og verði kynnt í haustskýrslu Fjármálastöðugleika muni koma nokkuð inn á þessa þætti. Þá segir segir hún erfitt að fá góða yfirsýn yfir hvernig lán bankanna til ferðaþjónustufyrirtækja hafa þróast þar sem lán flokkist innan margra atvinnugreina.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri hefur áður sagt að hætta sé á offjárfestingum í hótelbyggingum. „Yfirleitt fara svona fjárfestingarbylgjur fram úr sér að lokum og það er bara spurning hvað það verður mikið,“ sagði Már í nóvember.

Samkvæmt úttekt Markaðarins frá því í janúar eru áform um að byggja allt að 3.700 hótelherbergi hér á landi sem kostað geta allt að 80 milljarða króna í byggingu.

**ingvar@frettabladid.is**



### Orðið brýnt að hefja afnám hafta, segir seðlabankastjóri

„Reyndar er það orðið mjög brýnt að hefja losun gagnvart innlendum aðilum,“ sagði Már Guðmundsson seðlabankastjóri um afnám fjármagnshafta. Höftin valdi vaxandi bjögun í þjóðarbúskapnum sem birtist meðal annars í gengi krónunnar og hækkandi eignaverði. Þá hafi aukið fjármagnsinnflæði aukið bjögunina og geri losun hafta enn brýnni. Erlendir aðilar fjárfestu fyrir 76 milljarða hér á landi á síðasta ári.

Hið efnahagslega umhverfi sé einnig mjög ákjósanlegt til afnáms hafta.

Már sagði að Seðlabankinn þyrfti að hafa heimild til að takmarka erlendar lántökur þeirra sem ekki hafi tekjur eða eignir í erlendum gjaldeyri áður en höftin verða afnumin. Lagafrumvarp þess efnis hefur verið lagt fram á Alþingi. Auk þess væri mikilvægt að Seðlabankinn hefði tæki til að taka á fjármagnsinnflæði til landsins. Már sagði að búast mætti við því að Seðlabankinn fái heimild til að leggja bindiskyldu á slík viðskipti í stað skattlagningar á innflæðið en báðir kostirnir hafa komið til álita. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hefur boðað frumvarp sem veitir Seðlabankanum tæki til að vinna gegn vaxtamunarviðskiptum á næstu vikum. Már sagði ókostinn við að fara skattlagningarleiðina vera að bregðast gæti þurft snöggglega við aðstæðum á gjaldeyrismarkaði. „Það þýðir ekkert að hlaupa niður í þing og biðja um að breyta skattinum,“ sagði Már, því skattlagningarvaldið liggur hjá Alþingi.

Már nefndi að bindiskyldan gæti orðið á núll prósent vöxtum og bundin í eitt ár.


Reynimelur
Virðulegt einbýlishús í vesturbæ Reykjavíkur





Fasteignamarkaðurinn kynnir til sölu 341,6 fermetra einbýlishús á þessum eftirsótta stað í vesturbænum. Húsið er tvær hæðir og kjallari með séríbúð auk 19,6 fermetra bílskúrs.

Á neðri hæðinni eru m.a. stórar bjartar samliggjandi stofur, bókastofa, eldhús og gestasalerni. Á efri hæðinni eru fimm rúmgóð herbergi og baðherbergi. Sér 2ja herb. íbúð er í kjallara hússins auk þvottaherb., geymslna og fl.

Húsið er vandað af allri gerð. Sérsmíðaðar massívar innihurðir úr eik og ljós marmari og harðviðarparket eru á flestum gólfum. Nýjar innréttingar og tæki í eldhúsi. Nýleg tafla og raflagnir. Aukin lofthæð er á 1. og 2. hæð hússins. Stórar svalir til austurs og suðurs út af borðstofu aðalhæðar og svalir til austurs út af hjónaherbergi á efri hæð.

Lóðin er 685 fermetrar að stærð með steyptum stoðveggjum á lóðarmörkum. Viðarverönd er á suðurlóð og hitalagnir eru í innkeyrslu, stéttum og tröppum upp að aðalinngangi hússins.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali, netfang: gtj@fastmark.is

FASTEIGNA-MARKAÐURINN
Jón Guðmundsson, lögg. fastsali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fastsali.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500. OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is




**Vinsælustu vörurnar með fölsuðum vörumerkjum eru skór, og er Nike ein vinsælasta tegundin.**

## Fölsuð vörumerki geta verið hagvexti skeinuhætt

Vörum frá fölsuðum vörumerkjum hefur fjölgað mikið á undanförnum árum og er markaðurinn fyrir vörurnar nú metinn á allt að 461 milljarð bandaríkjadala, jafnvirði 17.000 milljarða íslenskra króna, samkvæmt nýrri skýrslu frá efnahags- og framfarastofnuninni OECD.

Á fimm árum hækkaði hlutdeild falsaðra vara í heimsviðskiptum úr 1,9 prósentum árið 2008 í 2,5 prósent árið 2013. Markaðurinn er orðinn jafn stór og hagkerfi Austurríkis.

Vinsælustu merkin til fölsunar eru Rolex, Nike, Ray Ban og Louis Vuitton. Vinsælast er að falsa vörumerki á skóm, og svo fatnaði og leðurvörum, til dæmis á veskjum.

Í skýrslu OECD kemur fram að Kína er vinsælasti staðurinn til að framleiða falsaðar vörur og selja þær. Vörur með fölsuðum vörumerkjum eru fimm prósent af heildarinnflutningi í Evrópu.

Í skýrslunni segir að þrátt fyrir að lítill skaði virðist vera af því að kaupa vöru með fölsuðu vörumerki eða kvikmynd sem er búið að afrita (e. pirating) geti slík hegðun haft neikvæð efnahagsleg áhrif með því að draga úr þróun og koma í veg fyrir aukinn hagvöxt. Auk þess er bent á að fölsuð lyf og barnaleikföng geti haft verulegan heilsuskaða í för með sér. – sg

# stunnar

er orðin sú atvinnugrein sem á vaxtamunarviðskiptum.



**Ferðaþjónustan er orðin sú atvinnugrein sem viðskiptabankarnir hafa lánað næstmest til, á eftir sjávarútveginum.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Þá þýðir ekkert að hlaupa niður í þing og biðja um að breyta skattinum.**



Már Guðmundsson seðlabankastjóri

# Sameiginlegt tölvuútboð sparaði ríkinu stórfé

Verulegur sparnaður náðist í nýafstöðnu sameiginlegu útboði stofnana ríkisins á tölvum og ljósritunarpappír. Niðurstaða fyrsta sameiginlega útboðsins á tölvum liggur nú fyrir og er veittur afsláttur um 50% miðað við listaverð seljenda og innkaupsverð 27% lægra en besta verð sem ríkinu hefur áður boðist.

Átta stofnanir tóku þátt í örútboðinu. Þessar stofnanir eru Ríkisskattstjóri, Fjársýsla ríkisins, Tollstjóri, Rekstrarfélag stjórnarráðsins, fyrir hönd ráðuneyta, Seðlabanki Íslands, Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu, Fjölbrautaskólinn við Ármúla og Ríkiskaup.

Sameiginlegt útboð á ljósritunarpappír fyrir fjórtán stofnanir fór fram fyrir skömmu. Niðurstaða þess útboðs var 55% afsláttur miðað við listaverð seljenda.

Umfang innkaupa ríkisins er um 140 milljarðar króna á ári en þar af kaupir ríkið vörur og þjónustu fyrir um 88 milljarða króna á ári. – shá



**Ríkið sparaði 27% í tölvukaupum með útboði.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Stjórnarformaður og forstjóri Mitsubishi viðurkenndu vörusvikin á fjölmiðlafundi í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

# Hlutabréf í Mitsubishi hríðféllu í gær

**JAPAN** Forsvarsmenn bílaframleiðandans Mitsubishi hafa viðurkennt að hafa falsað tölur um eldsneytiseyðslu bifreiða sinna.

Um er að ræða tæplega 600 þúsund farartæki sem fyrirtækið seldi í Japan.

Í kjölfar tilkynningarinnar féllu hlutabréf í Mitsubishi um 15 prósent. Fallið hjá fyrirtækinu er það mesta í 12 ár. Af þessum 600 þúsund farartækjum voru 470 þúsund bílar framleiddir fyrir bílaframleiðandann Nissan.

Forstjóri Mitsubishi Motors í Bretlandi segir að ekkert bendi til að áðurnefndir bílar hafi verið seldir í Evrópu.

Mitsubishi er sjötti stærsti bílaframleiðandinn í Japan en fyrirtækið seldi milljón bíla í fyrra. – srs




# Nóg er nú samt



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Ekki er óalgengt að fólk heyrist kvarta yfir verðlagningu á margvíslegri vöru og þjónustu. Raunar mætti stundum ætla að hér gildi einhver allt önnur lögmál en annars staðar, sjálfsagt þykir að verðleggja gallabuxur og úlpur á tugi þúsunda og varahlutir á borð við rúðuþurrkur og ljósaperur í bíla eru á uppskrúfuðu verði miðað við nágrannalöndin.

Á meðan fjöldinn bara borgar og brosir er kannski ekki von á því að margt breytist. En á meðan neytendavitundin er ekki meiri en raun ber vitni er líka ágætt að vita af batteríum á borð við Samkeppniseftirlitið sem gæta eiga að því að fyrirtæki fari ekki fram úr sér í gleðinni.

Reyndar er enn sá galli á kerfinu að stór hluti landbúnaðarins er undanþeginn samkeppnislögum, en það verður vonandi hægt að færa til betri vegar þegar fram líða stundir. Í blaði dagsins má þó sjá það mat Samkeppniseftirlitsins að nýlegar yfirtökur Kaupfélags Skagfirðinga á kjötvinnslum ógni ekki samkeppni á þeim markaði. Og það er þá ágætt.

En síðan gerist það líka að fyrirtæki ofbjóða fólki. Dæmi um það er framferði hjólbarðaverkstæða sem virðast hafa rottað sig saman um að skemma fyrir verðsamanburði sem Alþýðusamband Íslands (ASÍ) hefur stundað árum saman, en frá þessu var greint á vef ASÍ í byrjun vikunnar.

Kristjana Birgisdóttir, verkefnisstjóri verðlagseftirlits ASÍ, sagði í fréttum Bylgjunnar í fyrradag að viðmótið sem fólk á vegum verðlagseftirlitsins hefði mætt á mörgum dekkjaverkstæðunum hefði alls ekki verið nógu gott. „Það lá meðal annars í því að verktökuaðilarnir sem fóru út á mörkina fyrir mig voru kallaðir heimskingjar. Og á einum stað var einstaklingi nánast hent út og hurð skellt á eftir,“ sagði hún.

Samantekinn mótþrói dekkjaverkstæðanna nú verður illa varinn. Kristjana sagði í viðtalinu í Bylgjufréttunum að ýmsar ástæður væru gefnar á dekkjaverkstæðunum, svo sem að verið væri að bera saman epli og appelsínur. Það haldi hins vegar engu vatni þegar bara sé farið fram á verð á umfelgun.

Þá segir Kristjana ljóst af tilsvörunum sem hennar fólk fékk að verkstæðin hafi haft samráð um viðbrögð sín. Fram hafi komið hjá starfsliði einhverra verkstæða að „málið hafi verið rætt í bransanum“.

> Borðleggjandi virðist að kannað verði, með haldlagningu gagna og húsleitum ef með þarf, hvort þessi fyrirtæki, hafi með framferði sínu brotið samkeppnislög.

Meðal hlutverka Samkeppniseftirlitsins er að fylgjast með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum og „ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja“, að því er fram kemur á vef eftirlitsins. Borðleggjandi virðist að kannað verði, með haldlagningu gagna og húsleitum ef með þarf, hvort þessi fyrirtæki hafi með framferði sínu brotið samkeppnislög.

En á meðan ekkert gerist geta neytendur líka brugðist við sjálfir og sniðgengið verkstæði sem með svo augljósum hætti reyna að vinna gegn samkeppni á þessum markaði. Nóg er nú samt þó fyrirtæki reyni ekki vísvitandi að grafa undan viðleitni til verðlagseftirlits neytendum til góða.

Halldór




## Frá degi til dags

**Haust teygjanlegt hugtak**
Þingflokksformaður Framsóknarflokksins, Ásmundur Einar Daðason, sagði í gær að verið væri að skoða möguleikann á alþingiskosningum í haust. Það væri undir verkefnalista ríkisstjórnarinnar komið hvenær kosningar yrðu. Þá sagði hann að ríkisstjórnin hefði umboð til að sitja fram í apríl 2017. Ummælin hafa vakið athygli enda hafa formenn ríkisstjórnarflokkanna báðir sagt að kosningar verði í haust. Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknar, sagði árið 2013 að strax væri teygjanlegt hugtak. Ásmundur er greinilega sammála því. Sem bóndi veit hann auðvitað manna best að veðrið á Íslandi býður upp á eitt eilíft haust.

**Smalað á kjörstað**
Stjórnarandstaðan heldur áfram að kvarta yfir því að kjördagur sé ekki ákveðinn. Óttarr Proppé, þingmaður Bjartrar framtíðar, sagðist þekkja fólk sem ætlaði að gifta sig í haust og vildi vita hvernig haustið yrði. Þessum sjónarmiðum sýndi Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra skilning því sjálfur hefði hann gift sig árið 2009. Framsóknarflokkurinn er bændaflokkur og án þess að höfundur þessa dálks vilji draga fólk í dilka þá verður að teljast líklegt að þingmenn flokksins vilji velja dag sem kemur í veg fyrir að sjálfstæðismenn geti smalað á kjörstað á meðan framsóknarmenn smali afréttina.

snaeros@frettabladid.is

# Forystulaust sumarland



Helgi Hjörvar
alþingismaður

Sumardagurinn fyrsti eykur okkur vongleði um bjartari daga og betri tíð. Það er ekki vanþörf á í vetrarlok þegar forystuleysið við landsstjórnina er orðið miklu meira en vandræðalegt. Nú síðast hefur forsetinn hætt við að hætta á þeirri forsendu beinlínis að óvissan sé algjör um landsstjórnina.

Forsætisráðherrann hraktist nýlega frá vegna hneykslis sem rúið hefur tvo aðra ráðherra trausti. Enginn veit hver stjórnar Framsóknarflokknum. Forsætisráðuneytið er í höndum flokks sem ekki hefur stuðning meðal þjóðarinnar til að leiða ríkisstjórn. Stjórnarflokkarnir vita ekki sjálfir hvaða mál þeir þurfa að afgreiða.

Ofan á þetta allt bætist að ríkisstjórnin veit ekki hvenær hún ætlar að fara frá og getur ekki sagt kjósendum hvenær þeir fái að kjósa. Ríkisstjórnin virðist alveg hafa gleymt því að hlutverk hennar er að hafa forystu og eyða óvissu en ekki hanga í reiðanum og hrekjast undan veðrum. Auðvitað ætti að kjósa í vor því að óbreyttu verður landið forystulaust í allt sumar engum til gagns.

> Auðvitað ætti að kjósa í vor því að óbreyttu verður landið forystulaust í allt sumar engum til gagns.

**Að taka forystu**
Verkefni stjórnarandstöðunnar er að taka forystuna í sumar vegna þess að tilefnin blasa við alls staðar. Hún þarf að sýna að hún geti ekki bara verið samhent og trúverðug í því að vera á móti heldur líka í hinu að marka nýja stefnu og taka ábyrgð á stjórn landsins sem stjórnarflokkarnir hafa í raun þegar látið af hendi. Það gera stjórnarandstöðuflokkarnir best með að sameinast um að starfa ekki með Sjálfstæðisflokknum eftir kosningar heldur hver með öðrum. Sameinast um skýrt afmörkuð framfaramál og tímaáætlun um framkvæmd þeirra svo kjósendur hafi skýran valkost.

Því til að endurreisa traust er mikilvægt að fólki sé sagt fyrir kosningar hver ætli að vinna með hverjum og að hverju eftir kosningar. Það sé ekki eitthvað leyndó sem vélað sé um í bakherbergjum. Eins verði hitt skýrt, ólíkt því sem nú er, að samstarfið leiði sá flokkur eða forystumaður sem mest fylgi hefur hjá þjóðinni.




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Brennuvargar og slökkvistörf

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Nýr forseti Íslands þarf helzt að sameina sem flesta kosti forvera sinna.

Forseti lýðveldisins þarf að geta veitt Alþingi og ríkisstjórn aðhald og jafnvel skipað landinu utanþingsstjórn sé þess þörf eins og Sveinn Björnsson; tekið farsælt frumkvæði að stjórnarmyndun við erfiðar aðstæður eins og Ásgeir Ásgeirsson; haldið fram sögu landsins, menningu, tungu og náttúru án yfirlætis innan lands og utan líkt og Kristján Eldjárn og Vigdís Finnbogadóttir; skotið umdeildum þingmálum til þjóðarinnar eins og Ólafur Ragnar Grímsson; og eflt Íslendinga til dáða með hug og orði.

**Samanburður við fyrri forseta**

Núverandi forseti virkjaði málskotsrétt forsetans skv. gildandi stjórnarskrá þótt hann hefði að vísu um árabil kennt nemendum sínum í Háskóla Íslands að málskotsrétturinn væri markleysa líkt og nokkrir lagakennarar gerðu einnig. Að öðru leyti kemst núverandi forseti hvergi með tærnar þar sem forverar hans höfðu hælana. Nú verður ekki lengur undan því vikizt að lýsa því. Göngum á röðina.

Sveinn Björnsson, fyrsti forseti Íslands, átaldi Alþingi í nýársávarpi sínu 1949 fyrir að vanrækja endurskoðun stjórnarskrárinnar frá 1944 og sagði: „ ... búum vér því ennþá við bætta flík, sem sniðin var upprunalega fyrir annað land, með öðrum viðhorfum, fyrir heilli öld.“ Núverandi forseti er á hinn bóginn allur á bandi andstæðinga nýju stjórnarskrárinnar sem tveir þriðju hlutar kjósenda samþykktu í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012. Forsetinn hefur skipað sér í fremstu röð þeirra sem vilja smána þjóðarviljann í stjórnarskrármálinu.

Ásgeir Ásgeirsson beitti sér fyrir myndun viðreisnarstjórnarinnar 1959 m.a. til að leysa þann vanda sem hlauzt af djúpu ósætti helztu forustumanna Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins eftir stjórnarskrárbreytinguna 1959. Viðreisnarstjórnin reyndist langlíf og farsæl, sat í tólf ár. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks 1995-2007 reyndist að vísu jafnlanglíf, en farsæl var hún ekki heldur varðaði veginn fram að bjargbrúninni 2008 svo sem jafnvel yngstu menn ættu að muna. Núverandi forseti átti einkum frumkvæði að myndun ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks 2013 undir forustu minni flokksins, Framsóknar, hinnar fyrstu í sögu lýðveldisins sem frammi fyrir agndofa umheimi hrökklaðist frá völdum vegna hneykslis eftir aðeins þrjú ár en þó aðeins til málamynda.

Kristján Eldjárn og Vigdís Finnbogadóttir voru flekklausir fulltrúar íslenzkrar menningar og fluttu mál sitt svo innan lands og utan að hvergi bar skugga á. Núverandi forseti hefur ítrekað orðið sér til minnkunar innan lands og utan með yfirlætisfullum málflutningi („You ain't seen nothing yet“). Rannsóknarnefnd Alþingis birti að gefnu tilefni langan kafla í skýrslu sinni (8. bindi, bls. 170-178) um nauðsyn þess að forsetaembættinu væru settar „siðareglur þar sem meðal annars yrðu ákvæði um það með hvaða hætti er eðlilegt að hann veiti viðskiptalífinu stuðning“. (bls. 178) Fv. ríkisstjórn ítrekaði þessi tilmæli til forsetans, en hann varð ekki við þeim. Þóttafullur málflutningur forsetans á ekki vel við nú þegar öfgafullir þjóðremblar sækja í sig veðrið um alla Evrópu.

**Nýr forseti þarf að standa með þjóðinni ef gjá myndast milli þings og þjóðar og beita sér fyrir staðfestingu nýju stjórnarskrárinnar sem þjóðin kaus sér til handa 2012.**

**Forsetinn sem brást**

Alþingi gerði sig sekt um þá óhæfu á lokafundi sínum í marz 2013 að greiða ekki atkvæði um nýju stjórnarskrána sem lá fullbúin til staðfestingar á Alþingi. Forseti Íslands hefði þá átt að grípa í taumana eins og gildandi stjórnarskrá frá 1944 heimilar honum. Forsetinn hefði getað beitt fyrir sig 23. og 25. grein stjórnarskrárinnar.

Í 23. grein segir: „Hafi Alþingi verið frestað getur forseti lýðveldisins eigi að síður kvatt Alþingi saman til funda ef nauðsyn ber til.“ Forsetinn hefði því getað kallað Alþingi saman strax aftur til að ljúka málinu. Hefði það ekki dugað hefði forsetinn getað beitt fyrir sig 25. grein stjórnarskrárinnar þar sem segir: „Forseti lýðveldisins getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta.“ Forsetinn hefði getað lagt stjórnarskrárfrumvarpið óbreytt fyrir Alþingi. Meiri hluti þingmanna hafði opinberlega lýst stuðningi við frumvarpið. Gildandi stjórnarskrá veitti forsetanum skýra heimild til að hleypa Alþingi ekki heim fyrr en það hefði staðfest nýju stjórnarskrána í samræmi við niðurstöðu kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012. Meiri hluti Alþingis hefði að öllum líkindum ekki lagt í að fella frumvarpið þar eð dómur þjóðarinnar lá fyrir.

Forseti Íslands kaus að gera ekkert af þessu, hann sem hafði þó fyrstur manna beitt málskotsréttinum skv. 26. grein stjórnarskrárinnar. Hann lét undir höfuð leggjast að koma fólkinu í landinu og lýðræðinu til varnar á úrslitastundu svo sem hann hafði skýrt umboð til skv. stjórnarskrá og stjórnskipan landsins gerir beinlínis ráð fyrir.

Nýr forseti þarf að standa með þjóðinni ef gjá myndast milli þings og þjóðar og beita sér fyrir staðfestingu nýju stjórnarskráinnar sem þjóðin kaus sér til handa 2012, stjórnarskrá sem hefst á orðunum: „Við sem byggjum Ísland viljum skapa réttlátt samfélag þar sem allir sitja við sama borð.“ Reynslan sýnir að núverandi forseti er ekki vel til verksins fallinn. Hann var nefndur „guðfaðir útrásarinnar“ og er enn holdgervingur spilltrar og óhæfrar stjórnmálastéttar sem hrinti Íslandi fram af hengiflugi 2008, kallaði hörmulegan skaða yfir fjölda fólks innan lands og utan og lætur samt eins og ekkert hafi í skorizt. Brennuvargar henta ekki vel til slökkvistarfa.



# Reykjanesskagi, rafvæðing og framtíðarásýnd hans



Örn Þorvaldsson
rafiðnaðarmaður

Grein þessi fjallar um fyrirætlanir Landsnets, byggingu nýrrar loftlínu, Suðurnesjalínu 2 220kV (SN2), og spennuhækkun í framhaldi af því á Reykjanesi í 220kV, en núverandi kerfi er 132kV. Umræðan hefur snúist um val á milli 220kV loftlínu eða 132kV jarðstrengs og hver hin raunverulega þörf sé. Ef 220kV loftlína verður fyrir valinu þá munu Íslendingar sitja uppi með tvær 220kV háspennulínur út og þvert yfir Reykjanesið um alla framtíð, sjá meðfylgjandi mynd.

**Raforkuframleiðslan í dag á Reykjanesi**

Í dag nemur raforkuframleiðsla á Reykjanesi í heild 150MW. Þessi 150MW fara eftir Fitjalínu 1 (MF1) til Fitja, 40MW eru notuð í Reykjanesbæ, 110MW fara svo eftir Suðurnesjalínu 1 (SN1) til Hamraness í Hafnarfirði. Meginhugsun Landsnets með SN2 220kV (flutningsgeta 600MW (690MVA)) er að hún verði varalína fyrir SN1 og MF1 132kV en flutningsgeta þeirra er 200MW. SN2 er ætlað að auka rekstraröryggi virkjana og notenda á Suðurnesjum í bilanatilfellum, sökum áfoks, áflugs, hraunrennslis og mannlegra mistaka. Landsnet hefur upplýst að SN2 sé ekki hugsuð fyrir álver eða aðra stóriðju, heldur til almennra nota. Áætlað er að reka SN2 á 132kV til að byrja með. Eftir byggingu SN2 árið 2020 verður flutningur á SN 1 og 2 hvorri fyrir sig um 50MW, flutt til Hamraness, með almennri aukningu og þremur kísilverum (105MW) í Helguvík verður hann um 10MW og árið 2100 verður flutningurinn aftur orðinn um það bil 50MW, sá sami og í dag, en þá væri hann til Reykjanesbæjar. Af þessu er ljóst að fyrst og fremst er þörf fyrir SN2 sem varalínu. Jarðstrengur 132kV og með 170MW flutningsgetu myndi því henta mjög vel, hann væri rekinn á 0%-30% álagi út sinn líftíma og ending hans yrði góð.

**Stækkun flutningskerfisins til Reykjaness – besti valkostur**

Ekki er gert ráð fyrir mikilli aukningu raforkuframleiðslu á Reykjanesi til framtíðar. Miðað við 1,5% aukningu raforkunotkunar á Reykjanesi (1,5% er árleg aukning samkvæmt kerfisáætlun LN) og þrjú kísilver yrði notkunin á Reykjanesi árið 2070 190MW (85MW almenn notkun og stóriðja 105MW), mesti flutningur um línurnar þrjár í bilanatilfellum væri 150MW. Besti valkostur til stækkunar raforkukerfisins á Reykjanesi yrði því með SN2 sem 132kV jarðstreng með 170MW flutningsgetu (lögð til Rauðamels 28 km). Árin 2060-2070 mætti svo leggja annan jarðstreng samhliða Fitjalínu 1 (milli Rauðamels og Fitja 5-6 km). Það væri ráðstöfun sem entist til ársins 2090 en þá væri komið að endurnýjun SN2 sem þá yrði lögð til Fitja eða Rauðamels eftir framleiðslu og orkunotkun. Síðar má svo bæta SN3 við sem mundi endast í önnur 25 ár o.s.frv. Þörfin til stækkunar í 220kV línu og 2-3 220kV tengivirki fram til þess tíma væri því engin. Aukin raforkuframleiðsla á Reykjanesi (sól-vindur-gufa-sjávarföll) myndu styrkja þetta fyrirkomulag og tryggja rekstraröryggi N-1 tengingar Landsnets enn frekar.

Til stuðnings tillögu minni „besti valkostur“ á uppbygginu raforkukerfisins á 132kV, þá vil ég benda á að á þessari öld, þeirri 21., eru næg tækifæri til uppbyggingar kerfisins í 220kV, þegar endurnýjun gamalla lína verður þörf.

Háspennulínur rýra ásýnd Reykjanesskagans og Íslands til frambúðar, eru náttúruspjöll sem verða ekki aftur tekin! Lagning Suðurnesjalínu 2 eins og hún er áætluð er óhagkvæm og óumhverfisvæn og ekki hefur verið sýnt fram á að hennar sé þörf. Jarðstrengur með lægri spennu er umhverfisvæn lausn sem myndi fullnægja þeirri flutningsþörf sem fyrirsjáanleg er.

*Höfundur er með mikla reynslu af störfum á flutningssviði raforku. Hann er fyrrverandi starfsmaður Landsvirkjunar og Landsnets við uppbyggingu, viðhald, stjórnun og eftirlit raforkukerfis í 35 ár.*

**vísir.is** Sjá lengri útgáfu greinarinnar á Vísi.




Línur Landsnets á Reykjanesi núverandi sem nýjar, núverandi línur má betur sjá á heimasíðu LN á forsíðu „Heildarflutningur núna“. MYND/VERKFRÆÐISTOFAN EFLA



Komdu og skoðaðu úrvalið!

# SPÓLAÐU INN Í SUMARIÐ

Hjólaðu af öryggi út í góða veðrið á þýsku Merida gæðahjóli með splunkunýjan hjálm á höfði. Gleðilegt sumar!



Opið í dag 10-16 á Fiskislóð og Akureyri

**Hjálmar fylgja öllum keyptum hjólum**

í dag, sumardaginn fyrsta.

Mikið úrval af aukahlutum!



**MERIDA** JULIET J24 RACE
**69.990 KR.**
Léttgreiðslur 12.478 kr. í 6 mánuði



**MERIDA** MATTS J24 RACE
**69.990 KR.**
Léttgreiðslur 12.478 kr. í 6 mánuði

Einnig til dömustell



**MERIDA** CROSSWAY 15-MD GENT
**99.990 KR.**
Léttgreiðslur 17.638 kr. í 6 mánuði

Einnig til herrastell



**MERIDA** CROSSWAY 100 LADY
**134.990 KR.**
Léttgreiðslur 23.691 kr. í 6 mánuði



**MERIDA** SPEEDER 200-D
**149.990 KR.**
Léttgreiðslur 26.279 kr. í 6 mánuði



**MERIDA** SPEEDER 300-D
**169.990 KR.**
Léttgreiðslur 29.729 kr. í 6 mánuði



**MERIDA** CYCLOCROSS 300
**199.990 KR.**
Léttgreiðslur 34.904 kr. í 6 mánuði



**MERIDA** SCULTURA 400
**249.990 KR.**
Léttgreiðslur 43.529 kr. í 6 mánuði

Verð og stærðir birt með fyrirvara um prentvillur.

**REYKJAVÍK**
Fiskislóð 1
Sími 580 8500

**AKUREYRI**
Tryggvabraut 1–3
Sími 460 3630

**OPNUNARTÍMI**
Mán.–fös. 10–18
Lau. 10–16

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA

# Ísland og góðu verkin



**Auður Guðjónsdóttir**
stjórnarformaður Mænuskaðastofnunar Íslands

Fyrir skemmstu sýndi RÚV breska mynd undir heitinu „Gengið á ný“. Myndin fjallaði um vissa tegund tilraunameðferðar við mænuskaða og sýndi þá miklu áhættu, fórnir og vinnu sem lagt er í til að finna lækningu. RÚV á þakkir skilið fyrir að sýna myndina og vekja nú sem oftar athygli Íslendinga á einu erfiðasta viðfangsefni læknavísindanna. Eins og fram kemur í myndinni fjármagnaði breskur sjóður meðferðina. Sjóðurinn var stofnaður af föður hvers sonur hálsbrotnaði og lamaðist í sjósundi. Hlutverk þeirra feðga og pólska mannsins sem undirgekkst tilraunameðferðina eru jafn ómetanleg fyrir veröldina og merkilegt frumkvöðlastarf læknanna. Framfarirnar verða þegar læknavísindin og almenningur vinna saman með hugrekki og góðvild að leiðarljósi.

Hér á landi er ekki mikið um rannsóknir á mænunni né heldur framkvæmdar tilraunameðferðir á henni enda þjóðin of fámenn til að starfa á öllum sviðum vísindanna. En eitt gerum við Íslendingar fyrir taugakerfið sem við getum verið afar stolt af. Við tölum pólitískt máli þess á alþjóðavettvangi. Með þeirri aðferð höfum við fengið mænuskaðann flokkaðan sem forgangsmál á Norðurlöndum. Hafin er norræn samskráning á meðferð við nýjum og gömlum mænusköðum undir forystu Noregs. Markmiðið er að samnýta norræna þekkingu meðferð og lækningu til framdráttar.

Einnig höfum við náð því fram á Norðurlandavettvangi að mænuskaða hefur verið skipað í flokk sjúkdóma og skaða sem þarfnast hátæknimeðferðar. Sú viðurkenning skiptir miklu máli og er viðhorfsbreyting til tilraunameðferða á mænuskaða sem lengst af hafa þótt guðlast í hinum vestræna heimi. Árið 2014 hafði Ísland forystu í Norrænu ráðherranefndinni. Þá kölluðum við saman norræna lækna og aðra sem höfðu það hlutverk að semja leiðarvísi fyrir norræn ráðherranefndina um hvernig taka beri á málefnum mænuskaðans. Heilbrigðisráðherra hefur nú kynnt leiðarvísinn hjá Norðurlandaráði og byrjað er að styðjast við hann.

Árið 2015 lögðum við í það stórvirki að óska eftir því hjá Sameinuðu þjóðunum að taugakerfið yrði gert að einu af heimsmarkmiðum stofnunarinnar. Það leiddi til þess að taugakerfið var samþykkt inn í stefnuyfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna sem eitt af þeim málum sem þjóðum heims beri að taka á næstu 15 árin svo að heimurinn yrði sjálfbærari.

Nú hefur Mænuskaðastofnun Íslands skrifað bréf til framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar og farið þess á leit að ráðherranefndin taki upp ákvæði Sameinuðu þjóðanna um taugakerfið og láti greina gagnabanka á norrænu taugavísindasviði og samkeyra upplýsingarnar með nýjustu tölvutækni. Markmiðið er að freista þess að finna í rannsóknunum sameiginlegt mynstur sem vísindamenn geti nýtt sér til að hraðar gangi að því að finna betri meðferðir og lækningu við mænu- og heilaskaða, geðsjúkdómum, flogaveiki, Parkinsonveiki, Alzheimer, MS, MND og öðru ólagi í taugakerfinu. Svarið frá framkvæmdastjóranum lofar góðu.

Einnig hefur Mænuskaðastofnun skrifað bréf til forseta Norðurlandaráðs og leitað eftir því að taugakerfið verði tekið inn í samstarfsverkefni Norðurlandaráðs og UN City í Kaupmannahöfn um framkvæmd heimsmarkmiðanna. Auk þessa hefur Mænuskaðastofnun skrifað framkvæmdastjóra Evrópudeildar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, í Kaupmannahöfn og óskað eftir liðsinni hans við verkefnið.

**Með verkefni þessu erum við Íslendingar að vinna veröldinni mikið gagn og um leið að bæta ímynd landsins.**

Með verkefni þessu erum við Íslendingar að vinna veröldinni mikið gagn og um leið að bæta ímynd landsins. Til að leggja alþjóðlegu taugavísindasviði lið við að komast upp úr rannsóknarkreppunni, sem er helsta orsök þess hve erfiðlega gengur að finna lækningu í taugakerfinu, biður greinarhöfundur heilbrigðisráðherra, utanríkisráðherra og forsætisráðherra, ásamt samstarfsráðherra Norðurlanda, að beita áhrifum sínum sem áður af fullum þunga innan Norrænu ráðherranefndarinnar, innan Sameinuðu þjóðanna og innan Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO.

# Íslenska geðheilbrigðiskerfið á árinu 2016



**Valgeir Matthías Pálsson**
áhugamaður um geðheilbrigðismál

**Ef ekkert verður að gert í geðheilbrigðismálum á Íslandi í nánustu framtíð missum við fleira og fleira ungt fólk sem í blóma lífsins missti fótanna og fann enga aðra leið en að ráða sér bana.**

Ég sá mig knúinn til þess að setjast niður og skrifa örfá orð um íslenska geðheilbrigðiskerfið nú á tímum uppgangs og velsældar. Geðheilbrigðiskerfi sem komið er að fótum fram. Kerfi sem stjórnað er af innantómum upphrópunum, hroka og yfirgangi. Þetta eru leiðarstefin þrjú eins og ég lít á þetta kerfi í dag.

Því er þannig fyrir komið, nú á árinu 2016, að mörgum einstaklingum, tugum, jafnvel hundruðum talsins er vísað frá geðdeild Landspítalans. Vegna hvers ætli öllum þessum fjölda sé vísað frá? Getur það verið sparnaðarkrafa frá ríkinu sem spilar þarna inn í eða eru þetta svokallaðar ákvarðanir stjórnenda, bæði millistjórnenda og yfirstjórnenda, sem ráða þarna för?

Það er þyngra en tárum taki að skrifa þennan pistil. Fólk sem hefur barist eins og hetjur svo árum og áratugum skiptir við erfiða andlega sjúkdóma t.d. kvíða og þunglyndi er vísað frá geðdeild, stundum með meðalaglasið í annarri hendinni og gylliboð um eitthvað betra í hinni, eitthvað sem kemur kannski einhvern tímann í framtíðinni eða aldrei.

Mér finnst erfitt að horfa upp á ungt fólk í þessu landi á barmi örvæntingar og hengiflugið eitt bara eftir. Fólk sem er í blóma lífsins er nefnilega, og takið eftir þessu, að svipta sig lífi vegna þess að þjónustan við það er engin innan Landspítalans eða annarra sjúkrahúsa landsins.

**Fær ekki hjálp**

Íslendingar eru að missa margt ungt fólk sem er í blóma lífsins. Fólk sem sökum andlegra erfiðleika getur ekki séð fram á bjartan og nýjan dag. Bara af þeirri einföldu ástæðu að það fær ekki „hjálpina“. Hjálpina við að fóta sig og ná undir sig fótunum á nýjan leik í þjóðfélagi sem allt er byggt á taktföstum mjög miklum hraða. Sem er ekki það sem við viljum. Eða er það, kæru Íslendingar?

Ég segi fyrir mig, hafandi verið í geðheilbrigðiskerfinu frá árinu 2001 eða lengur eftir því hvernig á það er litið. Þjónustan við þá sem eiga í hvað mestum erfiðleikum er engin. Fólki er trekk í trekk vísað frá geðdeild vegna einhvers sem það kannski ekki sjálft veit hvers vegna er.

En hafandi verið í þessu kerfi svo lengi sem raun ber vitni tel ég mig hafa viðamikla reynslu og þekkingu á því hvernig þetta kerfi virkar í raun og sann.

Kerfið virkar þannig að eftir því sem þú hefur verið lengur í kerfinu færðu alltaf minni og minni þjónustu. Ég lagðist mjög oft inn á árunum 2001–2008. Innlagnir sem eru taldar í tugum.

Ég veit það ekki en ráðlögðu Finnar okkur Íslendingum ekki eitthvað vegna þess ástands sem hefur ríkt á Íslandi frá árinu 2008? Ég veit að það sem Finnar báðu Íslendinga um var að skera ekki niður fé til velferðarmála. Heldur gefa í þar. En hvað hefur verið gert á Íslandi? Það hefur verið skorið grimmt niður til heilbrigðis- og velferðarmála, allt frá hruni. Þetta er mjög slæm þróun en hún er sönn.

Sjálfsvíg eru allof mörg á Íslandi í dag. Það eru margir sem taka líf sitt á hverju ári. Er það ásættanlegt að svo mikill fjöldi taki líf sitt? Ég segi NEI!

Brettið upp ermar í þessum málum kæru ráðamenn. Ef ekkert verður að gert í geðheilbrigðismálum á Íslandi í nánustu framtíð, missum við fleira og fleira ungt fólk sem í blóma lífsins missti fótanna og fann enga aðra leið en að ráða sér bana.

Það er nefnilega þannig að ungt fólk er framtíð landsins okkar og hana verðum við að varðveita.

# Rafrettur: blaðran sprengd



**Guðmundur Karl Snæbjörnsson**
læknir



Blaðra hræðsluáróðursins sprengd.

Í fyrri greinum hefur verið lögð fram besta vitneskja vísindanna og varað við mjög svo skaðlegri þróun hér á landi vegna fyrirhugaðrar upptöku á tilskipun Evrópusambandsins (EU) (1, 2, 3, 4, 5, 19, 21). Fjötra það sem hjálpar en láta óhindrað það sem drepur (39).

Ýmsum rangfærslum hefur verið haldið á lofti um skaðsemi þessarar tækninýjungar. Ástæðulausrar óvissu og hræðslu hefur því gætt hjá stórum hópi fólks varðandi ágæti rafrettunnar. Hér verður flett ofan af helstu rangfærslunum og sjáum hvort hræðsluboðskapurinn í sápukúlunni minnki eitthvað.

**Hræðsluboðskapur er skaðlegur 1-7**

Fulltrúi Krabbameinsfélagsins hefur í boðskap sínum m.a. varað við ýmsum eiturefnum í rafgufunni og sagt að okkur stafi bráð hætta af þeim. Þetta eru alvarlegar rangfærslur og skaðlegar, en ástæðulausar. Haltu bara áfram að lesa.

**1 – Bragðefnin – ólíku saman að jafna við sígarettuna**

Endurtekið hefur verið vísað í meingallaða rannsókn frá Harvard um tilvist bragðefnis úr matvælaiðnaðinum, diacetyl, það sagt vera hættulegt heilsu fólks (6). Það láðist þó að geta eins mikilvægs atriðis, að þetta diacetyl var 750 sinnum minna en í sígarettum! (7, 8, 9).

Samkvæmt grunnreglu eiturefnafræðinnar er ekki bara tilvist efna ákvarðandi fyrir skaðsemi og áhættuna af þeim, heldur magn þeirra.

**2 – Nítrósamín (TSNA) og formaldehyde – ólíku saman að jafna við sígarettuna**

Varað hefur verið við nítrósamínum í rafgufunni, sem gætu valdið krabbameinum, en láðst að taka fram að magn þeirra væri 1.800 sinnum minna en í sígarettunni (10). Umfjöllun um formaldehyde í netútgáfunni.

**3 – Þungmálmar – ólíku saman að jafna við sígarettuna**

Tilvist þungmálma (11) í rafgufu hefur endurtekið verið minnst á og valdið óþarfa hræðslu. Í US Pharmacopeia hafa verið gefin út öryggismörk þungmálma, varðandi heilsu okkar við daglega innöndun (10, 12).

Fyrir blý og nikkel (Pb og Ni) eru öryggismörkin 6 sinnum hærri en er í rafgufunni. Þegar um króm (Cr) er að ræða er munurinn orðinn miklu meiri eða um 70-faldur. Langt undir hættumörkum. Ekki gott þetta heldur.

**4 – Örsmáar agnir rafgufunnar – ólíku saman að jafna við sígarettuna**

Sömu aðilar hafa varað við örsmáum ögnum í rafgufunni, eins og smæð þeirra skipti höfuðmáli (13, 14). Minnstu agnir rafgufu er vatnsgufa og valda engum skaða (15). Það sem skiptir máli er efnasamsetning þeirra og alls ekki hægt að jafna saman við agnir sígarettureyksins. Æi, enn og aftur er þetta bara ekki nógu gott.

**5 – Slysfarir – ofgert í alvarleika og fjölda**

Einnig hefur verið vísað í tilkynningar um slysfarir af rafrettum án þess að nefna fjölda þeirra eða alvarleika (16, 17). Fjöldi þeirra og alvarleiki er nefnilega mjög lítill í samanburði við eins og t.d. slys af völdum hreinlætisvara, snyrtivara og lyfja (19), svo ekki sé minnst á alvarleg slys af völdum íkveikju sígaretta.

**6 – Börnin okkar og óttinn ástæðulausi**

Hræðsla foreldra um að börnin leiðist út í sígarettureykingar út frá rafrettunotkun er skiljanlegur en ástæðulaus. Sýnt hefur verið fram á hratt lækkandi reykingar meðal barna- og unglinga í fyrri greinum og eftir tilkomu rafrettunnar hefur reykingatíðnin aldrei lækkað jafn hratt í sögunni (5), þvert á hræðsluáróðurinn.

**7 – Lýðheilsa í nýjum fötum? – reglugerð í réttu hlutfalli við skaðsemi og skaðleysi**

Að hræða fólk með misviturlegum rangfærslum er stórskaðlegt heilsunni – það dregur úr reykingafólki að prófa rafrettuna og bjarga sér þannig sjálft frá sígarettunni – dregur úr öðrum að halda áfram með rafrettuna – dregur úr enn öðrum sem eru að prófa þetta nýja fyrirbæri, eins og fólki í tvöfaldri notkun rafrettu og sígarettu (21).

Afleiðing þess er að fleiri halda áfram að reykja og líkja mætti því við að við værum að dæma það fólk til dauða, sem annars hefði valið að lifa sígarettulaust (23).

Óbeint gengur fulltrúinn því erinda tóbaks- og lyfjaiðnaðarins og styðlar að áframhaldandi og auknum reykingum, þó ásetningurinn sé eflaust bara einlægur og góður.

Frábiðjum okkur ólög sem drepa (39) og setjum nýja reglugerð í réttu hlutfalli við skaðsemi og skaðleysi (35). Er þetta eitthvað flókið fyrir einhverjum lengur?

***Fyrirvari:*** *Ég hef engra hagsmuna að gæta við framleiðendur, innflytjendur eða sölumenn raftóla né hagsmunatengsl við tóbaks- og lyfjageirann. Engra hagsmuna, stöðu eða titils að gæta varðandi hefðbundnar tóbaksvarnir eða lýðheilsustarfsemi.*

*Er læknir og hef lögvarin réttindi á Íslandi, í Noregi og Svíþjóð til að skrifa út lyf þegar svo á við og ráðleggja fólki til bættrar heilsu. Annað ekki.*

**visir.is** Sjá má lengri útgáfu greinarinnar á Vísi.


KRÓNAN
-16%
Gleðilegt sumar
1249 kr. pk.
Verð áður 1489 kr. pk.
Bláber askja 500g, Marokkó
-25%
299 kr. kg
Verð áður 399 kr. kg
Lífrænar gulrætur 1 kg, Danmörk
LÍFRÆNT
OPIÐ
SUMARDAGINN
FYRSTA
AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl


KRÓNAN
-36%
Úrbeinaðar grísakótilettur
New York marinerað
Ítölsk marinering
Hvítlauks-marinerað
1459 kr. kg
Verð áður 2280 kr. kg
Lúxus úrbeinaðar grísakótilettur, Spánn
Marinerað af kjötmeistara Krónunnar
Hvítlauks og rósmarín
-15%
Pipar marinerað
New York marinerað
1399 kr. kg
Verð áður 1658 kr. kg
Íslenskt lambalæri hvítlauks og rósmarín-, pipar-, kolagrill-, New York- og kryddmarinerað
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

21. APRÍL 2016 FIMMTUDAGUR




# MEÐ TÍSKUNA Í HAUSNUM ALLA DAGA

Gallabuxur og bleiserjakki skipa veglegan sess í klæðaburði Hermanns Haukssonar þótt hann skipti stundum yfir í jakkafötin vinnunnar vegna. Hann á enga uppáhaldshönnuði en fylgist vel með skandinavískri hönnun.

**Ljós tvíhnepptur frakki og hvít skyrta, undir gráu peysunni, tóna vel við ljósar gallabuxur og strigaskó.** MYNDIR/ERNIR









Stílhreinn leðurjakki og flottur í sniði. Grái bolurinn er extra síður og hentar vel við gráar þvegnar gallabuxurnar.







Körfuknattleiksmaðurinn fyrrverandi Hermann Hauksson vekur hvarvetna athygli fyrir snyrtilegan og fallegan klæðnað. Hann hefur lengi fylgst vel með tísku þótt áhuginn hafi vaknað fyrst fyrir alvöru þegar hann hóf störf hjá Sævari Karli árið 2006. „Ég hef reyndar alltaf pælt mikið í fötum og fallegum hlutum en áhuginn fyrir tísku vaknaði fyrir alvöru hjá Sævari Karli og hefur bara vaxið með hverju árinu síðan. Ég kem líka að innkaupum í starfi mínu í dag þannig að tískan er í hausnum á mér alla daga."

Hermann er auk þess einn fjögurra körfuboltasérfræðinga í þáttunum Domino's körfuboltakvöld á Stöð 2 Sport, þar sem farið er yfir leiki vikunnar í Domino's-deildum karla og kvenna. Þessa dagana stendur úrslitakeppnin sem hæst og kemst fátt annað að þessa dagana hjá Hermanni og raunar allri fjölskyldunni. „Þessir þættir eru búnir að vera einstaklega skemmtilegir enda í fyrsta sinn sem sérstakir þættir um körfubolta eru sýndir yfir veturinn hér á landi. Ég veit nú ekki hvort ég stefni á frekari frama á þessum vettvangi en ég er fínn í að röfla um körfubolta."

## MÆTTI BÆTA SKÓBÚNAÐINN

Fatastíll Hermanns er að eigin sögn „casual smart" svo hann leyfi sér að sletta aðeins. „Oftast klæðist ég gallabuxum og bleiserjökkum en ég geng líka í jakkafötum þar sem þau tengjast starfi mínu. Ég fylgist helst með tískunni með því að horfa á fólk á förnum vegi enda er tískan úti um allt. Að öðru leyti glugga ég í blöð eins og GQ og Euroman og fer inn á síður eins og pinterest.com."

Honum finnst íslenskir karlmenn almennt klæðast vel. „Þó finnst mér karlmenn mega vera óhræddari við að klæðast aðeins ljósari litum. Notkun svartra jakkafata hefur sem betur fer minnkað og karlmenn eru sportlegri til fara í vinnunni en áður. Skóbúnaður er þó oft ekki nógu góður hjá karlmönnum og mættu fleiri huga betur að honum."

## GAMAN AÐ KÍKJA Í BÆINN

Aðspurður um uppáhaldsverslanir segist hann ekki fara mikið í aðrar fataverslanir hérlendis en þá sem hann vinnur í enda sé það óþarfi. „Mér finnst þó oft gaman að kíkja í miðbæinn um helgar og skoða hvað er að gerast þar. Þá kíki ég t.d. inn í Sturlu, Húrra Reykjavík og svo klikkar Hrím aldrei. Erlendis eru það aðallega verslanir í New York en þangað kíkir fjölskyldan stundum og heimsækir eldri soninn sem stundar þar nám og spilar körfubolta. Þar má helst nefna verslanir á borð við og Kith og Flightclub."



Sportleg jakkaföt fyrir vinnuna en jakkinn er líka flottur stakur við gallabuxur. Hvítu Boss Green strigaskórnir passa vel við jakkaföt og gallabuxur.



Nokkrir fylgihlutir í eigu Hermanns sem eru notaðir við ýmis ólík tilefni.

Hann segist ekki eiga sér neina uppáhaldshönnuði en fylgist þó mikið með skandinavískri hönnun auk þess sem Bergþóra Guðnadóttir hjá Farmers Market sé mjög flottur hönnuður. „Uppáhaldsflíkin mín er blái bleiserjakkinn minn enda er hann þarfasta eign hvers karlmanns. Hann er hægt að nota við öll tækifæri." Hann nefnir sama jakka sem uppáhaldskaupin sín en þau verstu séu hins vegar kvartbuxur sem hann keypti fyrir mörgum árum þegar þær þóttu vera töff. „Vel að merkja, kvartbuxur eru ALDREI töff á karlmönnum."


SUMARLÍNA
SPEEDO
ER KOMIN Í VERSLNIR
SPEEDOVERSLUN.IS
NÝJAR VÖRUR OG RAFRAEN ÚTGÁFA AF SUMARBAEKLING SPEEDO

speedo

# KREFJANDI OG LÆRDÓMSRÍKT

Tískusýning útskriftarnema í fatahönnun við hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands fer fram í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsinu í dag. Lokafrágangur var í fullum gangi þegar Fólk leit inn á vinnustofu nemenda í gær.

„Hér eru allir mjög spenntir en mjög stressaðir líka. Það er mikið að gera,“ sagði Ólöf Sigríður Jóhannsdóttir, ein níu fatahönnunarnema sem útskrifast frá Listaháskólanum í vor, þegar Fólk heyrði í henni hljóðið í gær.

Hún sá fram á langan dag og svefnlausa nótt en í dag sýna útskriftarnemar LHÍ í fatahönnun afrakstur þriggja ára náms í Hafnarhúsinu. Sýningin er einn af hápunktum útskriftarhátíðar skólans og undanfarnar vikur hafa nemendur lagt nótt við dag við lokafrágang.

„Hvert okkar þarf að vera með sex innkomur að minnsta kosti en mest tíu. Við erum flest einhvers staðar þarna á milli. Þetta eru allt mjög ólíkar línur og ótrúlega fyndið að sjá hvernig karakter hvers og eins skín í gegn,“ segir Ólöf.

**Hún er ánægð með námið**

„Þetta hefur verið mjög krefjandi nám og lærdómsríkt. Ég er ánægð með skólann, ég hafði ekki mikla reynslu þegar ég byrjaði í þessu námi en geng út reynslunni ríkari. Mig langar í starfsnám eftir útskrift, stefni á Berlín en ætla að sækja um nokkra staði. Maður verður að setja markið hátt.“

Er eigin lína í smíðum? „Eftir að ég lýk námi langar mig að vinna hjá einhverjum, allavega fyrstu árin áður en ég set mitt eigið merki á föt. Ekki endilega stórum aðila heldur jafnvel einhverju litlu fyrirtæki þar sem ég gæti verið stærri partur af ferlinu. En auðvitað væri spennandi að vinna hjá þekktum nöfnum,“ segir Ólöf.

Sýningin hefst klukkan 17 í dag. Síðar verður hægt að sjá fatalínurnar í návígi á útskriftarsýningu BA-nema í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi en hún verður opnuð á laugardaginn, 23. apríl, og stendur til 8. maí.



**Ólöf Sigríður Jóhannsdóttir, útskriftarnemi í fatahönnun LHÍ, sá fram á svefnlausa nótt þegar Fólk leit inn á vinnustofuna í gær. Útskriftarsýning fatahönnunarnema fer fram í dag klukkan 17 í Hafnarhúsinu.** MYND/ERNIR

> Mig langar í starfsnám eftir útskrift, stefni á Berlín en ætla að sækja um nokkra staði. Ólöf Sigríður Jóhannsdóttir



**Hver nemandi sýnir sex til tíu alklæðnaði á tískusýningunni í dag í Hafnarhúsinu. Fötin verður svo hægt að skoða á útskriftarsýningu LHÍ sem verður opnuð á sunnudag.** MYND/ERNIR






**Hemingway sést hér standa milli feðganna Cayetano og Antonio Ordóñez í nautahringnum í heimaborg þeirra, Ronda. Cayetano var fyrirmynd nautabanans Romero í „Og sólin rennur upp“ sem gerist að miklum hluta á San Fermín hátíðinni.**

# Í FÓTSPOR HEMINGWAYS Í PAMPLONA

Síðan skáldsaga Ernest Hemingways „Og sólin rennur upp“ kom út fyrir 90 árum hefur San Fermín hátíðin í Pamplona á Spáni verið vinsælasti áfangastaður nautaatsunnenda heimsins. Mjög erfitt er að útvega aðgöngumiða en fararstjóranum Örnólfi Árnasyni, sem er mikill áhugamaður um nautaat, tókst það engu að síður og efnir Ferðaskrifstofan Farvel nú í sumar til ferðar undir hans leiðsögn. Ferðin kallast „Í fótspor Hemingways“ og verður farin dagana 6. til 11. júlí. „Við komum við í Rioja til að smakka vínin og matinn en eyðum svo tveimur dögum við nautaat og hefðbundinn gleðskap San Fermín. Ferðinni lýkur svo með sólarhringsviðdvöl í Barcelona,“ upplýsir Örnólfur.



Hann segir morguninn á hátíðinni í Pamplona hefjast klukkan átta á „el encierro“ en þá hlaupa hundruð fífldjarfra manna á undan nautunum á 825 metra leið eftir þröngum götum borgarinnar og inn í nautahringinn. „Þar geta svo þeir sem vilja fengið að reyna sig í nautaati með því að kljást við kálfa,“ útskýrir Örnólfur. Síðan rekur hver viðburðurinn annan og má að hans sögn fullyrða að enn tröllríði hátíðahöldin Pamplonaborg þessa júlídaga líkt og segir frá í bók Hemingways. Áhugasömum er bent á farvel.is.


Granít
Steinar
Með áletrun og uppsetningu
verð aðeins kr: 309.900
Með áletrun og uppsetningu
verð aðeins kr: 239.900
Með lukt, áletrun og uppsetningu
verð aðeins kr: 303.900
Með áletrun og uppsetningu
verð aðeins kr: 319.900
Með áletrun og uppsetningu
verð aðeins kr: 159.900
Með áletrun og uppsetningu
verð aðeins kr: 119.900
Sendum út um allt land án kostnaðar
BIONDAN
MIKIÐ ÚRVAL LUKTA OG FYLGIHLUTA FRÁ BIONDAN,
EINUM VIRTASTA FRAMLEIÐENDA Í EVRÓPU
* Aukahlutir á mynd fylgja ekki
Granítsteinar.is – Helluhrauni 2 – Hafnafjörður – Sími: 544-5100
















# SÍUNG OG KLASSÍSK

Hin geðþekka leikkona **Andie MacDowell** fagnar 58. afmælisdegi sínum í dag. Fegurð hennar er síst farin að fölna eins og meðfylgjandi myndir bera vott um.

Andie MacDowell byrjaði ferilinn sem fyrirsæta á níunda áratugnum. Hún sat fyrir í Vogue og í auglýsingum fyrir merki á borð við Yves Saint Laurent, Vassarette, Armani og Calvin Klein. Hún leiddist síðan inn á svið kvikmyndanna og lék í sinni fyrstu mynd árið 1984, Greystoke: The Legend of Tarzan, Lord of the Apes. Reyndar var leikkonan Glenn Close fengin til að tala fyrir hana þar sem suðurríkjahreimur MacDowell þótti ekki viðeigandi.

MacDowell fór í kjölfarið að læra leiklist og fjórum árum síðar fékk hún hlutverk í mynd Steven Soderbergh, Sex, Lies, and Videotapes, en fyrir það hlaut hún ófá verðlaun. Þar með var björninn unninn og MacDowell fékk hvert hlutverkið á fætur öðru í myndum á borð við Green Card, The Object of Beauty og Short Cuts. Ferillinn náði svo hámarki árin 1993 og 1994 þegar út komu myndirnar Groundhog Day og Four Weddings and a Funeral.

Síðan þá hefur hún setið fyrir í auglýsingum og leikið í nokkrum sjónvarpsþáttum.





Andie McDowell er ávallt glæsilega til fara eins og þessar myndir sýna sem flestar eru frá síðasta ári. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sumargrill

21. apríl 2016

**KYNNINGARBLAÐ** Grillbúðin | MS | Járn og grill |



Grillbúðin hefur ákveðið forskot á keppinautana með því að bjóða upp á grill og grillvörur frá framleiðanda eins og Landmann. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Frábærar grillvörur í hálfa öld

**Grillbúðin** er eina sérverslun landsins sem selur bæði grill og garðhúsgögn. Verslunin hefur um níu ára skeið selt gæðavörur frá þýska grillframleiðandanum Landmann sem verður 50 ára í ár. Sérfræðingar Grillbúðarinnar aðstoða viðskiptavini við val á rétta grillinu.

Nú í ár verður þýski grillframleiðandinn Landmann 50 ára og verður fjöldi tilboða og uppákoma í Grillbúðinni af því tilefni. Grillbúðin, sem er til húsa á Smiðjuvegi í Kópavogi, er níu ára gamalt fjölskyldufyrirtæki og eina sérverslun landsins sem selur bæði grill og garðhúsgögn.

Að sögn Einars Long, framkvæmdastjóra Grillbúðarinnar, er það ákveðið forskot á samkeppnina að vera með vörur frá framleiðanda eins og Landmann. „Fyrirtækið hefur framleitt grill í 50 ár og setur metnað sinn í að framleiða gæðavöru og vera með frábæra varahlutaþjónustu. Við seljum yfir 50 gerðir af Landmann-grillum af öllum stærðum, einnig er til ágætt úrval af kolagrillum.“



Landmann hefur að sögn Einars Long, framkvæmdastjóra Grillbúðarinnar, framleitt grill í 50 ár og leggur metnað sinn í að framleiða gæðavöru og vera með frábæra varahlutaþjónustu. MYND/STEFÁN

Hann segir mikilvægt að hafa nokkur atriði í huga þegar grill eru keypt. „Orkan sem yfirleitt er mæld í kílóvöttum (kW) þarf að vera nægilega mikil til að grillun verði góð og taki ekki of langan tíma. Í bestu grillunum eru grillgrindur úr pottjárni en það skapar mestan yfirborðshita. Til að grillin endist vel og lengi þarf eldhólfið að vera postulínglerjungshúðað eða úr álsteypu. Annars er hætt við að grillið endist ekki lengi. Að lokum má nefna góða varahlutaþjónustu sem verður að vera til staðar svo grillið endist lengi því vissir hlutar eins og brennarar og hitajafnarar endast skemur en grillið sjálft.“

**Þjónusta og gæði**

Grill eru ólík í uppbyggingu og verði og eru sérfræðingar Grillbúðarinnar ávallt til taks til að aðstoða viðskiptavini við val á rétta grillinu. „Við mælum með vandaðri grillmerkjum eins og Landmann sem endast lengur frekar en að velja lakara vörumerki. Í því felst raunverulegur sparnaður.“

Í flestum grillum Grillbúðarinnar er ný tækni sem heitir PTS (Power Thermal Spreading). „Þessi tækni stuðlar að einstaklega jafnri hitadreifingu sem fæstir keppinautar Landmann ná. Þetta hefur nýlega verið staðfest með hitaprófunum af hlutlausum aðilum.“


Grillin fást í öllum stærðum.

Reykeldun eða BBQ-grillun, eins og vinsæl er í Bandaríkjunum, hefur aukist mikið í Evrópu á síðustu árum að sögn Einars. „BBQ grill eru tveggja hólfa kolagrill með hita og reyk í öðru hólfinu og matinn í hinu. Með þessari aðferð er maturinn reykeldaður á lágum hita í langan tíma og útkoman er einstök. Grillbúðin býður upp á mikið úrval af BBQ-grillum.“

Ekki má gleyma öllum skemmtilegu aukahlutunum sem setja svo skemmtilegan svip á grillmennskuna og borðhaldið um leið. „Við bjóðum m.a. upp á pitsusteina, kjúklingastanda, reykbox og reykspæni, hamborgarapressur og grænmetiskörfur.“

Frekari upplýsingar um grillin og aukahluti frá Landmann má finna á www.grillbudin.is.

# Grillið má nota sem bakaraofn

Grillið úti á palli er ekki bara til þess að flengja á það kjötsneiðum og kjúklingaleggjum yfir heitustu sumardagana. Funheitt grill getur jafnvel náð meiri hita en bakaraofninn í eldhúsinu og hví þá ekki að baka í því? Flatt brauð eins og naan-brauð er tilvalið og tekur stuttan tíma en líka er hægt að baka stóra brauðhleifa með harðri skorpu í grillinu. Pitsusteinn eða eldfastur pottur er allt sem þarf.


Einfalt brauðdeig sem látið er hefast yfir nótt er kjörið til að baka í grillinu.

Bökur, kökur og brauð er lítið mál að græja í grillinu og skemmtileg tilbreyting í matreiðsluna. Til dæmis má baka brauð með góðri skorpu í grillinu, allt sem þarf er góður leir- eða pottjárnspottur.

Daginn áður ætti að útbúa einfalt brauðdeig sem hefast á 12 til 18 tímum.

**Til dæmis:**
**3 bollar hveiti**
**1 ¼ tsk. salt**
**¼ tsk. instant ger**
**1 ⅓ bolli kalt vatn**

- Blandið öllu saman og látið deigið svo hefast undir loki í 12 til 18 tíma. Skafið þá deigið yfir á hveitiborið bretti og hnoðið aðeins saman, mótið í kúlu og látið hefast aftur í 1 til 2 tíma. Meðan seinni hefunin er í gangi má fara að undirbúa grillið og finna til pottinn.
- Forhitið grillið á fullu gasi. Munið að hafa lokið niðri. Þegar hitamælirinn sýnir um 260 gráður má draga aðeins niður í logunum.
- Setjið eldfastan pott inn í grillið og lokið því aftur. Látið pottinn hitna í minnst 15 mínútur. Eins væri hægt að nota pitsustein til að baka brauðið á og forhita hann þá í grillinu.
- Þegar potturinn er orðinn heitur skal taka hann út. Muna að nota hanska. Demba svo lúku af maísmjöli í pottinn og skella deiginu ofan í. Það þarf ekki að setja lokið aftur á pottinn, hann fer beint inn í grillið og því svo lokað.
- Brauðið er látið bakast í 35 til 40 mínútur í grillinu eða þar til það nær tæpum 100 gráða kjarnhita. Best er að mæla hitann í brauðinu eftir 30 mínútur og drífa það út ef það er orðið klárt. Ef ekki ætti að kíkja á hitamælinn á fimm mínútna fresti. (www.thekitchn.com)
- Þegar brauðið er bakað mætti demba ósöltuðu, mjúku smjöri í skál og þeyta duglega eða þar til það verður loftkennt og ljóst. Til að bragðbæta það má nota sjávarsalt og jafnvel slettu af ólífuolíu. Skera svo þykka sneið af brauðinu og smyrja með þeyttu smjöri.

**»Þegar potturinn er orðinn heitur skal taka hann út. Muna að nota hanska. Demba svo lúku af maísmjöli í pottinn og skella deiginu ofan í. Það þarf ekki að setja lokið aftur á pottinn, hann fer beint inn í grillið og því svo lokað.**


Grillaðar kjúklingabringur með fylltum sveppum.


Grillaðar lambasneiðar á gríska máta með fetaosti og smátómötum.

# Sumarið hefst með Gott í matinn

Á vefsíðu Gott í matinn er að finna fjöldan allan af gómsætum grilluppskriftum sem gaman er að prófa. Þar er m.a. sérstakur flokkur fyrir sumarlegar uppskriftir.

Sumardagurinn fyrsti er í dag og má segja að þessi dagur marki upphafið að grillsumri Íslendinga. Veðurguðirnir eru okkur ekki alltaf hliðhollir eins og við þekkjum öll svo vel, en við látum það ekki á okkur fá heldur tökum því sem býðst með bros á vör og kyndum upp í grillinu. Sama hvernig viðrar er alltaf tilefni til að skella einhverju ljúfmeti á grillið og gildir þá einu hvort við erum með sólgleraugu, í úlpu eða með regnhlíf. Það er bara eitthvað svo sérstakt við grillaðan mat, það er eins og bragðinu fylgi einhver sumarkeimur sem gleður jafnt unga sem aldna.

„Á vefsíðu Gott í matinn, gottimatinn.is, er að finna fjöldann allan af gómsætum og girnilegum grilluppskriftum sem gaman er að prófa,“ segir Guðný Steinsdóttir, markaðsstjóri MS. „Á síðunni er sérstakur flokkur fyrir sumarlegar uppskriftir þar sem finna má alls kyns góðgæti á borð við fyllt grillbrauð með camembert, grillaðar kjúklingabringur með fylltum portobellosveppum, ólíkar útfærslur af hamborgurum, sumarleg salöt og fleira.“ Það er nóg að renna yfir uppskriftalistann á síðunni til að komast í sumarskap og því ekki seinna vænna að kíkja í heimsókn og prófa.



„Á síðunni okkar er jafnframt haldið úti stórskemmtilegu og fjölbreyttu matarbloggi ásamt Pinterest-síðu, sem upplagt er að kíkja á til að fá innblástur og góðar hugmyndir fyrir grillveislur sumarsins,“ segir Guðný og er nokkuð viss um að spennandi grillsumar sé fram undan hjá bloggurunum og þá muni uppskriftasafnið stækka enn frekar. „Það er vert að fylgjast vel með síðunni í sumar og þá er líka tilvalið að finna okkur á Facebook því við erum alltaf í sólskinsskapi, hvernig sem viðrar,“ segir Guðný og sendir landsmönnum sínar bestu óskir um gleðilegt grillsumar.

## GRILLAÐUR KÚRBÍTUR

Grillaður kúrbítur er einstaklega góður með grilluðu kjöti. Mjög einfalt er að útbúa kúrbítinn og með þessari olíudressingu sem hér fylgir verður hann einstaklega ljúffengur. Uppskriftin miðast við fjóra.

**4 litlir kúrbítar**
**1 msk. rapsolía**
**Safi úr ½ sítrónu**
**1 msk. ólífuolía**
**1 hvítlauksrif**
**2 msk. fersk minta**
**4 msk. furuhnetur**
**½ tsk. salt**
**¼ tsk. pipar**

- Ristið furuhnetur á þurri pönnu. Skerið kúrbítinn í sneiðar og penslið þær með rapsolíu.
- Grillið í tvær mínútur á hvorri hlið.
- Blandið saman sítrónusafa, ólífuolíu, hvítlauk og mintu.
- Bætið salti og pipar saman við og hrærið allt saman.
- Hellið blöndunni yfir grillaðar kúrbítssneiðarnar og dreifið furuhnetum yfir.
- Saltið og piprið eftir smekk.


Kúrbítur er fyrirtaks meðlæti



# MEÐ HANDBRAGÐI FAGMANNSINS

Íslenska sveitin bregst aldrei. Þar er ferskleiki á hverjum hól og þar fær SS besta hráefni sem völ er á. Handbragð sterkra fagmanna SS gerir góða vöru enn betri og góð vara er lykillinn að góðum stundum. Veldu SS steikina með handbragði fagmannsins.

Íslenska sveitin og SS – fyrir þig.





Þessar uppskriftir eru fyrir sanna sælkera. Humar, svínasneiðar með gráðostasósu og ananas í eftirrétta. Fleiri uppskriftir er að finna á islandsmjoll.is.





# Þriggja rétta grillveisla

**Ingunn Mjöll Sigurðardóttir** hefur haft mikinn áhuga á matargerð og bakstri frá unglingsárum. Hún hefur safnað uppskriftum í langan tíma en árið 2008 stofnaði hún mataruppskriftaklúbbinn Sælkeraklúbbur Ingunnar. Ingunn gefur hér uppskriftir að sannkallaðri grillveislu. Þessar uppskriftir og fleiri má finna á vefsíðunni islandsmjoll.is.

**Humar à la carte Ingunn**
**1 kíló stór humar**

**Sósa**
**1 peli rjómi**
**1 dós lítil af tómatpúrra**
**Smá paprikukrydd**
**Smá karríkrydd**
**Smáklípa af smjöri**
**1 teningur, kjötkraftur eða annar ef vill eða notið salt og pipar í kvörn til að bragðbæta**
**8-10 saffranþræðir ef vill**

Bræðið smjörið í potti og setjið teninginn út í, blandið rjómanum saman við og hrærið vel, bætið svo 1-2 skeiðum af tómatpúrru út í og kryddið létt með papriku og karríi, smakkið til.

Klippið bakið á humrinum og þvoið svörtu röndina í burtu, raðið honum í eldfast mót eða setjið hann á grillið og kryddið létt með sítrónupipar. Setjið í ofninn heitan í um 10 mínútur á 180 °C.

Skerið út brauð með glasi og ristið. Setjið svo humarinn ofan á brauðið og sósuna yfir og sprautið smá sítrónu yfir.

**Grillaðar svínasneiðar með gráðostasósu**
*Fyrir 4*
**4 sneiðar grísainnralæri eða annað beinlaust svínakjöt í u.þ.b. 2 cm þykkum sneiðum, t.d. hnakki eða filé**
**Salt og pipar**
**4 stk. bökunarkartöflur**

**Gráðostasósa**
**½ stk. laukur, saxaður**
**1 msk. olía**
**½ estragon, þurrkað**
**150 g smjör**
**80 g gráðostur**
**2 dl rjómi**

Steikið laukinn í olíunni, bætið estragoni í og síðan rjóma. Sjóðið niður um helming og setjið smjörið út í í litlum bitum á meðan sýður. Rífið gráðostinn út í og sjóðið í u.þ.b. 2 mín.

Grillið kjötsneiðarnar í 5-7 mín. á hvorri hlið og kryddið með salti og pipar.

Bakið kartöflurnar á grillinu í 40-60 mín. eftir stærð.

Berið fram með gráðostasósu og bökuðum kartöflum.



**Grillaður ananas með grískri jógúrt**
**Ferskur ananas**
**Prins póló**
**Kókosflögur**
**Grísk jógúrt**
**Síróp**
**Karamellusósa**

Skerið ananas í sneiðar (ekki of þykkar). Setjið hann á álbakka/álpappír. Stráið kókosflögum og niðurskornu Prins pólói yfir. Setjið hann á grillið í um 15 mínútur eða þar til hann er vel mjúkur. Berið hann fram með grískri jógúrt og setjið ofan á smá síróp og karamellusósu.



Ingunn Mjöll Sigurðardóttir




weber
Fyrir allar gleðistundir við grillið

# Litadýrðin ræður ríkjum

Um árabil hefur Q1200-grilllínan frá Weber notið mikilla vinsælda hér á landi. Nú er hægt að kaupa grillin með fallega lituðu loki sem á eftir að setja skemmtilegan svip á grillveislur sumarsins. Nú fást einnig ný og betri kol frá Weber sem brenna lengur en fyrri kol.

Undanfarin ár hefur Q1200-línan frá Weber notið mikilla vinsælda meðal landsmanna. Í vor verða í fyrsta skipti til sölu grill úr sömu línu með lituðu loki en þau munu fást í fimm fallegum litum. „Um er að ræða appelsínugult, blátt, bleikt, fjólublátt og grænt lok. Nú getur því hver og einn grillari fundið sinn lit og lífgað upp á stemningu við grillið í sumar, hvort sem það er heima fyrir eða á ferðalagi um landið," segir Sævar Þ. Guðmundsson hjá Járni og gleri hf. sem er innflutnings- og dreifingaraðili fyrir Weber-grill hér á landi.

## Vel þekkt grill

Nýju litfögru grillin eru að öðru leyti eins og önnur Weber Q1200 grill sem seld hafa verið hér undanfarin ár að sögn Sævars, að því frátöldu að þau koma með slöngu og þrýstijafnara fyrir einnota gaskút, en hægt er að fá breytislöngu fyrir stóran gaskút. „Þessi grill eru litli bróðir Q2000-línunnar sem landsmenn þekkja mjög vel. Þau hafa verið með vinsælustu grillum á tjaldstæðum landsins undanfarin ár enda henta þau frábærlega vel í útileguna, í bústaðinn og bara í öll ferðalög. Svo er alltaf einhver hópur sem notar grillin heima fyrir, t.d. þeir sem kjósa lítil grill eða hafa ekki pláss fyrir stærri grill á minni svölum. Litfögru lokin eiga svo sannarlega eftir að setja svip sinn á grillsumarið fram undan." Grillflötur Q1200-línunnar er 32x42 cm og eru grillgrindurnar úr postulínglerungshúðuðu pottjárni. „Þau eru með rafstýrðum kveikjurofa, innfellanlegum hliðarborðum og hitamæli í loki svo fátt eitt sé nefnt."



„Litfögru lokin eiga svo sannarlega eftir að setja svip sinn á grillsumarið fram undan," segir Sævar Þ. Guðmundsson hjá Járni og gleri hf. sem er innflutnings- og dreifingaraðili fyrir Weber-grill hér á landi. MYND/PJETUR

## Ný og frábær kol

Járn og gler hóf líka nýlega innflutning á nýjum Weber-grillkolum. „Nýju Weber-kolin koma í tveggja, fjögurra, og átta kílóa pokum. Þau gefa mun betri hita, brenna lengur og hafa styttri uppkveikitíma. Við framleiðslu þeirra notar Weber eingöngu óméðhöndlaðan FSC-vottaðan úrgangsvið úr timbur- og húsgagnaiðnaði. Sannarlega frábær kol sem allir eigendur Weber kolagrilla ættu að prófa í sumar."

Inni á www.weber.is má finna allar nauðsynlegar upplýsingar um Q1200-línuna frá Weber auk upplýsinga um önnur gas- og kolagrill frá Weber og fjölda fylgihluta. Lista yfir söluaðila um land allt er einnig að finna á vefnum.

> Nú getur því hver og einn grillari fundið sinn lit og lífgað upp á stemningu við grillið í sumar, hvort sem það er heima fyrir eða á ferðalagi um landið.
>
> *Sævar Þ. Guðmundsson*



Nýju kolin frá Weber endast lengur.





Hægt er að velja úr fimm fallegum litum.


# SJÓÐHEITUR FÉLAGI

## Smágert grill - tilvalið í ferðalagið eða á svalirnar

Til í dökkgráu...




reddot design award

KOLAGRILL TILBÚIÐ Á 3 MÍNÚTUM

- Tilbúið til matreiðslu eftir 3-4 mínútur
- Afkastamikið og öflugt
- Innbyggð vifta sem tryggir kolum súrefni
- Tvöfaldur veggur - kemur í veg fyrir að ytra byrði hitni
- Mjög góð hitastýring á kolum
- Hægt að færa grillið til eftir þörfum meðan það er í notkun
- Fitan lekur ekki á kolin
- Auðvelt að þrífa - hægt að taka alveg í sundur
- Má fara í uppþvottavél
- Taska fylgir með

**Verð frá kr. 34.000,- m/vsk**



...og fleiri fallegum litum

FASTUS Veit á vandaða lausn

**Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16**
**Opið mán - fös 8:30 - 17:00**
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is


ora
Ástríða í matargerð
Lúxus Bernaisesósa
ora
Ástríða í matargerð
Lúxus Bernaisesósa
330ml
ORA grillsósur
fást í næstu verslun
www.ora.is




Í einni  veislunni sem Steingrímur sótti var fjöldi heilla grísa grillaður samkvæmt aðferðum Patagóníu-héraðsins.



Lömbin voru grilluð „butter-fly“ á járnkrossum.



Byrjað var að snúa grísunum upp úr kl. 4 um morguninn þannig að þeir væru tilbúnir seinni part dags.



Í Trapiche var bragðað á ungnauti sem var grillað heilt, strengt upp á grind.

# Grillið er mikilvægara en fótbolti

**Steingrímur Sigurgeirsson** dvelur þessa dagana í Argentínu þar sem hann sækir heimsmót vínþjóna. Daglegar grillveislur og heimsóknir í vínhús eru á dagskránni enda eru heimamenn þekktir fyrir mikla ástríðu á grilluðu kjöti auk þess sem víngerð stendur þar í miklum blóma.

Heilsteikt ungnaut, grísir, lömb og geitur voru meðal þess sem borið var á borð í grillveislum sem Steingrímur Sigurgeirsson hefur sótt undanfarna daga en hann er nú staddur í Argentínu. Steingrímur skrifar m.a. um mat og vín á vinotek.is og er einnig höfundur þriggja bóka um vín, m.a. Vín – Umhverfis jörðina á 110 flöskum, sem kom út á síðasta ári.

Þetta er þriðja heimsókn Steingríms til Argentínu og hafa ferðirnar allar verið tengdar víngerð landsins. Kveikjan að þessu sinni er heimsmót vínþjóna (Best World Sommelier) sem fór fram í Mendoza í Argentínu í vikunni. Þar kepptu rúmlega 60 vínþjónar frá öllum heimsálfum um þennan eftirsótta titil, þar á meðal fulltrúi frá Íslandi, Þorleifur Sigurbjörnsson eða Tolli.

„Matur og vín eru rótgróin í menningu Argentínu. Landið byggðist að miklu leyti upp af innflytjendum frá Ítalíu og Spáni og þeir komu með sínar hefðir að heiman og héldu í þær. Að sögn Steingríms er Argentína í fimmta sæti yfir helstu víngerðarríki heims og vínneysla hefur sögulega verið með svipuðum hætti og í suðurhluta Evrópu. „Það hefur hins vegar gífurlega mikið breyst frá því að ég kom til Mendoza í fyrsta skipti fyrir um sextán árum. Þá var eins og Argentíni væri risi sem væri að vakna úr dvala og færa sig inn í nútímann í víngerðinni. Nú hefur nútíma víngerð tekið á sig mun fullmótaðri mynd. Stóru vínhúsin draga vagninn en einnig hafa sprottið upp ógrynni af minni, spennandi víngerðarhúsum sem eru að gera magnaða hluti. Það eru gífurlega spennandi hlutir að gerast hérna.“

## Engin gasgrill sjáanleg

Það sem flestir tengja við argentínska matargerð er kjöt og þá ekki síst nautakjöt sem nær undantekningarlaust er eldað á grilli. Steingrímur segir Argentínumenn taka þá athöfn afskaplega hátíðlega. „Grillveislurnar eru kallaðar „asado“ og grillmeistarinn hverju sinni gegnir titlinum „asador“. Það eru þó hvergi nein gasgrill sjáanleg líkt og við þekkjum og ekki heldur kolagrill. Argentínumenn vilja ekki sjá neitt annað en trjávið og getur hann verið af margvíslegu tagi þó svo að forðast beri við úr trjátegundum sem gefa af sér of afgerandi ilm. Viðurinn er brenndur á nokkurs konar varðeldi við hliðina á sjálfu grillinu eða „parilla“ og þegar hann er orðinn að hvítum viðarkolum er heit askan sett undir grillið í þunnu lagi og síðan bætt við eftir þörfum.“

Grindin er töluvert hátt yfir hitagjafanum, að minnsta kosti einhverja tugi sentimetra. Steikurnar eru því ekki grillaðar hratt heldur látnar liggja lengi á grillinu og hægeldast. „Þannig tekur að minnsta kosti 20 mínútur að grilla væna Ribeye-steik. Kjötið er ekki kryddað eða marinerað, einungis er notað salt fyrir eða eftir grillun.



Steingrímur Sigurgeirsson fékk að sjálfsögðu að prófa grillið á La Barra sem er besta steikhúsið í  Mendoza.

Með þessu er oft borið fram lítið annað en salat en stundum einnig grillað grænmeti og chimichurrosósa, kryddjurtir, ekki síst steinselja í ediki og/eða mauk úr söxuðum lauk, chili, olíu og kryddjurtum.“

## Snillingur grillar

Í tengslum við heimsóknina heimsótti Steingrímur mörg af þekktari vínhúsum Argentínu, s.s. Trapiche, Catena, Trivento, Terrazas, Rutini, Zuccardi og Clos de la Siete. Þessum heimsóknum fylgdu oftar en ekki miklar asado-veislur og í þremur þeirra var það Francis Mallmann, virtasti grillmeistari heims, sem sá um matargerðina. „Mallmann hefur verið í miklu dálæti um langt skeið og bókin hans Seven Fires er líklega sú matargerðarbók sem ég held hvað mest upp á,“ segir Steingrímur. „Hann er mikill snillingur og leikur sér með eldinn eins og fáum er lagið.“

Mallmann notar ekki síst hinar hefðbundnu aðferðir Patagóníuhéraðsins í suðurhluta landsins þar sem skrokkarnir eru spenntir heilir upp á járnkross og grillaðir heilir eða „asado al palo“. Þemað í hverri veislu var ólíkt hjá Mallmann. Í einni voru grísir grillaðir heilir og snúið yfir eldinum, í annarri voru heilar ribeye-steikur hægeldaðar hangandi hátt yfir eldinum og í þeirri þriðju voru geitur og lömb grilluð „butter-fly“ á járnkrossum. Þess konar matargerð tekur langan tíma og var t.d. byrjað að snúa grísunum upp úr klukkan fjögur um morguninn þannig að þeir væru tilbúnir í matargestina seinni part dags.“

## Mikið sjónarspil

Hann segir magnað að sjá þær aðferðir sem Mallmann notar þar sem hann sækir í allar hina hefðbundnu aðferðir Argentínumanna við grilleldun, s.s. asado, og blandar þeim saman við nútíma matargerð. „Mallmann starfaði um tíma í Frakklandi með nokkrum af bestu matargerðarmönnum þess lands, s.s. Paul Bocuse. Þetta er mikið sjónarspil og það var magnað að ganga inn í garðinn hjá vínhúsinu Catena Zapata þar sem grísaveislan var haldin,“ segir Steingrímur. Ekki síður var það tilkomumikil sjón, þar sem Mallmann kom reyndar ekki við sögu, að koma til Trapiche þar sem tvö ungnaut voru grilluð heil, strengd upp á grind „butterfly“.

„Það er engin þjóð sem tekur grillið eins alvarlega og Argentínumenn, þetta skiptir í þeirra huga jafnvel meira máli en sjálfur fótboltinn og ekki spillir fyrir að Malbec-vínin þeirra eru eitthvað það besta sem hægt er að hugsa sér með grilluðu kjöti,“ segir Steingrímur.

# HELSTU ÚTIGRILL BORGARINNAR

Útigrill er að finna á nokkrum stöðum í borginni sem almenningur hefur aðgang að, en það getur verið mjög sniðugt að efna til ýmiss konar samfagnaðar og veislna í kringum slík grill enda þarf ekki að takamarka fjöldann eins og þegar boðið er í heimahús.

Algengt er að hinir ýmsu námskeiðs- og vinnuhópar safnist saman við slík grill á sumrin auk þess sem fólk heldur afmæli, saumaklúbba og vina- og fjölskyldumót af ýmsu tagi.

Helstu útigrill á vegum borgarinnar er að finna í Hljómskálagarðinum og á Klambratúni. Þá eru útigrill á leik- og útivistarsvæðinu við Gufunesbæ og á Kjalarnesi. Eins er Skógræktarfélag Reykjavíkur með útigrill og sér Skógræktin um að þjónusta þau. Þá eru útigrill í Fjölskyldugarðinum en til að nýta þau þarf að vera búið að greiða aðgangseyri.

Að sögn Bjarna Brynjólfssonar, upplýsingastjóra Reykjavíkurborgar, gilda engar sérstakar reglur um notkun grillanna. „Fólk er þó vinsamlega beðið um að taka með sér rusl sem til fellur við grillið og ganga snyrtilega um útivistarsvæðin.“


**Útigrillin á Klambratúni og í Hljómskálagarðinum eru vel nýtt á sumrin.**



## Gómsæt marinering á kjúklinginn

Þessi marinering svíkur engan. Því lengur sem kjúklingurinn fær að liggja í henni því betra. Kjúklingurinn verður bragðgóður einn og sér en það er líka um að gera að dýfa honum í góða sósu.

**2 msk. tómatsósa**
**2 msk. tamarisósa**
**1 hvítlauksgeiri**
**1 msk. sesamolía**
**1 msk. sítrónusafi**
**1-2 tsk. rifin engiferrót**
**1 msk. hunang eða önnur sæta**

Blandið öllu saman í skál. Skerið kjúklinginn í hæfilega strimla og blandið við marineringuna. Látið standa í ísskáp í a.m.k. tvær klukkustundir eða jafnvel yfir nótt. Stingið grillspjótum í gegnum hvern bita. Munið að leggja þau í bleyti fyrst svo kjötið festist ekki við og grillið þar til fulleldað.



## Svínakjöt á grillið

Svínakjöt er mjög gott þegar það hefur verið grillað á útigrilli. Hér er mjög einföld uppskrift að svínalund sem skorin er í bita. Uppskriftin miðast við fjóra.

**600 g svínalund**
**2 msk. olía**
**½ tsk. salt**
**½ tsk. nýmalaður pipar**
**2 tómatar**
**150 g gráðostur**

Penslið kjötið með olíu og kryddið með salti og pipar. Grillið á góðum hita í 2 mínútur á hverri hlið (fer svolítið eftir stærð bitanna). Lækkið hitann og látið halda áfram í 3 mínútur.
Skerið tómata og gráðost í sneiðar. Leggið eina tómatsneið og ost ofan á hvern kjötbita á grillinu. Látið ostinn bráðna.
Berið fram með grænmeti og sætkartöflumús.









Bára lýsir stílnum sínum sem þægilegum og tímalausum. „Ég reyni að eltast ekki við augljósar tískuflíkur sem fást í flestum verslunum hér á landi og reyni að versla annaðhvort á netinu eða sauma mitt eigið.“ MYND/STEFÁN

# SIGRAR MEÐ SAUMAVÉLINNI

Þegar **Bára Atladóttir** hefur gert slæm kaup sigrast hún á flíkunum með saumavélinni og breytir þeim þannig að hún getur notað þær.

Bára Atladóttir saumar yfirleitt fötin sín sjálf og finnst best að að fara til útlanda í efnabúðir til að kaupa efni svo hún sé pottþétt á því að koma ekki heim á klakann og mæta næstu manneskju í sömu flík. „Ég hef verið að sauma síðan ég man eftir mér en mamma var og er mikil saumakona sem kenndi mér mikið. Ég útskrifaðist af listnámsbraut FG með aðalfókus á hönnun fyrir þremur árum og eftir það hoppaði ég á milli saumastofa og íslenskra hönnuða þar til ég ákvað að prófa að fara að sauma sjálf og selja til vina og vandamanna. Það gekk rosalega vel þannig að ég stofnaði litla Facebook-síðu sem ég gat dúllað mér að sauma fyrir en upp á síðkastið hef ég haft meira og meira að gera og sit nánast öll kvöld við saumavélina og sauma.

**Hefurðu lengi pælt í tískunni?** Ég pældi ekki meðvitað í henni þegar ég var yngri en pæli mikið í henni í dag og elska að skoða gömlu sníðablöðin hennar mömmu því þar er hægt að fá snið af öllu því sem er í tísku í dag.

**Hvernig klæðir þú þig hversdags?** Þröngt að neðan – vítt að ofan. Ég prófaði spandex leggings fyrir nokkrum árum og þá varð ekki aftur snúið, ég á að minnsta kosti sex svona buxur og nota þær til skiptis alla daga! Elska svo að vera í þægilegum, víðum og síðum bolum og kjólum við. Svo er það síð, góð peysa til að kóróna allt saman og ég hef verið að falla fyrir vestum nýverið svo ég er oftast í rasssíðu leðurvesti utan yfir öllu saman.

**Hvernig klæðir þú þig spari?** Ég á erfitt með að klæða mig spari því ég tími aldrei að spara fínu fötin fyrir nein tilefni og nota örugglega 98 prósent af fataskápnum mínum dagsdaglega, en ég er dugleg að nota kimono-sloppa sem ég sauma sjálf og nota þá óspart við fínni tilefni.

**Hverjar eru þrjár mest notuðu flíkurnar í skápnum?** Svörtu leggingsbuxurnar sem ég nota til skiptis, síða leðurvestið sem ég fjárfesti nýverið í úti í Brighton og svartur gegnsær „mesh“-bolur með þröngum, síðum ermum sem ég saumaði mér fyrir örugglega fimm árum og ég verð ekki leið á.

**Hvað veitir þér mestan innblástur?** Annað fólk veitir mér innblástur – ég elska að sitja og horfa á fólk í fjölmenni og hvað fötin geta gert ótrúlega mikið fyrir hvern og einn.

**Eyðir þú miklu í föt?** Ég eyði mjög litlu í föt, og er það að miklu leyti vegna þess að ég finn alltaf eitthvað að fötum sem ég máta og skoða í búðum. Í þau fáu skipti sem ég fjárfesti í tilbúinni flík út úr búð fer ég beinustu leið heim að breyta henni eftir mínum þörfum. Ég vil frekar kaupa mér falleg efni og sauma eitthvað eftir eigin höfði sem passar vel á réttum stöðum.

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Fyrir stuttu var mér boðið í útskriftarveislu sem ég var ákveðin í að sauma mér kjól fyrir. Ég eyddi tveimur dögum í að klippa út litla tígla og pressa á efni áður en ég náði loksins að sníða kjólinn og vakti hann mikla lukku! Hann er klárlega orðið nýja uppáhaldsflíkin mín því ég veit hvað ég eyddi miklum tíma og orku í hann.

**Uppáhaldshönnuður?** Ég elskaði allt sem kom frá Munda, en eftir að hann hætti með búðina hér heima hef ég ekki getað valið mér neinn uppáhalds, enda á ég mér frekar uppáhaldsflíkur heldur en hönnuð.

**Bestu kaupin?** Síða leðurvestið sem ég keypti fyrir stuttu í Brighton.

**Verstu kaupin?** Ég man ekki til þess að hafa gert svo hræðileg kaup, ég næ oftast að tækla slæm kaup með því að klippa flíkina í sundur og mixa hana saman með öðru efni svo hún verði að fínni flík – ég á enn eftir að hitta þá flík sem ég sigrast ekki á með saumavélinni.





20-60% afsláttur
af völdum vörum!
Stærðir 36-56
FRÁBÆR SUMARTILBOÐ!
ZIK ZAK
TÍSKUHÚS
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 4.990 St. S-XXXL
PEYSA ÁÐUR 6.990 NÚ 3.990 St. S-XL
PEYSA ÁÐUR 4.990 NÚ 2.990 St. S-XXXL
JAKKI ÁÐUR 14.990 NÚ 9.990 St. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 7.990 NÚ 4.990 St. S-XXXL
TOPPUR ÁÐUR 6.990 NÚ 3.990 St. S-XXXL
BLÚSSA ÁÐUR 4.990 NÚ 1.990 St. S-XXL
SKYRTA ÁÐUR 7.990 NÚ 4.990 St. 42-56
PEYSA ÁÐUR 7.990 NÚ 1.990 St. S-XXXL
SKYRTA ÁÐUR 7.990 NÚ 4.990 St. 42-56
PEYSA ÁÐUR 7.990 NÚ 1.990 St. S-XXL
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

NETBÍLAR www.netbilar.is



**GLÆSILEGUR AUDI Q5 2015 ÁRGERÐ**

Audi Q5 V6T Quattro ekinn 4.þkm disel,ssk,5,9 í 100, nývirði 9,7.m feitletrað TILBOÐ 8,3.m raðnúmer 213423 Bíllinn er á staðnum í núpalind 1 kóp.5885300

**Netbílar.is**
**Núpalind 1 .Lindum Kópavogi, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

STÓRA BÍLASALAN



Vegna góðs samstarfs við Toyota getum við boðið þessa bíla á lækkuðu verði aðeins 2.790.000kr! Sjá nánar á www.stora.is.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



CHEVROLET Captiva. Árgerð 2013, ekinn 42 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.970.000. Rnr.991750.



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2014, ekinn 73 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.450.000. Rnr.170007. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES-BENZ ML 350 bluetec 4matic. Árgerð 2014, ekinn 29 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 10.990.000. Rnr.991697.



PEUGEOT 206 performance. Árgerð 2006, ekinn 146 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 880.000. Rnr.991758.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

BORGARBÍLASALAN 580 8900 • borgarbilasalan.is



**ÞESSI VERKLEGI!!!**

'15 TOYOTA RAV4 GX. EK 38Þ, DÍSEL, BEINSK. KLÁR Í FERÐALAGIÐ. VERÐ 4.380 ÞÚS. #451255. S: 695 2015



**ÞESSI SÍVINSÆLI 7 MANNA!!!**

'12 TOYOTA LC 150 GX. EK 166Þ, DÍSEL, SJÁLFSK. SKOÐAR SKIPTI!!! VERÐ 6.680 ÞÚS. #451017. S: 695 2015



**FLAGGSKIPIÐ!!!**

'15 M.BENZ ML250 BLUETEC. EK 56Þ, DÍSEL, 7 GÍRA SJÁLFSK. FULLBÚINN OG FLOTTUR!!! VERÐ 9.880 ÞÚS. #451233. S: 695 2015

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

BÍLAHÖLLIN S: 567-4949



Porsche Cayenne Turbo 11/2007 ek.105þús. Sjálfskiptur. Bakkmyndavél. Bose hljóðkerfi. Skoðar skipti á Discovery dýrari eða Landcruiser 150. Ásett verð 5.990.000.-



MMC Outlander Intens 2.2 Diesel 2/2015 ek.39þús. Sjálfskiptur. Leður. Bakkmyndavél. Ásett verð 5.490.000.- Rnr.288027



Suzuki SX4 S-Cross 4x4 3/2014. Sjálfskiptur. Leður. Glerþak. Ásett verð 3.690.000.- Rnr.311645

BÍLAHÖLLIN S: 567-4949



Toyota Land Cruiser 120 LX 5/2004 ek.206þús. Sjálfskiptur. Skipt um tímareim í 150þús. Ásett verð 2.890.000.- Rnr.287961



Toyota Aygo X-Play 4/2015. Ekinn 7þús. Beinskiptur. Eyðsla um 4-5 L. Ásett verð 1.990.000.- Rnr.151550

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**




100 bílar bílasala .is



Dodge Ram 1500 SLT, 5/2011, ek 76 þús km, sjsk, bensín, ásett verð í skiptum 6.690 þús, tilboðsverð 6.190 þús, raðnr 151910.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



VW Golf 2009 ek 79þ. sjálfsk. Gott eintak - Vel búinn. Tilboðsverð 1.650 þús stgr. S: 825-6352



**BÆNDUR/FERÐAÞJÓNUSTA**

Iveco Massif dísel, 2010, 6 gíra, hátt og lágt drif,læsingar, ekinn aðeins 99þ. km. Verð 3.900þ Uppl. 820-5181

## Nýir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum

# Rafbílar frá 1.990 þús.



Mitsubishi Outlander PHEV

**Nýr 4x4 Rafbíll**



**Outlander Tvinn-Jeppi**

Flottur rafbíll í innanbæjar akstur og er einnig með eyðslugrannri bensínvél fyrir lengri ferðalög

**Fáðu betra tilboð á www.islandus.is**

**100% fjármögnun og íslensk ábyrgð í boði.**

Islandus hefur í meira en áratug aðstoðað við kaup á nýjum og nýlegum bílum frá Evrópu og USA. Fjölmargir hafa sparað hundruði þúsunda, jafnvel milljónir króna, með beinum innflutningi.

Ford TOYOTA Audi MITSUBISHI MOTORS GM DODGE NISSAN **islandus.is**

**www.islandus.is — facebook.com/islandusbilar — Sími: 552 2000**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**SEYÐISFJÖRÐUR**
2herbergja 64fm kjallaraíbúð á góðum stað 70þ m/hita&raf. Laus strax s: 778 3340

## Húsnæði óskast

Kona á miðjum aldri óskar eftir leiguhúsnæði. Er í föstu starfi, menntuð innan heilbrigðisgeirans og gæti veitt aðstoð öldruðum í heimahúsi uppí leigukostnað.Uppl. í s. 820 9561

## Sumarbústaðir



Útvegum efni í hágæða-timburhús frá Finnlandi. Sumarhús- einbýlishús Fjölbreytt úrval- gott verð.
Upplýsingar hjá **ghalldor@simnet.is**

## Geymsluhúsnæði

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Castello PIZZERIA

**CASTELLO PIZZERIA**
óskar eftir hraustum og duglegum starfskrafti í full og hlutastarf, þarf að vera með bílpróf. Sendið umsóknir á castello@simnet.is eða í síma 692 3051 wishes healthy and energetic Employer to full and part time work , must have drivers license. Send applications at castello@simnet.is or call 692 3051

KvikkFix
Hvaleyrarbraut 4-6 - Hafnarfjörður - S: 571-1500

**STARFSFÓLK ÓSKAST Í EFTIRFARANDI STÖRF.**
a) Manneskju í bókhald. 50-100% starf. Sveigjanlegur vinnutími.

b) Manneskju í móttöku. 50-100% starf. Sveigjanlegur vinnutími.

c) Menn í smur- dekkjavinnu og léttar viðgerðir.

**Áhugasamir vinsamlega sendið tölvupóst með kynningu á hinrik@nrg.is fyrir 26. apríl.**

**VANTAR VANA MENN Á DEKKJAVERKSTÆÐI DEKKVERK. NOKKRAR STÖÐUR LAUSAR.**
1. Verkamaður á gólfi.

2. Sölumaður í afgreiðslu.

3. Sumarstarfsmenn í törn tímabundna vinnu.

Góð laun í boði fyrir hraða og góða menn. Möguleikar á stöðuhækkun og framtíðarstarfi fyrir klára menn. Vinnutími 10-19
**Upplýsingar í síma 578-7474 Einar Björgvin, eða koma á staðinn**

**SUMARSTARF**
Ábyrgur starfsmaður óskast í ræstingastörf á gistiheimili í 101. 50% starf, möguleiki á aukavinnu.

Umsókn sendist á: vonguesthouse@gmail.com

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG STARFSMENN?**
Erum með iðnaðarmenn og almenna verkamenn á skrá sem geta byrjað fljótlega. Einnig bílstjóra með meirapróf

Við finnum réttu mennina fyrir þig.

Verkleigan sími:780-1000

e: vinna@verkleigan.is

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

## fasteignir

LUNDUR
FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 10 - 2.hæð • 108 Reykjavík
533-1616
*Karl Gunnarsson og Kristján P. Arnarsson, löggiltir fasteignasalar*







**GLEÐILEG SUMAR GÓÐIR LANDSMENN**

**OPIÐ HÚS HJÁ OKKUR Í DAG MILLI KL 14 OG 15**

**Við erum með til sölu einkar skemmtilega sérhæð að Skipasundi 49 sem er til sýnis í dag frá kl 14-15.**
Hæðin er um 86 fm auk 40-50 fm í kjallara eða samtals um 135 fm íbúð auk bílskúrs. Sérinngangur. Samliggjandi góðar stofur. Vandað eldhús. 2 góð herbergi á hæðinni. Góðar svalir og útgengt í garðinn. Flísalagt baðherbergi með kari. Í kjallara eru tvö góð herbergi m.m. Gólfefni: parket og flísar. Bílskúrinn er lúinn og komin tími á að taka hann í gegn. Sérlega glæsilegur og skjólgóður bakgarður. Afar falleg og vönduð íbúð. **Verð 44 millj.**
**Karl Gunnarsson, sími 898 2102 verður á staðnum í dag á milli kl 14-15, verið velkomin.**

Sími 533 1616 • Þjónustusími 891-9916 • www.lundur.is • lundur@lundur.is

JÖFUR 534 1020
ATVINNUHÚSNÆÐI
Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is

# TIL LEIGU

## GOTT ÚRVAL SKRIFSTOFUHÚSNÆÐIS Í HLÍÐA- OG HOLTASMÁRA

| | | |
|---|---|---|
| Hlíðasmári | Skrifstofuhúsnæði | 256 fm. |
| Hlíðasmári | Skrifstofuhúsnæði | 302 fm. |
| Hlíðasmári | Skrifstofuhúsnæði | 360 fm. |
| Hlíðasmári | Skrifstofuhúsnæði | 490 fm. |
| Hlíðasmári | Skrifstofuhúsnæði | 408 fm. |
| Hlíðasmári | Skrifstofuhúsnæði | 896 fm. |
| Hlíðasmári | Skrifstofuhúsnæði | 511 fm. |
| Hlíðasmári | Skrifstofuhúsnæði | 120 fm. |
| Hlíðasmári | Skrifstofuhúsnæði | 170 fm. |
| Holtasmári | Skrifstofuhúsnæði | 477,9 fm. |
| Holtasmári | Skrifstofuhúsnæði | 360 fm. |

Allar nánari upplýsingar veitir:



**Bergsveinn Ólafsson**
*Löggiltur leigumiðlari*
*Rekstrarfræðingur*

**534 1028 / 863 5868**
**bergsveinn@jofur.is**



# ERTU MEÐ ÍBÚÐ TIL LEIGU?

Skráðu hana hjá okkur áður en hún losnar og komdu í veg fyrir leigulausan tíma

## Leigulistinn býður þér að auglýsa á leigulistinn.is

FRÍTT

Þú getur skráð íbúðina sjálf/ur í gegnum heimasíðuna eða með símtali til okkar.

Hjá okkur hefur þú möguleika á að betrumbæta auglýsinguna og breyta því sem þér hentar - hvenær sem er.

Fyrir frekari upplýsingar er þér velkomið að hringja í síma **511-1600** eða senda okkur tölvupóst á ibud@leigulistinn.is og við veitum þér hlýja og persónulega þjónustu.

LEIGULISTINN
LEIGUMIÐLUN
SKIPHOLTI 50B 105 REYKJAVÍK S. 511-1600 ibud@leigulistinn.is www.leigulistinn.is

## HÚSIÐ BRÆÐRABORGATSTÍGUR 16 OG LÓÐIN DRAFNARSTÍGUR 9.

Húsið stendur á horni Öldugötu og Bræðraborgarstígs. Húsið hýsti áður bakarí og síðar bókaforlag Iðunnar. Það hefur allt verið gert upp og er hið glæsilegasta. Drafnarstígur 9 er 207 fm lóð og liggur að húsinu baka til og nýtist í dag sem bílastæði fyrir heildarbygginguna. Húsið er byggt upprunalega árið 1930 samkvæmt skráningu Þjóðskrár Íslands. Um er að ræða skrifstofu, verslunar og iðnaðarhúsnæði á tveimur hæðum ásamt rishæð og kjallara. Húsin eru steinsteypt.



**Nánari upplýsingar um eignina gefa**



**Kjartan Hallgeirsson**
fasteignasali
s.824 9093



**Hilmar Þór Hafsteinsson**
löggildur fasteignasali
s. 824-9098

EIGNAMIÐLUN
Sala fasteigna frá 1957
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

# KRÓNAN







**299 kr. stk.**
Lay´s snakk Cheese Onion, Paprika, Salted og Sour Cream Onion

**3 fyrir 2 af Lay's**

## 100% hamborgarabúðin þín

90g - 469 kr. pk.
120g - 599 kr. pk.
175g - 849 kr. pk.

alltaf 2 stk. í pakka




**-25%**

**149 kr. stk.**
Verð áður ~~199~~ kr. stk.
Toppur, epla 2L

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

# KRÓNAN



-15%

# 319 kr. stk.

Verð áður ~~379~~ kr. stk.

**Pestó** rautt, grænt, með chili og hvítlauk, valhnetu og pipar og ítölskum kryddjurtum. **Pastasósa** með tómati og basil-, chili- og hvítlauki

# Jamie Oliver

## 15% afsláttur af völdum vörum!

-15%

# 209 kr. stk.

Verð áður ~~249~~ kr. stk.

Spaghetti, lasagneplötur, Penne og Fusilli pasta

## Viltu vinna!

**Verslaðu Jamie Oliver vöru**

## ...og þú gætir unnið - sælkeraferð til London

- Flug og hótel fyrir tvo/3 nætur
- 250 pund í peningum
- hádegismat á Jamie Oliver's Italian
- kvöldverð á Jamie Oliver's Fifteen

Nánar á kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl


ilmurinn er indæll
og bragðið eftir því
Katla
vöfflur
500 g
Katla
vöfflur
ÞURREFNABLANDA
Létta uppskriftin
www.katla.is




## ÍBV – 9. sæti

**SPÁ ÍÞRÓTTADEILDAR 365**

| | | |
|---|---|---|
| 1. sæti ? | 5. sæti ? | 9. ÍBV |
| 2. sæti ? | 6. sæti ? | 10. ÍA |
| 3. sæti ? | 7. sæti ? | 11. Víkingur Ólafsvík |
| 4. sæti ? | 8. sæti ? | 12. Þróttur |

**GENGI SKAGAMANNA SÍÐUSTU SEX SUMUR**

| 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 |
|---|---|---|---|---|---|
| 3 ↑ | 3 - | 3 - | 6 ↓ | 10 ↓ | 10 - |
| A-deild | A-deild | A-deild | A-deild | A-deild | A-deild |

**STÆRSTA NAFNIÐ SEM KOM**

**Pablo Punyed**

Frábær miðjumaður sem kom til Eyja frá Stjörnunni.

**STÆRSTA NAFNIÐ SEM FÓR**

**Jose „Sito“ Enrique**

Maðurinn sem bjargaði ÍBV frá falli er farinn í Fylki.

**ÞJÁLFARI Bjarni Jóhannsson**

Bjarni er tekinn við Eyjaliðinu öðru sinni og hefur fengið fjárráð til að styrka það. Bjarni gerði ÍBV að Íslandsmeistara '97 og '98.

**Í BESTA/VERSTA FALLI**

| 12 | 11 | 10 | 9 | 8 | 7 | 6 | 5 | 4 | 3 | 2 | 1 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|

ÍBV missti tvo sterka leikmenn en hefur fengið góða menn. Liðið getur verið í fallbaráttu en gangi allt upp er mið deild séns.

→ **Gunnar Heiðar Þorvaldsson kom heim á miðju síðasta sumri. Hann byrjar mótið meiddur en kemur vonandi, fyrir Eyjamenn, sterkur inn í júní. Hann ætlar sér stóra hluti á næstu árum.**

**Nánar á Vísi ›**

# Hvað tekur nú við hjá Conor?

**Írinn Conor McGregor segist vera hættur í MMA og mun ekki keppa á UFC 200 í sumar. Það er mikið undir hjá UFC að fá hann til baka. Conor æfir á Íslandi með Gunnari Nelson þessi dægrin.**

**MMA** Írinn Conor McGregor kom heiminum á óvart á þriðjudagskvöldið þegar hann lýsti því yfir á Twitter að hann væri hættur í MMA. Flestir héldu að um grín væri að ræða en fljótlega kom þó í ljós að það var mikil alvara að baki þessum orðum.

Fjórum tímar síðar kom Dana White, forseti UFC, í sjónvarpið og lýsti því yfir að UFC hefði ákveðið að draga Írann úr keppni í UFC 200. Ekki að hann yrði ekki með þar sem hann væri hættur.

Ástæðan sem UFC gaf var sú að Conor væri ekki á leiðinni til Las Vegas til þess að sinna skyldum sínum í vinnu á kynningarefni fyrir bardagakvöldið. Hann væri frekar á Íslandi að æfa. Þessi útskýring þykir ansi þunn og flestum ljóst að málið ristir dýpra en það.

Flestir telja að McGregor og UFC séu í deilu vegna peninga. Hann er helsti gullkálfur sambandsins og færir UFC gríðarlegar tekjur. Hann vill væntanlega fá stærri hlut af kökunni en fékk ekki sitt fram, aldrei þessu vant, hjá UFC sem hefur hingað til látið allt eftir honum. UFC er aftur á móti þekkt fyrir að halda ansi fast um budduna.

Svo hafa menn velt því upp að dauðsfallið á Írlandi fyrir rúmri viku hafi haft svo djúpstæð áhrif á Írann að hann hafi ákveðið að hætta. Í það minnsta tímabundið. Conor sat á fremsta bekk er Joao Carvalho tapaði fyrir liðsfélaga McGregors, Charlie Ward. Carvalho lést tæpum tveimur dögum síðar af höfuðmeiðslum.



Það eina sem er ljóst er að Conor McGregor er hættur í MMA. Í það minnsta tímabundið. Tíminn verður að leiða í ljós hvort hann nái sáttum við UFC sem tapar miklu á því að hafa hann á hliðarlínunni.

Þó svo Írinn segist vera hættur að keppa er hann ekki hættur að æfa. Hann kom til Íslands í upphafi vikunnar til þess að æfa með Gunnari Nelson en okkar maður berst í Rotterdam þann 8. maí næstkomandi.

**henry@frettabladid.is**

FÉLAG RAFEINDAVIRKJA
STOFNAÐ 1988

**AÐALFUNDUR**
**Félags rafeindavirkja**

Aðalfundur Félags rafeindavirkja 2016 verður haldinn þriðjudaginn 26. apríl 2016 kl.17:30 á Stórhöfða 27, gengið inn að neðanverðu.(Grafarvogs megin)

**Dagskrá:**
- Venjuleg aðalfundarstörf.
- Kosning fulltrúa á ársfund Stafa lífeyrissjóðs.
- Önnur mál.

Reykjavík 20.apríl 2016

*Stjórn Félags Rafeindavirkja*

***Áður en aðlfundur FRV hefst verður kynning frá fyrirtækinu "Teledyne Gavia" sem framleiðir ómannaða smákafbáta. Kynningin hefst kl.17:30***

## Nýjast

**Enska úrvalsdeildin**

| | |
|---|---|
| West Ham | 3–1 Watford |
| Liverpool | 4–0 Everton |
| Man. Utd. | 2–0 C. Palace |

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Leicester | 73 | Crystal P. | 39 |
| Tottenham | 68 | Norwich | 31 |
| Man. City | 61 | Sunderland | 30 |
| Arsenal | 60 | Newcastle | 29 |
| Man. United | 59 | Aston Villa | 16 |

BIKAR Á LOFT Í KVÖLD

Úrslitin munu ráðast í Lengjubikarkeppni karla í kvöld en þá mætast Víkingur og KR í úrslitaleik keppninnar í Egilshöll. Gary Martin, sóknarmaður Víkinga, mætir þar með sínu gamla félagi en hann skipti út svarthvítu röndunum fyrir rauðar og svartar fyrr í vetur. Martin skoraði bæði mörk Víkings í undanúrslitaleiknum gegn Val og virðist til alls líklegur í kvöld. KR-ingar mæta til leiks með breytt lið í vor en liðið er til að mynda með fimm danska leikmenn innanborðs. Leikurinn verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport og hefst útsending klukkan 19.05.



DANÍEL TEKUR VIÐ NJARÐVÍK

Daníel Guðni Guðmundsson, 29 ára íþróttafræðingur, var í gær ráðinn þjálfari karlaliðs Njarðvíkur í körfubolta næstu tvö árin. Hann var síðast þjálfari kvennaliðs Grindavíkur og kom liðinu í undanúrslit úrslitakeppni Domino's-deildar kvenna sem og úrslitaleik bikarkeppninnar. Tekur hann við starfinu af Friðriki Inga Rúnarssyni og Teiti Örlygssyni, aðstoðarþjálfara hans. Njarðvík komst í undanúrslit í úrslitakeppni karla en tapaði þar fyrir KR.



ÁGÚST FER ÚR VÍKINNI

Ágúst Þór Jóhannsson er hættur sem þjálfari Víkings sem féll úr Olísdeild karla í vor. Gunnar Gunnarsson, aðstoðarþjálfari hans, hefur verið ráðinn þjálfari Víkings næstu tvö árin og mun Ægir Hrafn Jónsson verða spilandi aðstoðarþjálfari Gunnars. Ágúst tók við Víkingi fyrir tveimur árum og kom liðinu upp úr 1. deildinni í fyrstu tilraun. En Víkingar áttu erfitt uppdráttar í vetur og höfnuðu í neðsta sæti.



SKORAÐI FIMMTÁNDA MARKIÐ

Kjartan Henry Finnbogason skoraði sitt fimmtánda mark á tímabilinu í dönsku B-deildinni er hann skoraði í 3-0 sigri Horsens á Vendsyssel. Með sigrinum komst Horsens á topp deildarinnar en Kjartan Henry er sem stendur markahæsti leikmaður hennar.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.35 | Arsenal - WBA | Sport 2 |
| 18.40 | AC Milan - Carpi | Sport 4 |
| 19.00 | Haukar - Snæfell | Sport 3 |
| 19.00 | Valero Texas O. | Golfstöðin |
| 19.05 | KR - Víkingur | Sport |

**Domino's-deild kvenna, lokaúrslit**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | Haukar - Snæfell | Ásvellir |

**Lengjubikar karla, úrslitaleikur**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | Víkingur - KR | Egilshöll |

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# GLEÐILEGT SUMAR

## OG TAKK FYRIR VETURINN

STARFSFÓLK BÓNUS

**LÁGT VERÐ ALLA DAGA**



## ALLAR VERSLANIR BÓNUS ERU OPNAR Í DAG FRÁ

# 11:00-18:30

**BÓNUS** EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00



Hrafnhildur Lúthersdóttir stundar æfingar af kappi fyrir Ólympíuleikana í Ríó í ágúst. Hér sést hún synda á móti í Bandaríkjunum á dögunum þar sem hún mun æfa fram að leikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Góð afsökun til að koma heim til Íslands

**Hrafnhildur Lúthersdóttir er komin heim frá Bandaríkjunum til að keppa á ÍM um næstu helgi en hún nýtti einnig tækifærið og hélt erindi um frábæra reynslu sína af því að æfa sund og stunda nám í háskóla í Bandaríkjunum.**

**SUND** Íslandsmótið í sundi fer fram um helgina og einn af farfuglunum okkar er kominn heim til að sýna sig og sjá aðra. Hrafnhildur Lúthersdóttir stundar æfingar í Bandaríkjunum og er á fullu að undirbúa sig fyrir Ólympíuleikana í haust. Hún gaf sér samt tíma til að keppa á ÍM.

„Það er bara góð staða á mér en ég er auðvitað smá þreytt eftir að vera nýkomin úr flugi,“ segir Hrafnhildur þegar Fréttablaðið nær í hana en þá var hún á leiðinni á æfingu í Hafnarfirði og hélt svo erindi seinna um kvöldið um reynslu sína af því að æfa sund og stunda nám í háskóla í Bandaríkjunum. Það var fullt út úr dyrum og mikið spurt.

### Besta sem hefur komið fyrir

„Ég var bara að kynna fyrir fólki hvernig það er að vera þarna úti og hvað þetta er frábært tækifæri og gaman. Ég mæli hundrað prósent með þessu því þetta er það besta sem hefur komið fyrir mig,“ segir Hrafnhildur en hvernig kom til að hún hélt þennan fyrirlestur með Ingibjörgu Kristínu Jónsdóttur?

„Ég hef oft fengið spurningar um hvernig ferlið sé þarna úti, hvernig æfingar séu og hitt og þetta. Þjálfarar, krakkar og foreldrar hafa verið að spyrja mömmu mína um þetta þannig að ég sló til. Ég spurði Ingibjörgu hvort hún væri ekki til í að gera þetta með mér og hún sagðist hafa verið að pæla í þessu líka,“ segir Hrafnhildur en reynsla þeirra er ólík en báðar eru á því að þetta sé frábær upplifun.

Hrafnhildur útskrifaðist sem almannatengill í desember. „Það er líka það frábæra við þetta að við fáum svo góða menntun með þessu. Við fáum flott tækifæri til að púsla þessu öllu saman án þess að vera með eitthvert vesen.“

### Æðislegt að fá þetta tækifæri

Hrafnhildur hefur verið á fleygiferð út um allan heim þann tíma sem hún hefur verið í námi í Bandaríkjunum enda mikið af mótum á Íslandi og annars staðar.

„Það er æðislegt að fá tækifæri til að gera þetta allt. Ég tók eitthvert próf um daginn og þá fékk ég að vita að ég væri búin að fara til 23 prósenta af heiminum. Það held ég að sé mjög gott,“ segir hún.

Hrafnhildur er á leiðinni á Ólympíuleikana í Ríó í ágúst og allt æfingaplan hennar miðast nú við það. „Þegar ég er að keppa þá er ég ekki að hvíla eins mikið því að ég veit að ég er með eitt stórt mót í vændum sem ég þarf að hvíla mest fyrir. Ég er búin að æfa miklu meira og er að reyna að bæta alla hluti sem ég get,“ segir Hrafnhildur en frábært ár gefur henni enn meira sjálfstraust.

### Skýrari markmið og meiri trú

„Núna er maður með miklu skýrari markmið og trúir því miklu meira að maður komist lengra. Ég trúði því áður en núna sé ég að ég er búin að gera þetta. Þá er þetta miklu nær manni. Það fylgir þessu góða ári líka pressan á það að maður verði að standa sig jafn vel, ef ekki betur, en í fyrra,“ segir Hrafnhildur.

Hún hefur farið á flest stórmót og komst í úrslit í tveimur greinum á heimsmeistaramótinu í fyrra. „Því fleiri stórmót sem maður fer á, því meira lærir maður. Maður lærir hvernig maður á að haga sér og hvernig maður á að gera þetta. Það þarf að læra að loka alla hina úti og einbeita sér að sjálfum sér,“ segir hún.

Hrafnhildur hefur verið í Bandaríkjunum við æfingar en eins og oft áður gaf hún sér tíma til að koma heim til að keppa á ÍM um komandi helgi.

„Ég reyni að koma heim eins og ég get. Ég vil minna fólk á það að ég sé ennþá að synda og ég er náttúrulega ennþá Íslendingur þrátt fyrir allt,“ segir Hrafnhildur. Hún fær að skjótast heim til Íslands til að keppa á mótum og það metur hún mikils.

„Það er líka alltaf gott að koma heim enda er þetta góð afsökun til að fara heim,“ segir Hrafnhildur.

### Bara nokkrir dagar á Íslandi

Hrafnhildur fær bara nokkra daga á Íslandi áður en hún fer aftur út til Flórída en kemur síðan til Evrópu til að keppa á Evrópumótinu í London í maí. „Ég ætla að nota það sem eins konar æfingamót fyrir Ólympíuleikana. Ég hvíli eitthvað smá fyrir það til þess að geta séð hvar ég stend svo ég fari ekki alveg blind til Ríó. Ég er mjög spennt að sjá hvernig það fer,“ segir Hrafnhildur sem æfir á fullu þessa dagana og nýtur þess að þurfa ekki að hafa áhyggjur af lágmörkum.

„Það eru sumir búnir að ná en aðrir ekki. Maður tekur eftir stressinu og þá finnur ég hvað er gott að vera búin að þessu og geta aðeins slakað í þegar kemur að slíkum áhyggjum,“ segir Hrafnhildur.

ooj@frettabladid.is

Lengjan
Í KVÖLD KL. 19:00 2 SPORT
ÚRSLITIN RÁÐAST Í LENGJUBIKARNUM
KR–VÍKINGUR
Reykjavíkurstórveldin KR og Víkingur mætast í úrslitaleik Lengjubikarsins í kvöld. Undirbúningur fyrir átökin í deildinni er í algleymingi og titill núna gæti reynst drjúgt veganesti fyrir sumarið. **Ekki missa af Reykjavíkurslag af stærri gerðinni í beinni á Stöð 2 Sport!**
365.is | Sími 1817
365


17
2017
VIÐ BJÓÐUM
Morgunverð
ÓDÝRARI BIFREIÐASKOÐUN
kl. 8-11
Morgunverð
KR. 7.710
GILDIR FYRIR FÓLKSBÍLA
Í EINKAEIGN
Austin Seven
IS AP 17 234
"MORGUNVERÐ" GILDA TIL 25. APRÍL
ALLA VIRKA DAGA KL. 08:00 TIL 11:00.
ATH. MORGUNVERÐ ERU EINUNGIS Í BOÐI Á
EFTIRFARANDI SKOÐUNARSTÖÐUM FRUMHERJA
REYKJAVÍK
Hesthálsi 6-8, 110 Reykjavík
Grandi, Hólmaslóð 2, 104 Rvk.
Sund, Klettagörðum 11, 104 Rvk.
Skeifan, Grensásvegi 7, bakhús, 108 Rvk.
KÓPAVOGUR
Dalvegi 22, 200 Kópavogur
HAFNARFJÖRÐUR
Dalshrauni 5, 220 Hafnarfjörður
REYKJANESBÆR
Njarðarbraut 7, 260 Reykjanesbær
GRINDAVÍK
Seljabót 3, 240 Grindavík
AKUREYRI
Frostagötu 3a. 603 Akureyri
KOMDU TIL OKKAR Í "MORGUNVERÐ" Á MILLI
KL. 8-11 Á MORGNANA OG LÁTTU SKOÐA
BÍLINN FYRIR KR. 7.710. Á MEÐAN ÞÚ BÍÐUR,
ÞÁ BJÓÐUM VIÐ UPP Á " MORGUNMAT"
NÝ RÚNSTYKKI OG GÆÐA KAFFI.
(GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST)
BIFREIÐASKOÐUN
Frumherji
Frumherji
Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is
- örugg bifreiðaskoðun um allt land

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
21. APRÍL 2016 FIMMTUDAGUR

## Merkisatburðir

**1648** Snjór er í mitti á sléttlendi á Suðvesturlandi, segir í Setbergsannál.
**1800** Sex bátar farast úr Staðarsveit og Bjarneyjum og með þeim 37 manns í miklu norðanveðri.
**1864** Max Weber, þýskur hagfræðingur, fæddist á þessum degi.
**1908** Frederick Cook kemst á norðurpólinn að eigin sögn, ári á undan Robert Peary.
**1926** Elísabet II Englandsdrottning fæddist á þessum degi og er því níræð í dag.
**1947** Iggy Pop fæddist á þessum degi.
**1965** Nafnskírteini eru gefin út til allra Íslendinga, 12 ára og eldri. Um leið eru tekin upp svonefnd nafnnúmer.
**1971** Handritamálið: Fyrstu handritin koma heim frá Danmörku og voru það Flateyjarbók og Konungsbók Eddukvæða.
**1982** Falklandseyjastríðið: Bretar hefja aðgerðir til að endurheimta eyjuna Suður-Georgíu frá Argentínu með því að senda þangað sérsveitarmenn.
**1989** Um 100 þúsund kínverskir mótmælendur safnast saman á Torgi hins himneska friðar í Peking í Kína.
**1992** Í Danmörku kemst ræningi undan með 7,5 milljónir danskra króna eftir að hafa látið til skarar skríða gegn peningaflutningabíl Danske Bank við Bilka í Árósum.
**2003** Djasssöngkonan Nina Simone lést á þessum degi.



✝

Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir og afi,
**Baldur Jónsson**
lést laugardaginn 16. apríl
á Landspítalanum.
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju
mánudaginn 25. apríl kl. 13.00.

**Jón Ólafur Jóhannsson**
**R. Guðrún Baldursdóttir** **Róbert Rúnar Sigmundsson**
**Rósamunda J. Baldursdóttir** **Ingi Þór Ágústsson**
**Ásmunda B. Baldursdóttir** **Hafliði Páll Guðjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
**Ólöf Jónsdóttir**
kerfisfræðingur,
Asparfelli 12,
lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu
Grund þriðjudaginn 19. apríl.
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju
mánudaginn 25. apríl kl. 13.00.

**Ingibjörg Ýr Gísladóttir** **Guðmundur T. Magnússon**
**Jón N. Gíslason** **Erla Aradóttir**
**Vilborg K. Gísladóttir** **Sigurður Friðriksson**
**og fjölskyldur.**



✝

Ástkær sonur, sambýlismaður,
bróðir, faðir, tengdafaðir og afi,
**Matthías Pétur Hauksson**
lést 3. apríl. Útför hans fór fram
í Stavangri 12. apríl. Minningarathöfn
verður í Seltjarnarneskirkju föstudaginn
22. apríl kl. 15.00.

**Arnfríður Aradóttir og aðrir aðstandendur.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
**Sigríður Magnúsdóttir**
áður Njörvasundi 30,
lést að Hrafnistu í Reykjavík þann
16. apríl síðastliðinn. Útför hennar fer
fram frá Langholtskirkju föstudaginn
22. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast
afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent
á minningarsjóð Hrafnistu.

**Laufey Jóhannsdóttir** **Skúli Gunnar Böðvarsson**
**Árni Jóhannsson** **Theódóra Þórarinsdóttir**
**Kristján Jóhannsson** **Jóhanna Jenný Bess Júlíusdóttir**
**barnabörnin og barnabarnabörnin.**



**Jóhann Sigurðarson leikari er sextugur í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Horfir björtum augum til framtíðar og veiðir á stöng

Leikarinn Jóhann Sigurðarson er sextugur í dag. Hann stefnir á að verja deginum í faðmi fjölskyldunnar. Hann hlakkar til sumarsins þegar hann fer til Rómar og í stangveiði.

„Ekkert rosalega, það er svona einstaka sinnum. Ég hélt nú veglega upp á þetta þegar ég varð fimmtugur og það var ágætt,“ svarar leikarinn Jóhann Sigurðarson spurður hvort hann haldi oft upp á afmælið sitt en hann verður sextugur í dag. Hann kippir sér þó ekki mikið upp við stórafmælið og stefnir ekki á að endurtaka leikinn og halda partí heldur njóta dagsins með fjölskyldunni.

Líkt og áður kemur fram efndi hann til stórveislu þegar hann fagnaði fimmtugsafmæli og er fljótur að nefna það sem einn af sínum eftirminnilegustu afmælisdögum. „Við leigðum sal og það var voða gaman. Þar voru vinir, kollegar og fjölskyldan. Öllum boðið,“ segir hann.

Jóhann ætti að vera flestum kunnur, hefur enda starfað sem leikari í fjöldamörg ár og það er svo sannarlega enn nóg um að vera hjá honum. „Ég var að leika í Njálu núna síðast og var í Billy Elliot síðasta vetur og Mávinum. Við erum að fara með hann á hátíð núna í lok maí og Njála byrjar aftur í haust. Það er nú svona það helsta sem er fram undan í störfunum og svo ætla ég bara að eiga gott sumar og vera með fjölskyldunni,“ segir hann og bætir við að hann stefni á að fara að veiða, enda stangveiðimaður mikill, og svo sé stefnan sett á Róm ásamt eiginkonunni sem heldur þangað í kórferð ásamt kórnum Vox feminae undir stjórn Margrétar Pálmadóttur.

**Ég var að leika í Njálu núna síðast og var í Billy Elliot síðasta vetur og Mávinum. Við erum að fara með hann á hátíð núna í lok maí og Njála byrjar aftur í haust. Það er nú svona það helsta sem er fram undan í störfunum og svo ætla ég bara að eiga gott sumar og vera með fjölskyldunni.**

Þegar Jóhann er spurður að því hvernig sextíu árin leggist í hann er hann ekki lengi til svars. „Þau leggjast bara vel í mig. Þetta er bara búið að vera ósköp indælt og verður það vonandi eitthvað áfram,“ segir hann og bætir við að lokum: „Það er nóg að gera, heilsan er góð og maður horfir björtum augum til framtíðar.“

gydaloa@frettabladid.is

# Galdrakarlinn í OZ sýndur á Sólheimum

Leikfélag Sólheima í Grímsnesi fagnar sumri í dag með leiksýningu klukkan 15. Það er sjálfur galdrakarlinn í OZ og allt hans lið sem mun lifna við á fjölum íþróttaleikhúss staðarins. Hópur íbúa Sólheima og nágrennis setur hann á svið, þeirra á meðal er Úlfhildur Stefánsdóttir. „Ég leik vondu vestannornina,“ segir hún djúpri röddu. Hún kveðst hafa þurft að læra talsvert mikinn texta og líka eitt lag. „Við erum búin að æfa í sex, sjö vikur stanslaust,“ lýsir hún og hlakkar til frumsýningarinnar.

Úlfhildur kveðst oft hafa leikið áður með þessum hópi, meðal annars í Þumalínu og Hárinu og stundum verið í stærri hlutverkum en nú.

Galdrakarlinn í OZ var fyrst gefinn út á bók árið 1900. Svo hefur hann birst sem söngleikur, kvikmynd og í ýmsum leikgerðum. Sú leikgerð sem nú er stuðst við er eftir Ármann Guðmundsson. Leikstjóri er Guðmundur Lúðvík Þorvaldarson sem Úlfhildur ber vel söguna. „Hann hefur ekki verið með okkur áður en hann er finn og hress náungi.“

Sýningar verða líka næstu helgar, bæði laugardaga og sunnudaga.

**– gun**



**„Ég leik vondu vestannornina,“ segir Úlfhildur Stefánsdóttir á Sólheimum.**






Ókeypis heyrnarmæling síðan 2004



Beltone **Legend**™

# Enn snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **Legend**™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**.
Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

Framleitt fyrir iPod iPhone iPad

**Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is**

HEYRNARSTÖÐIN

Beltone Legend gengur með iPhone 6s og eldri gerðum, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrra stýrikerfi.
Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Vestlæg átt 3-8 m/s í dag. Skýjað með köflum og stöku él, en bjartviðri suðaustanlands. Hiti 0 til 7 stig að deginum, hlýjast suðaustan til.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | 0° | 0° |
| ↘ 6 | → 5 | ↘ 5 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 1° | 5° | -2° |
| ↘ 7 | ↘ 11 | ↘ 7 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 3° | 2° |
| → 8 | ↗ 13 | → 15 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 4° | 7° | 1° |
| → 5 | ↘ 14 | → 8 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. veiða
6. persónufornafn
8. ferð
9. gogg
11. tónlistarmaður
12. deyfa
14. einkennis
16. bardagi
17. gagn
18. ágæt
20. eyrir
21. spyr

**LÓÐRÉTT**
1. umdæmis
3. borðaði
4. flokkur sýklalyfja
5. rölt
7. matarlím
10. fálæti
13. of lítið
15. bakhluti
16. ái
19. ónefndur

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. háfa, 6. ég, 8. túr, 9. nef, 11. kk, 12. slæva, 14. aðals, 16. at, 17. nyt, 18. fín, 20. fé, 21. inni.
**LÓÐRÉTT:** 1. léns, 3. át, 4. fúkalyf, 5. ark, 7. gelatín, 10. fæð, 13. van, 15. stél, 16. afi, 19. nn.

### Skák Gunnar Björnsson

Anish Giri (2.790) átti leik gegn Pavel Eljanov (2.765) í fyrstu umferð Norway Chess-mótsins í Stafangri.

**20. Hxe4! Bxe4 21. Dxd8 Hfxd8 22. Rf6+ Kg7 23. Rxe4** og Anish Giri hafði sigur þrettán leikjum síðar. Carlsen og Kramnik unnu einnig í fyrstu umferð.

**www.skak.is:** Sumarskákmót Fjölnis.

Hvítur á leik



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 2 | 6 | 1 | 3 | 7 |
| 2 | 9 | | 3 | | 7 | | 4 | |
| | | | 5 | | | 6 | | |
| | 1 | | | 8 | | 3 | 2 | |
| 5 | 8 | | 6 | | | 4 | | |
| | | 7 | 1 | 9 | | 8 | 5 | |
| | | 1 | | | | | | |
| | | | | | 3 | | 1 | |
| 4 | 5 | 2 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | 1 | | | 2 | | |
| 3 | | | 2 | | 4 | 9 | 8 | |
| | | | 3 | | | 4 | 6 | 5 |
| | | 1 | | 9 | 8 | | | |
| | | | 5 | | 1 | | | 9 |
| 4 | | | 6 | | 7 | 3 | | |
| | | | | 5 | 2 | | | |
| | 2 | | | | | 5 | 7 | |
| | | 7 | | | | | 2 | 3 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 1 | | 3 | | 6 | |
| | 2 | | 6 | | | 7 | | |
| 1 | 5 | | 4 | | 7 | | 8 | 2 |
| 6 | | 5 | | | | | | |
| | 3 | 8 | | | 6 | | | |
| | 7 | | | 1 | 4 | 6 | | |
| 5 | | 1 | | | | | 4 | |
| | | | | | 9 | | | 3 |
| 8 | | | | 4 | | 9 | 2 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 5 | 2 | 7 | 1 | 4 | 8 | 9 | 3 |
| 7 | 8 | 9 | 2 | 5 | 3 | 1 | 4 | 6 |
| 4 | 1 | 3 | 6 | 8 | 9 | 5 | 2 | 7 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 7 | 1 | 6 | 8 | 9 |
| 8 | 7 | 1 | 3 | 9 | 6 | 2 | 5 | 4 |
| 5 | 9 | 6 | 4 | 2 | 8 | 3 | 7 | 1 |
| 3 | 6 | 5 | 8 | 4 | 7 | 9 | 1 | 2 |
| 9 | 2 | 7 | 1 | 6 | 5 | 4 | 3 | 8 |
| 1 | 4 | 8 | 9 | 3 | 2 | 7 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 3 | 6 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 |
| 4 | 6 | 9 | 5 | 2 | 7 | 1 | 3 | 8 |
| 2 | 1 | 5 | 8 | 9 | 3 | 4 | 6 | 7 |
| 8 | 2 | 7 | 3 | 4 | 1 | 9 | 5 | 6 |
| 5 | 3 | 4 | 2 | 6 | 9 | 7 | 8 | 1 |
| 6 | 9 | 1 | 7 | 5 | 8 | 3 | 2 | 4 |
| 9 | 7 | 6 | 1 | 3 | 5 | 8 | 4 | 2 |
| 1 | 4 | 2 | 9 | 8 | 6 | 5 | 7 | 3 |
| 3 | 5 | 8 | 4 | 7 | 2 | 6 | 1 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 2 | 9 | 5 | 7 | 3 | 6 | 4 |
| 9 | 7 | 3 | 6 | 8 | 4 | 5 | 2 | 1 |
| 4 | 5 | 6 | 1 | 3 | 2 | 7 | 8 | 9 |
| 6 | 8 | 4 | 5 | 7 | 1 | 2 | 9 | 3 |
| 3 | 2 | 1 | 4 | 9 | 8 | 6 | 7 | 5 |
| 5 | 9 | 7 | 2 | 6 | 3 | 1 | 4 | 8 |
| 1 | 6 | 8 | 3 | 2 | 9 | 4 | 5 | 7 |
| 2 | 3 | 9 | 7 | 4 | 5 | 8 | 1 | 6 |
| 7 | 4 | 5 | 8 | 1 | 6 | 9 | 3 | 2 |

## Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




ÍSLENZKRA SÍMAMANNA FÉLAG F.Í.S

# AÐALFUNDUR FÍS

Aðalfundur Félags íslenzkra símamanna 2016 verður haldin **miðvikudaginn 27 apríl 2016 kl. 18:15** í húsi Rafiðnaðarsambandsins að Stórhöfða 31 á 4.hæð (gengið inn að neðanverðu)

**Dagskrá**:
1.Venjuleg aðalfundarstörf
Skýrsla stjórnar
Reikningar félagsins
Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins
Kosningar
2. Lagabreytingar
3. Breytingar á styrkjum félagsins
4 .Önnur mál

Boðið verður upp á veitingar á fundinum.

*Stjórn Félags íslenzkra símamanna*


Gleðilegt sumar!
Við fögnum sumarbyrjun með því að bjóða öllum börnum, 12 ára og yngri, upp á fría máltíð af barnamatseðli í dag. Við hlökkum til að sjá ykkur!
0,-
Ókeypis máltíð af barnamatseðli fyrir börn 12 ára og yngri. Ein máltíð fyrir hvert barn.
Gildir aðeins í dag, sumardaginn fyrsta.
JAFNLAUNA-VOTTUN VR
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is
IKEA®
© Inter IKEA Systems B.V. 2016

# Maður veit aldrei á hverju maður á von

**TÓNLIST**

**Kammertónleikar**

★★★★☆

Verk eftir Hlyn Aðils Vilmarsson, Hafdísi Bjarnadóttur, Johan Svensson, Evan Johnson og Steingrím Rohloff. Flytjendur: Sigurður Halldórsson, Fleming Viðar Valmundsson, Hafdís Bjarnadóttir, Severine Ballon og Þóra Margrét Sveinsdóttir.
**Norðurljós í Hörpu**
**Föstudaginn 15. apríl**

Hvað er eiginlega dórófónn? Það er hljóðfæri sem er hugarfóstur Halldórs Úlfarssonar myndlistarmanns. Þaðan kemur nafnið; dórófónn er stytting á Halldórófónn. Þetta er eins konar selló, að hluta til rafknúið en með hljómbotni og strengjum. Hljómbotninn er furðulegur í laginu, manni dettur í hug plastselló sem einhver hefur ráðast á og lamið í klessu. Notagildi dórófónsins virðist vera mjög sveigjanlegt. Á tónleikum í Norðurljósum í Hörpu á tónlistarhátíðinni Tectonics var spilað á hann eins og selló. En svo voru líka framkölluð með honum undarleg hljóð sem minntu bæði á orgel og rafmagnsgítar.

Í einu verkinu var aðeins sjálfspilandi dórófónn á sviðinu, án hljóðfæraleikara. Verkið var eftir Hlyn Aðils Vilmarsson. Fyrir ofan sviðið var tjald þar sem hægt var að sjá hljóðfærið frá öðru sjónarhorni. Tónninn í því var skringilegur. Einhver tækjabúnaður strauk strengina sem virkuðu flatir; óneitanlega vantaði stærri hljómbotn. En öðruvísi hljóð bættu það upp, alls konar púls og smellir sem virkuðu heillandi. Tónsmíð Hlyns var hnitmiðuð, hún samanstóð af stuttum köflum sem þó mynduðu samfellda heild og sýndu ágætlega mismunandi hliðar hljóðfærisins.

Ekki síðra var Verk fyrir víólu og dórófón eftir Johan Svensson. Það var í flutningi Þóru Margrétar Sveinsdóttur sem lék á víóluna og Sigurðar Halldórssonar á dórófóninn. Stemningin var talsvert dramatískari en hjá Hlyni. Framvindan var margbrotin og litrík. Andstæður strokinna strengja og mótorísks hávaða voru meginþema tónlistarinnar. Þær voru framandi og athyglisverðar.

Síðasta dórófóntónsmíðin var eftir Hafdísi Bjarnadóttur. Þar spilaði Sigurður aftur á hljóðfærið, en Flemming Viðar Valmundsson á harmóníku og tónskáldið framkallaði rafhljóð. Músíkin var mun sveimkenndari, mikið var um langa hljóma sem tóku hægum, ísmeygilegum hreyfingum. Þetta var virkilega fallegt, en hefði að ósekju mátt vera lengra.

Á tónleikunum lék Severine Ballon einnig á „alvöru“ selló. Þar á meðal var Dozens of Canons; Anais Faivre Haumonté eftir Evan Johnson. Titillinn vísar til móðursystur myndlistarmannsins Georges Seurat. Hún lést fyrir aldur fram og Seurat teiknaði fræga mynd af henni látinni. Segja má að tónlistin hafi verið ættingi verksins 4 mínútur og 33 sekúndur eftir John Cage. Það heyrðist varla nokkur tónn. Örveikur ómur úr sellóinu af og til rammaði inn miklu lengri þagnir inn á milli. Væntanlega var þetta kyrrð dauðans, ísköld og þrúgandi.

Hin tónsmíðin var eftir Steingrím Rohloff og hét Magic Number. Nafn hennar vísar til þrískiptingar tónmálsins, þ.e. ávallt var leikið á tvo strengi í senn og sellóleikarinn, Ballon, raulaði með. Hér var tónlistin líka lágstemmd, þó ekki eins og hin fyrri. Þetta var fremur einfaldur söngur, en blátt áfram og fallegur. Viðkvæmnin kom á óvart, Steingrímur semur venjulega stórbrotna og dramatíska tónlist. Var þetta enn eitt dæmið um hve möguleikar nútímatónlistar eru margir. Maður veit aldrei á hverju maður á von og það er einmitt svo skemmtilegt!

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Nýstárlegir, vandaðir tónleikar þar sem furðulegt hljóðfæri, dórófónn, var í forgrunni.



**Hafdís Bjarnadóttir var á meðal flytjenda og tónskálda á Tektóniks.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

AÐALFUNDUR VM 2016
29. apríl 2016 á Grand Hótel Reykjavík

DAGSKRÁ FUNDARINS HEFST KL. 17:00

- Setning aðalfundar og kosning fundarstjóra
- Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins
- Reikningar félagsins og sjóða
- Kjör endurskoðenda
- Ákvörðun stjórnarlauna
- Lagabreytingar og reglugerðir
- Lýsing á kjöri stjórnar og varastjórnar VM í stjórnarkjöri 2016
- Kjör í nefndir og stjórnir sjóða
- Kjör kjörstjórnar
- Önnur mál

Boðið verður upp á léttar veitingar að fundi loknum

Nánari upplýsingar á heimasíðu VM
www.vm.is

VM-Félag vélstjóra og málmtæknimanna - Stórhöfða 25 - 110 Reykjavík - 575 9800

Landsfélag í vél- og málmtækni

# Samskipti í gegnum loftbylgjur

**BÆKUR**

**Raddir úr húsi loftskeytamannsins**

★★★★☆

**Steinunn G. Helgadóttir**

**Kápa:** Halla Sigga/ Forlagið
**Ljósmyndir:** Steinunn G. Helgadóttir
JPV
**287 bls. – Prentun Oddi**



Loftskeytamaðurinn er í sambandi við fólk um allan heim gegnum loftbylgjur en kann ekki vel á mannleg samskipti í raunheimum. Hann skrifar skáldsögur sem aðrir rithöfundar virðast geta stolið af honum áður en hann nær að koma þeim út sjálfur. Þessar sögur og sögur sem tengjast þeim, auk sögu loftskeytamannsins sem hann þekkir ekki nema að litlu leyti sjálfur, eru sagðar í bókinni Raddir úr húsi loftskeytamannsins.

Sögurnar fjalla flestar að einhverju leyti um að finna sér sinn stað, hvað má og hvað má ekki innan ákveðinna ramma og hvernig persónurnar ýmist sætta sig við þann raunveruleika eða, sem er oftar, annaðhvort berjast gegn skilgreiningunni eða beygja rýmið undir sig, búa til nýtt samhengi eins og til dæmis þrír ættliðir sem búa sér heimili í sjoppu. Það eru líka átök um rýmið, gömul kona snýr á erfingjana, læsir íbúðinni og strýkur til Kanarí, þunglyndur miðbæjarbúi finnur lífsgleðina aftur í því að verja bílastæðið sitt og sumarbústaðaeigendur samliggjandi lóða elda grátt silfur saman.

Raddir úr húsi loftskeytamannsins er haganlega fléttuð bók þar sem söguþræðir eru spunnir sundur og saman á heillandi hátt. Í hverri sögu má finna persónu eða vísun úr annarri sögu sem opnar söguheiminn og býr til marglaga frásögn þar sem í raun má segja að hver saga sé hluti af hinum, auki skilning á atburðarás en ekki síður persónunum sem fá fleiri víddir eftir því sem þær eru sýndar frá fleiri sjónarhornum. Saga loftskeytamannsins verður líka saga kvennanna í sjoppunni sem verður aftur eins konar miðdepill sem kemur nánast við hverja einustu sögu.

Margar persónurnar leita líka að stað eða rými innra með sér eða í tengslum við aðra, leita uppruna síns eða merkingar með því að reyna að skilja fortíðina. Samband foreldra og barna er oft í forgrunni og fjallað um lífið bæði í upphafi og enda og handan við þær skilgreiningar, einhverjir endurfæðast, aðrir ganga aftur, sumir lifa áfram í afkomendum sem þeir sinntu aldrei og vissu jafnvel ekki af, aðrir í draumnum um það sem aldrei varð. Þeir einu sem virðast vera viðvarandi hamingjusamir eru þeir sem hafa fest líf sitt í einhverjar skorður, hvort sem þær eru túlkaðar bókstaflega sem rými sem afmarkar veruleika sögupersónanna eða í þröngu sálarrými þess sem tekur enga áhættu á tengslum eða atburðarás sem gæti farið úr skorðum. Þó finna aðrir líf, en ekki endilega frið, í því að ögra umhverfinu og römmunum sem þeim eru settir, í því að berjast fyrir því sem skiptir þá máli, leita að svörum í fortíðinni, einhverju samhengi sem gæti fært með sér einhver svör.

Þetta er mjög falleg bók og greinilegt að höfundurinn hefur vandað til verka. Stíllinn er léttur og auðlesinn, myndirnar skýrt dregnar af höfundi sem ekki fer á milli mála að er myndlistarkona líka, persónurnar heillandi og sögurnar þeirra geta af sér nýjar sögur í huga lesandans. Þessa bók má lesa hægt, fletta fram og til baka og fá þannig dýpri skilning á persónum, framvindu og jafnvel sínu eigin lífi.

**Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Falleg bók sem er hægt að lesa aftur og aftur og finna nýja fleti á fólki og sögum, jafnvel sínum eigin.

# Gæði og glæsileiki

*endalaust úrval af hágæða flísum*



Finndu okkur
á facebook

Flísabúðin

Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

# BÍÓ



Mia Madre segi frá kvikmyndaleikstjóranum Margheritu sem er í tökum á nýjustu mynd sinni á meðan móðir hennar liggur fárveik á spítala.

# Kvikmyndaleikstjóri í sjálfsskoðun

## Kvikmyndin Mia Madre er nýjasta mynd leikstjórans Nanni Moretti. Í aðalhlutverkum eru Margherita Buy, John Turturro, Giula Lazzarini og Nanni Moretti.

**Mia Madre**

★★★☆☆

**Leikstjóri:** Nanni Moretti.
**Handritshöfundar:** Nanni Moretti, Francesco Piccolo og Valia Santella.
**Aðalleikarar:** Margherita Buy, John Turturro, Giula Lazzarini og Nanni Moretti.

Mia Madre er nýjasta mynd leikstjórans Nanni Moretti en hann er líklega þekktastur fyrir mynd sína The Son's Room sem vann gullpálmann í Cannes árið 2001 auk þess sem hann hefur stundum verið kallaður hinn ítalski Woody Allen.

Myndin segir frá kvikmyndaleikstjóranum Margheritu sem er í tökum á nýjustu mynd sinni. Á meðan á tökunum stendur hefur hún miklar áhyggjur af móður sinni sem liggur fárveik á spítala og er dauðvona. Einnig þarf hún að fást við erfiðan aðalleikara og er auk þess full efasemda um myndina sína. Allt þetta setur af stað mikið sjálfskoðunarferli hjá Margheritu.

Moretti var þekktari fyrir léttar gamanmyndir á fyrri hluta ferils síns en í seinni tíð hafa myndir hans verið aðeins alvarlegri þó húmorinn sé enn þá til staðar og á það við um Mia Madre. Þetta er líka greinilega mjög persónuleg mynd fyrir leikstjórann, verandi mynd um leikstjóra í krísu enda var það dauði móður Morettis sem fékk hann til að gera þessa mynd. Hér lætur hann þó konu vera staðgengil sinn og leikur hann sjálfur bróður Margheritu.

Þótt myndin teljist frekar vera drama en gamanmynd er húmorinn samt það besta við hana og kemur það helst fram í frammistöðu Johns Turturro sem leikur egóíska bandaríska kvikmyndastjörnu af ítölskum ættum sem leikur í mynd Margheritu, líklega sem leið til að fá meira fjármagn í myndina þó það sé aldrei útskýrt beint. Turturro fer á kostum eins og vanalega og flestar skemmtilegustu senurnar snúast í kringum hans persónu og erfiðleika hans við að leika á ítalskri tungu og muna textann sinn.

Aftur á móti er dramatíski hlutinn ekki eins vel heppnaður og tekst Moretti ekki að láta mann finna eins mikið til með aðalpersónunni og hann hefði eflaust viljað. Samband Margheritu við móður hennar er ekki nógu vel þróað og virkar fremur yfirborðskennt. Samband þeirra er óskýrt og ekki alveg nógu sannfærandi.

Moretti er engu að síður að gera margt skemmtilegt í þessari mynd, eða allavega að reyna það. Fyrir utan að þetta er kvikmynd um kvikmyndagerð og inniheldur bandaríska stjörnu að leika útgáfu af sjálfum sér er myndin full af draumasenum án þess þó að útskýra alltaf beint út að þetta séu draumar. Moretti ber ágætis virðingu fyrir áhorfandanum og er ekki of mikið að útskýra hlutina heldur leyfir áhorfandanum aðeins að átta sig sjálfur á hlutunum.

Einhvern veginn hangir þetta þó ekki fullkomlega saman, eins og Moretti sé að reyna of mikið með myndinni og hlutirnir fá ekki alltaf að njóta sín nógu vel. Á tímabili virkar myndin eins og röð af atvikum frekar en einhver heildstæð saga. En um leið er Mia Madre aldrei slæm eða leiðinleg og það er nógu margt skemmtilegt í gangi til að hún nái að halda manni við efnið. **Atli Sigurjónsson**

**NIÐURSTAÐA:** Áhugaverð mynd sem tekst á við margt en ætlar sér kannski of mikið. Heppnast betur sem gamanmynd en drama en er þó ágætis skemmtun í heildina.

## Frumsýningar

### BASTILLE DAY



Spennumynd
Aðalhlutverk: Idris Elba, Richard Madden, Kelly Reilly og Charlotte Le Bon.
Frumsýnd 29. apríl
IMDb 7,7/10

### RATCHET OG CLANK



Teiknimynd, ævintýramynd
Talsetning: Steindi Jr., Ari Eldjárn, Salka Sól, Pétur Jóhann Sigfússon, Andri Freyr Viðarsson, Saga Garðars, Sverrir Bergmann, Dóri DNA, Auðunn Blöndal, Ólafur Darri, Logi Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson.
IMDb 8,4/10

### CRIMINAL



Dramamynd, hasar
Aðalhlutverk: Kevin Costner, Gary Oldman, Tommy Lee Jones, Alice Eve, Gal Gadot, Ryan Reynolds.
IMDb 6,5/10



# MATARMEIRI PIZZUR




## GLEÐILEGT SUMAR!

GRANDIOSA®

**www.grandiosa.is**

**Fæst í næstu matvöruverslun**







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE BOSS | 5:55, 8, 10:10 |
| HARDCORE HENRY | 10:25 |
| MAÐUR SEM HEITIR OVE | 5, 8 |
| MY BIG FAT GREEK WEDDING 2 | 8 |
| KUNG FU PANDA 3 | 1:45, 3:50 ÍSL.TAL |
| ZOOTROPOLIS | 2, 5 ÍSL.TAL |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR | 2 ÍSL.TAL |




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| CRIMINAL | KL. 5:30 - 8 - 10:20 |
| CRIMINAL VIP | KL. 8 - 10:20 |
| RIBBIT ÍSLTAL | KL. 12 - 1 - 2 - 3 - 4 - 6 |
| THE JUNGLE BOOK 3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 12 - 2:20 - 4:40 - 7 - 10:30 |
| THE JUNGLE BOOK 2D VIP | KL. 1 - 3:20 - 5:40 |
| ALLEGIANT | KL. 8 - 10:40 |
| 10 CLOVERFIELD LANE | KL. 10:20 |
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 9:20 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 |
| ZOOTROPOLIS ENSKT TAL 2D | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| CRIMINAL | KL. 8 - 10:30 |
| RIBBIT ÍSLTAL | KL. 2 - 4 |
| THE JUNGLE BOOK 3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 9 - 10:20 |
| ALLEGIANT | KL. 5:20 - 8 |
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 6 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 2D | KL. 12:40 - 3 |

SPARBÍÓ — MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.950 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1250 Á GRÆNT

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| CRIMINAL | KL. 5:30 - 8 - 10:20 |
| RIBBIT ÍSLTAL | KL. 3:30 - 6 |
| THE JUNGLE BOOK 3D | KL. 3:20 - 5:40 - 8 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 10:30 |
| ALLEGIANT | KL. 3:30 - 5:30 - 8 |
| 10 CLOVERFIELD LANE | KL. 8 - 10:30 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D | KL. 10:15 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 2D | KL. 3:10 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| CRIMINAL | KL. 8 - 10:30 |
| RIBBIT ÍSLTAL | KL. 3:40 |
| THE JUNGLE BOOK 3D | KL. 3:20 - 5:40 - 8 |
| THE BOSS | KL. 10:30 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| CRIMINAL | KL. 8 - 10:30 |
| RIBBIT ÍSLTAL | KL. 1:20 - 3:20 |
| THE JUNGLE BOOK 3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 |
| ALLEGIANT | KL. 10:30 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 21. APRÍL 2016

### Hátíðir

**Hvað?** Barnahátíð
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Árbæjarsafn
Gestum boðið frítt inn í tilefni af Barnamenningarhátíð. Allskyns skemmtileg afþreying fyrir börn í fylgd með fullorðnum.

**Hvað?** Hammondhátíð 2016
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hótel Framtíð, Djúpavogi
Hammondhátíð stendur yfir á Djúpavogi til 24. apríl. Í kvöld koma fram Agent Fresco og Tónskóli Djúpavogs. Passi á alla hátíðardaga kostar 13.000 krónur og á kvöldið í kvöld 4.500 krónur. Nánari upplýsingar má fá á vefsíðunni Hammond.djupivogur.is.

### Sýningar

**Hvað?** Handverkssýning
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Árskógar 4
Hin fimmtán ára gamla Arngunnur Hinriksdóttir leikur á nýsmíðaða fiðlu eftir Magnús Helga Magnússon.

**Hvað?** Mið-Ísland
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Hótel Selfoss, Eyrarvegi 2
Uppistandshópurinn Mið-Ísland leggur land undir fót og sækir Selfoss heim í kvöld. Miðaverð er 3.500 krónur.


**Uppistandshópurinn Mið-Ísland verður á Selfossi í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Tónlist

**Hvað?** Allegro á Barnamenningarhátíð í Reykjavík
**Hvenær?** 13.00 og 14.30
**Hvar?** Kirkja óháða safnaðarins, Háteigsvegi 56
Suzukitónlistarskólinn Allegro verður með tvenna tónleika á Barnamenningarhátíð. Á fyrri tónleikum verður flutt blönduð efnisskrá fiðlu- og píanóleikara á aldrinum 5-14 ára. Einnig koma fram yngri og eldri fiðlusveitir skólans. Á seinni tónleikunum koma fram Anais Bergsdóttir og Ásta Dóra Finnsdóttir. Hvorir tveggja tónleikarnir eru ókeypis og öllum opnir.

**Hvað?** Vorvítamín Hamrahlíðarkóranna
**Hvenær?** 14.00 og 16.00
**Hvar?** Hátíðarsalur Menntaskólans við Hamrahlíð
Hamrahlíðarkórinn og Kór Menntaskólans við Hamrahlíð efna til hins árlega Vorvítamíns í hátíðarsal skólans í dag. Hátíð fyrir alla fjölskylduna með söng, hljóðfæraleik og ýmsum skemmtiatriðum og uppákomum. Tvennir tónleikar eru á dagskránni og eru þeir með ólíkum efnisskrám. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

**Hvað?** Cage fyrir krakka
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Tónlistarmennirnir Berglind María Tómasdóttir, Curver Thoroddsen og Lilja Ásmundsdóttir flytja nokkur af verkum Johns Cage, með og án þátttöku gesta. Tónleikarnir, sem eru sérstaklega ætlaðir börnum á aldrinum 6-12 ára eru haldnir í samstarfi við Barnamenningarhátíð. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Valdimar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Frystiklefinn, Hafnargötu 16
Hljómsveitin Valdimar spilar í Frystiklefanum á Hellissandi. Hljómsveitin Bad News hitar upp. Miðaverð er 3.900 krónur.

**Hvað?** Jazzhátíð Garðabæjar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kirkjuhvoll, safnaðarheimili Vídalínskirkju
Jazzhátíð Garðabæjar fer nú fram til 23. apríl. Listrænn stjórnandi hátíðarinnar er Sigurður Flosason. Í kvöld kynnir fjölþjóðlegur kvintett Sigurðar Flosasonar og sænska gítarleikarans Hans Olding nýjan disk með brasilískri tónlist í spennandi útsetningum. Aðgangur er ókeypis á alla viðburði jazzhátíðarinnar, allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir. Dagskrána má sjá á vef Garðabæjar, Gardabaer.is.

**Hvað?** Úlfur Úlfur og SXSXSX
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Prikið
sxsxsx er samstarf Helga Sæmundar og Björns Vals. Um er að ræða fyrsta live-sett sveitarinnar en tónlistinni má lýsa sem instrumental hiphopi. Rappsveitin Úlfur Úlfur flytur þrjú ný lög ásamt öðru kunnuglegu.

**Hvað?** Stebbi Jak og Andri Ívars
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Græni hatturinn, Akureyri
Söngvari Dimmu, Stefán Jakobsson, og gítarleikarinn Andri Ívarsson efna til tónleika á Græna hattinum.

### Uppákomur

**Hvað?** Ormadagar
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Menningarhúsin í Kópavogi


**Stefán Jakobsson verður ásamt gítarleikaranum Andra Ívarssyni á Græna hattinum í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




BÍÓ ★ PARADÍS — HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Mia Madre | 17:45 |
| Spotlight | 17:30 |
| Reykjavík ENG SUB | 18:00 |
| Louder than bombs | 20:00 |
| Anomalisa | 20:00 |
| Rams / hrútar ENG SUB | 20:00 |
| The Witch / Nornin | 22:15 |
| Fyrir framan annað fólk / in front of others ENG SUB | 22:00 |
| The look of silence | 22:00 |

Bókasafn Kópavogs, Náttúrufræðistofa Kópavogs, Tónlistarsafn Íslands og Gerðarsafn verða opin á sumardaginn fyrsta og bjóða fjölbreytta menningardagskrá fyrir börn á öllum aldri. Dagskráin er hluti af Ormadögum, barnamenningarhátíð Kópavogs en þemað er ferðalög.

**Hvað?** Listasmiðja
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hafnarborg
Sumarleg listasmiðja fyrir börn á aldrinum 6-10 ára. Smiðjan tekur mið af sýningunni Umgerð sem stendur yfir í aðalsal Hafnarborgar. Aðgangur að safninu og þátttaka í smiðjunni er ókeypis.

**Hvað?** Fjölskylduleiðsögn
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Listasafnið á Akureyri, Ketilhús
Guðrún Pálína Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi og sýningarstjóri, tekur á móti gestum og fræðir þá um samsýninguna Sköpun bernskunnar 2016. Um sérstaka fjölskylduleiðsögn er að ræða og er aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Greta Salóme, Sóla og skrímslin
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Hannesarholt
Greta Salóme fagnar sumarkomu og syngur með ungum og eldri gestum Hannesarholts í dag. Eftir sönginn mætir sagnakonan Sóla og segir sögur til klukkan 16.00. Aðgangur á viðburðinn er ókeypis.

**Hvað?** Bókaverðlaun barnanna
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Menningarhús, Grófinni
Bókaverðlaun barnanna verða veitt í Borgarbókasafninu, Grófinni. Á verðlaunahátíðinni verða höfundi og þýðanda veitt verðlaun og nokkur börn sem tóku þátt í kosningunni fá verðlaun. Töframaðurinn Jón Víðis afhendir verðlaunin og fremur nokkur vel valin töfrabrögð.

**Hvað?** Tískusýning útskriftarnema í fatahönnun
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hafnarhús, Listasafn Reykjavíkur
Tískusýning útskriftarnema í fatahönnun við hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands. Allir velkomnir og aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Sumarfögnuður Partus Press
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Kynntar verða til sögunnar þrjár nýjar ljóðabækur eftir Elías Knörr, Sigurbjörgu Friðriksdóttur og Þorvald S. Helgason. Þremenningarnir munu allir lesa úr bókum sínum og er aðgangseyrir 2.000 krónur. Með aðgangseyri fylgir ljóðabók að eigin vali eftir einn þremenninganna.

## Ráðstefnur og málþing

**Hvað?** Ráðstefna Norræna fyrirbærafræðifélagsins
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Oddi, Háskóli Íslands
Norræna fyrirbærafræðifélagið heldur ráðstefnu í Háskóla Íslands dagana 21.-23. apríl. Opnunarfyrirlesturinn heldur Shaun Gallagher, prófessor við University of Memphis. Meðal þess sem til umfjöllunar verður á ráðstefnunni er fáfræði, barnæska, geðrænir kvillar, táknfræði, sköpun, skynjun, flóttafólk, skuldir, samfélög, dulhyggja, heimilisspeki og Múmínálfarnir. Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur er ókeypis. Ráðstefnan fer fram á ensku.



**Hvað?** Málþing í minningu dr. Brodda Jóhannessonar
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Skriða, Háskóla Íslands
Málþing í minningu dr. Brodda Jóhannessonar, skólastjóra Kennaraskóla Íslands og fyrsta rektors Kennaraháskóla Íslands, en í dag eru 100 ár liðin frá fæðingu hans. Að málþinginu standa nokkrir nemendur og samstarfsmenn dr. Brodda í samvinnu við menntavísindasvið Háskóla Íslands.



**Tískusýning útskriftarnema í fatahönnun við Listaháskóla Íslands fer fram í Hafnarhúsi í dag.**









FJÖLSKYLDUMYND

2 | 19:00

**PÓSTURINN PÁLL**

Frábær teiknimynd fyrir alla fjölskylduna um póstinn Pál sem þarf að vera útsjónarsamur þegar kemur að því að fjármagna draumaferð til Ítalíu með ástinni sinni.


FRÁBÆR
FIMMTUDAGUR

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365




2 | 20:30

**NCIS**

Stórgóðir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



2 | 21:20

**BLACKLIST**

James Spader er stórkostlegur í hlutverki Raymonds Reddington í þessum mögnuðu spennuþáttum.




2 | 22:05

**BETTER CALL SAUL**

Óborganlegir þættir um Saul Goodman sem er best þekktur sem lögfræðingur Walters White í þáttaröðinni Breaking Bad.



2 | 22:55

**THE GAME**

Hörkuspennandi mynd um viðskiptajöfur sem lendir í heldur óhugnanlegri atburðarás. Með aðalhlutverk fara Michael Douglas og Sean Penn.



b | 22:00

**BULL DURHAM**

Rómantísk gamanmynd um unga konu sem fellir hug til tveggja hafnarboltaleikara með Kevin Costner, Susan Sarandon og Tim Robbins í aðalhlutverkum.



Krakkastöðin | 19:00

**ANASTASIA**

Spennandi teiknimynd um ævintýri Anastasíu keisaradóttur sem komst undan vonda galdramanninum Raspútín.

©2016 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

07.00 Waybuloo
07.20 Kormákur
07.30 Mæja býfluga
07.40 Grettir
07.55 Loksins Heim
09.25 How to Train Your Dragon Sequel
11.00 Eyrnalausa kanínan og kjúklingurinn vinur hennar
12.15 Kalli kanína og félagar
12.35 Garfield. A Tail of Two Kitties
13.55 The Middle
14.30 Ghostbusters Frábær sígild gamanmynd frá 1984 með Bill Murray, Dan Akroyd og Sigourney Weaver í aðalhlutverkum
16.15 Dumb and Dumber To
18.00 The Simpsons
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Pósturinn Páll. Bíómyndin Frábær teiknimynd frá 2014 fyrir alla fjölskylduna um póstinn Pál sem þarf að vera útsjónarsamur þegar kemur að því að fjármagna draumaferð til Ítalíu með konunni sinni. Honum býðst þátttaka í hæfileikakeppni þar sem verðlaunin eru akkúrat Ítalíuferð en umboðsmaður helsta keppinautar hans er slóttugur og óheiðarlegur og ákveður að beita brögðum.
20.30 NCIS
21.20 The Blacklist
22.05 Better Call Saul
22.55 The Game Á fertugasta og áttunda afmælisdeginum fær viðskiptajöfurinn Nicholas gjafabréf hjá fyrirtæki sem sérhæfir sig í að krydda tilveru manna. Þegar Nicholas mætir til að sækja gjöfina er hann dreginn inn í leik sem ætlar engan enda að taka.
01.00 Banshee
01.50 Shameless
02.50 The Hunger Games. The Mockingjay - Part 1
04.50 Dumb and Dumber To

## SPORT

07.20 Roma og Torino
09.00 Real Madrid og Villarreal
10.40 West Ham United og Watford
12.20 Juventus og Lazio
14.00 Deportivo og Barcelona
15.40 Manchester United og Crystal Palace
17.20 Liverpool og Everton
19.00 KR og Víkings R BEINT
21.10 KR og Hauka
22.45 Körfuboltakvöld
23.15 UFC Fight Night
01.10 AC Milan og Carpi

## SPORT 2

07.20 Roma - Torino
09.00 Real Madrid - Villarreal
10.40 West Ham - Watford
12.20 Juventus - Lazio
14.00 Deportivo - Barcelona
15.40 Man. Utd. - Crystal Palace
17.20 Liverpool - Everton .
19.00 KR - Víkingur R. BEINT
21.10 KR - Haukar
22.45 Körfuboltakvöld
23.15 UFC Fight Night.
01.10 Milan - Carpi

## GOLFSTÖÐIN

08.00 RBC Heritage
13.15PGA Tour 2016 - Highlights
14.10 Golfing World 2016
15.00 2016 Augusta Masters
18.35 Inside The PGA Tour 2016
19.00 Valero Texas Open
22.00 Golfing World 2016
22.50 Inside The PGA Tour 2016
23.15 Golfing World 2016

## STÖÐ 3

18.45 Guys with Kids
19.10 Community
19.30 League
19.55 Supergirl
20.40 Gotham
21.25 Discovery Atlas
23.00 First Dates
23.50 NCIS Los Angeles
00.35 Justified
01.25 League
01.45 Supergirl
02.30 Gotham
03.10 Discovery Atlas
04.45 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

07.00 Ævintýri Tinna
07.25 Lína Langsokkur
07.47 Mæja býfluga
08.00 Könnuðurinn Dóra
08.24 Mörgæsirnar
08.47 Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
09.00 Áfram Diego, áfram!
09.24 Svampur Sveinsson
09.49 Rasmus Klumpur
09.55 UKI
10.00 Ljóti andarunginn og ég
10.25 Latibær
10.48 Hvellur keppnisbíll
11.00 Ævintýri Tinna
11.23 Lína Langsokkur
11.46 Mæja býfluga
12.00 Könnuðurinn Dóra
12.24 Mörgæsirnar
12.47 Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
13.00 Áfram Diego, áfram!
13.24 Svampur Sveinsson
13.49 Rasmus Klumpur
13.55 UKI
14.00 Ljóti andarunginn og ég
14.22 Latibær
14.45 Hvellur keppnisbíll
15.00 Ævintýri Tinna
15.23 Lína Langsokkur
15.46 Mæja býfluga
16.00 Könnuðurinn Dóra
16.24 Mörgæsirnar
16.47 Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
17.00 Áfram Diego, áfram!
17.24 Svampur Sveinsson
17.49 Rasmus Klumpur
17.55 UKI
18.00 Ljóti andarunginn og ég
18.22 Latibær
18.45 Hvellur keppnisbíll
19.00 Anastasia



Svampur Sveinsson kl. 09.24, 13.24 og 17.24

## GULLSTÖÐIN

18.10 Raising Hope
18.35 2 Broke Girls
19.00 Friends
19.25 Friends
19.50 Cougar Town
20.15 Major Crimes
21.00 Shetland
22.00 The Sopranos
22.50 Mind Games
23.35 Friends
23.55 Friends
00.20 Major Crimes
01.00 Shetland
02.00 The Sopranos
02.50 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

07.00 Moonrise Kingdom
08.35 The Jane Austen Book Club
10.20 E.T.
12.15 Rain man
14.30 Moonrise Kingdom
16.05 The Jane Austen Book Club
17.50 E.T.
19.45 Rain man
22.00 Bull Durham Rómantísk gamanmynd frá 1988 með Kevin Costner, Susan Sarandon og Tim Robbins í aðalhlutverkum. Myndin fjallar unga konu sem fellir hug til tveggja hafnaboltaleikara og þarf að gera upp hug sinn áður en það verður of seint og hún missir þá báða.
23.50 Careful What You Wish For
01.20 The Maze Runner
03.15 Bull Durham

## RÚV

08.00 KrakkaRÚV
08.01 Kalli og Lóa
08.13 Pósturinn Páll
08.28 Vinabær Danna tígurs
08.41 Eðlukrúttin
08.52 Hæ Sámur
09.00 Kata og Mummi
09.11 Babar og vinir hans
09.32 Loppulúði, hvar ertu?
09.44 Kapteinn Karl
09.56 Hrúturinn Hreinn
10.05 Antboy
11.20 Strákurinn í kjólnum
12.25 Orðbragð II
12.55 Bækur og staðir
13.00 Tónleikakvöld – Fyrri hluti
14.15 Tónleikakvöld – Seinni hluti
15.45 Violetta
16.30 Skólahreysti
17.55 KrakkaRÚV
17.56 Eðlukrúttin
18.07 Hundalíf
18.10 Best í flestu
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Leiðin til Frakklands
20.05 Martin læknir
20.55 Best í Brooklyn
21.20 An Inspector Calls
22.50 Glæpahneigð
23.35 Ligeglad
00.00 Svikamylla
01.00 Dagskrárlok

## SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Rules of Engagement
08.20 Dr. Phil
09.00 Top Chef
09.50 Survivor
10.35 Pepsi MAX tónlist
11.30 Dr. Phil
12.10 Leiðin á EM 2016
12.40 Secret Solstice.
13.35 The Voice
15.05 The Voice
16.35 The Tonight Show
17.15 The Late Late Show
17.55 Dr. Phil
18.35 Everybody Loves Raymond
19.00 King of Queens
19.25 How I Met Your Mother
19.50 Life in Pieces
20.15 Grandfathered
20.40 The Grinder
21.00 Billions
21.55 Scandal
22.40 The Tonight Show
23.20 The Late Late Show
00.00 Scorpion
00.45 Law & Order.
01.30 The Family
02.15 Billions
03.10 Scandal
03.55 The Tonight Show
04.35 The Late Late Show

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 K100 | |



Gull
SPORTS DIRECT.com
GAME OF THRONES
ÍSLAND • BANDARÍKIN
25.04.2016
2 HBO
Undirbúðu þig fyrir átökin með fyrstu fimm þáttaröðunum á Stöð 2 Maraþon.
Tryggðu þér áskrift á 365.is eða í síma 1817.
Stöð 2 er hluti af 365
©2016 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.



## Hvernig verður veðrið í sumar?

Hæsti hiti sem mælst hefur í Reykjavík samkvæmt Veðurstofu Íslands var 30. júní 2008 en þá náði hitinn 25,7 gráðum. Ætli veðrið verði gott í sumar og það var árið 2008?

**ÞAÐ ER BEST AÐ SEGJA SEM MINNST UM ÞAÐ, ÞAÐ ER AUÐVITAÐ ALLTAF HÆGT AÐ SKOÐA LANGTÍMASPÁR, EN ÉG GET EKKI SAGT AÐ ÞÆR GANGI ALLTAF EFTIR. EIGUM VIÐ EKKI BARA AÐ SEGJA AÐ VIÐ VONUMST TIL ÞESS AÐ GÓÐA VEÐRIÐ DREIFIST JAFNT YFIR ALLA LANDSHLUTA.**

Björn Sævar Einarsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands

Í íslenskri þjóðtrú segir að ef sumar og vetur frjósi saman boði það gott sumar, en með því er átt við að hiti fari niður fyrir frostmark aðfaranótt fyrsta dags sumars.

**VÍÐA FRAUS SAMAN VETUR OG SUMAR Í NÓTT, ÞAÐ ÞYKIR BOÐA GOTT OG VEÐURFARSÆLT SUMAR, EN ÞETTA ER GÖMUL ÞJÓÐTRÚ SEM TENGIST LANDBÚNAÐI.**

Björn Sævar

Veitingasala og margt fleira verður í boði víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu.

# Sumardagurinn fyrsti var hinn raunverulegi nýársdagur

Sumardagurinn fyrsti er haldinn hátíðlegur víðs vegar um landið í dag, eins og hefð er fyrir. Hinn þjóðþekkti Árni Björnsson þjóðháttafræðingur gaf okkur góðar og skemmtilegar skýringar á þessari föstu hefð Íslendinga, sem hefur verið misskilin í gegnum tíðina.

Guðrún Jóna Stefánsdóttir
gudrunjona@frettabladid.is



„Sumardagurinn fyrsti er hvergi til í heiminum nema hér hjá okkur en þetta er liður í okkar gamla tímatali. Sumardagurinn fyrsti var hinn raunverulegi nýársdagur, þess vegna höldum við hann hátíðlegan enn þann dag í dag. Þetta vitum við vegna þess að hér áður fyrr var alltaf talað um hversu margra vetra börnin væru og enn þann dag í dag tala bændur um hversu margra vetra húsdýrin séu. Sumardagurinn fyrsti var mesti hátíðardagur Íslendinga ásamt jólunum, en sumargjafir eru mun eldri en jólagjafir,“ segir Árni Björnsson þjóðháttafræðingur.

Sumardagurinn fyrsti þýðir ekki að sumarblíðan sé komin, en Íslendingar hafa verið haldnir þeim mikla misskilningi svo árum skiptir, heldur markar hann upphaf sumarmisseris.

„Sumardagurinn fyrsti er oft kallaður yngismeyjardagur og er fyrsti dagur hörpu, sem er fyrstur af sex sumarmánuðum í gamla norræna tímatalinu. Hann er alltaf fyrsta fimmtudag eftir 18. apríl, eða á tímabilinu 19.-25. apríl. Sumardagurinn fyrsti var lengi messudagur eða til 1744,“ segir Árni.

Í íslenskri þjóðtrú segir að ef sumar og vetur frjósi saman boði það gott sumar, en með því er átt við að hiti fari niður fyrir frostmark aðfaranótt sumardagsins fyrsta.

„Hvarvetna var fylgst með því hvort frost væri aðfaranótt sumardagsins fyrsta, þ.e. hvort saman frysi sumar og vetur. Yfirleitt var það talið góðs viti og jafnvel álitið að rjóminn ofan á mjólkurtrogunum yrði jafn þykkur og ísskánin á vatninu þessa nótt. Í því skyni settu menn skál eða skel með vatni út um kvöldið og vitjuðu svo eldsnemma morguns,“ segir Árni.



**Árni Björnsson þjóðháttafræðingur skrifaði bókina Saga daganna – hátíðir og merkisdagar.**



## Veðurspá dagsins

Suðvestan og vestan 8-15 m/s, hvassast við suðurströndina. Skúrir eða él, en úrkomulítið suðaustan til. Norðvestan 8-15 og úrkomuminna í kvöld, hvassast á annesjum austan til. Hæg vestlæg átt og stöku skúrir eða él á morgun. Hiti 0 til 7 stig að deginum, hlýjast suðaustanlands.



## Skrúðgöngur og hoppukastalar

Hátíðarhöld verða í öllum hverfum Reykjavíkur í tilefni af sumardeginum fyrsta. Boðið er upp á fjölbreytta dagskrá fyrir alla fjölskylduna, skrúðgöngur fara meðal annars frá Árbæjarlaug, Spönginni í Grafarvogi og Melaskóla og hefjast þær allar kl 11.00. Dans- og söngatriði, hoppukastalar, andlitsmálun, dýrablessun, víkingaskylmingar og margt fleira verður í boði víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu.

# netto

markhönnun ehf



-30%

KINDAFILLE KOLAKRYDDAÐ
2.799
ÁÐUR 3.998 KR/KG



KJÖTBORÐ

-27%

GRÍSAKÓTILETTUR PROVANCEL TEXAS DE BRASIL
1.386
ÁÐUR 1.898 KR/KG



COOP PASTASÓSA M/ GRÆNMETI - 420 G
298
ÁÐUR 359 KR/STK

COOP PASTASKRÚFUR 500 G
179
ÁÐUR 199 KR/STK



-20%

2 stk í pakka

Verðsprengja

SS LAMBABÓGUR FROSIÐ - 2 STK
798
ÁÐUR 998 KR/KG



KJÖTSEL

SUMARLAMB Í BLÁBERJAMARINERINGU LAMBAMJAÐMASTEIK
3.398
ÁÐUR 3.998 KR/KG



-50%

JARÐARBER 250 G
299
ÁÐUR 598 KR/ASKJAN



-30%

HINDBER 250 G
629
ÁÐUR 899 KR/ASKJAN

BRÓMBER 125 G
319
ÁÐUR 456 KR/ASKJAN



COOP ÄNGLAMARK BLEYJUR XL
1.698 KR PK

COOP ÄNGLAMARK BLEYJUR NEWBORN
889 KR PK

COOP ÄNGLAMARK BLEYJUR JUNIOR/MAXI/MIDI/MINI
1.618
ÁÐUR 1.798 KR/PK



-20%

COOP ÄNGLAMARK HRÍSKÖKUR M/DÖKKU SÚKKUL
223
ÁÐUR 279 KR/PK

**www.netto.is | Tilboðin gilda 20. –24. apríl 2016**

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Hvað gerði Kardashian-klanið?

Kim og Kourtney Kardashian héldu til London í gær. Kanye West sást ekki í för með þeim og er því mögulega enn við tökur á tónlistarmyndbandi.



Kanye og KIm
Hjónakornin hafa verið gift frá árinu 2014 og eiga tvö börn.

## Sunnudagur 17. apríl

- Kim Kardashian og Kanye West lenda ásamt klaninu í Leifsstöð svo eftir er tekið. Hoppa beint upp í Mercedez Benz langferðabíl og taka út Suðurlandið.
- Gullfoss heillaði Kim upp úr skónum og tómatafestivalið í Friðheimum í Reykjadal hressti hópinn við.



- Veðurbarinn herjar hópurinn á Grillmarkaðinn þar sem Kourtney fagnar þrjátíu og sjö ára afmæli sínu með súkkulaðikúlu. Jonathan Cheban, kanóna og vinur, smakkar hrossakjöt meðan dýravinurinn Kim syrgir folann.
- Deginum er svo slaufað á 101 hóteli í Reykjavík, þar sem Kourtney hristir saman kokteila á barnum.

## Mánudagur 18. apríl

- Aðdáendahópur hefur safnast saman fyrir utan 101 hótel, enda hefur klanið séð um að halda úti beinni útsendingu af ferðalaginu á Snapchat. Kourtney, Jonathan og Simon dúndra í klassíska túristagöngu þar sem þau gera Hallgrímskirkju býsna góð skil.
- Þau stoppa í Geysi á Skólavörðustíg og festa svo kaup á úlpu í 66°Norður í Bankastrætinu þar sem hópur æstra aðdáenda er mættur.
- Hópurinn hendir í fjöldasöng og verður söngurinn eðlilega afmælissöngur fyrir Kourtney.
- Gangan tekur á hópinn og fljótt fara garnirnar að gaula. Þá er brugðið á það ráð að kíkja á Bæjarins bestu.
- Drottningin Kim lætur ekki segja sér það tvisvar og húrrar sér út í hnausþykkum pels, þar sem hún gengur með friðu föruneyti niður að pylsuvagninum. Hún sporðrennir einni með tómatsósu. Kourtney hneykslar blóðheita Íslendinga og sleppir remúlaði.
- Eftir að hafa spókað sig svolitið um miðborgina heldur hópurinn í þyrluflug, og mætir þá Kanye til leiks. Ekki fer betur en svo að þyrlan nauðlendir á golfvelli nokkru áður en ferðinni er haldið áfram upp á jökul. Segja gárungarnir Kanye hafa verið að kynna sér aðstæður fyrir gerð myndbandsins, sem einmitt er ástæða Íslandsheimsóknarinnar. Kom síðar í ljós að einhver hluti myndbandsins hafði verið skotinn við Seljalandsfoss, rétt eins og myndband Justins Bieber í fyrrasumar.
- Hópurinn hefur það huggulegt á Hótel Rangá, í heimsálfusvítunum sem þar eru. Kourtney og Jonathan skemmta sér konunglega við að snappa úr herbergjunum og skella sér síðar í heitan pott í von um að sjá stjörnur og norðurljós. Án árangurs. Úr verður að klanið er rekið upp úr pottinum vegna óláta. „Vita þeir ekki að þetta er Kourtney?“ virkaði ekki á starfsmann Rangár.

## Þriðjudagur 19. apríl

- Dagurinn hefst á Rangá með reglubundinni ræktarrútínu. Kjötkassi frá Sláturfélagi Suðurlands spilar þar stóra rullu, auk annarra vel valinna æfingatækja.
- Hópurinn leggur undir sig Reykjanesið og tekur sundsprett í Bláa lóninu eftir hefðbundinn opnunartíma. Þó ekki Kim og Kanye. Endar sundtúrinn á kvöldverði á veitingastaðnum Lava og má fullyrða að hópurinn hafi verið alsæll.

## Miðvikudagur 20. apríl

Brottfarardagur er runninn upp. Jonathan tekur lokasprettinn á Búllunni og leggur dóm á hamborgarana þar. Hefðbundni borgarinn valtar yfir steikarborgarann að mati FoodGod, eins og hann hefur kosið að kalla sig.



Jonathan Cheban og Kourtney
Jonathan kvaddi með því að skutla í sig einum Búlluborgara.


MYNDLISTASKÓLINN Á AKUREYRI
auglýsir inntöku nýnema fyrir skólaárið 2016-2017



GRAFÍSK HÖNNUN
LISTHÖNNUNARDEILD veitir starfsmenntun í grafískri hönnun. Á námstímanum öðlast nemendur yfirgripsmikla þekkingu og þjálfun í faginu sem gerir þá hæfa til að fást við krefjandi verkefni á sviði hönnunar fyrir prentmiðla og margmiðlun. Nemendur útskrifast að loknu þriggja ára námi með því að vinna lokaverkefni innan sérgreinarinnar og skrifa rannsóknarritgerð.

FRJÁLS MYNDLIST
FAGURLISTADEILD veitir starfsmenntun í frjálsri myndlist. Nemendur fá alhliða þjálfun í hefðbundnum greinum þar sem áhersla er lögð á tæknilega og listræna ögun. Nemendur útskrifast að loknu þriggja ára námi með því að vinna lokaverkefni innan sérgreinarinnar og skrifa rannsóknarritgerð.

MYNDLIST - HÖNNUN - ARKÍTEKTÚR
FORNÁM - Alhliða undirbúningur fyrir nám í hönnun og listum. Myndlistaskólinn á Akureyri býður upp á hnitmiðað 60 feininga heildstætt nám í sjónlistum. Listrænn og tæknilegur undirbúningur fyrir framhaldsnám á sviði myndlistar, hönnunar og arkitektúrs.

Skóli með sterkan prófíl
Umsóknarfrestur til 1. júní.

Kaupvangsstræti 16 - Sími. 462 4958 - info@myndak.is - www.myndak.is - www.facebook.com/myndak


SPORTS DIRECT.com
OPIÐ SUMARDAGINN FYRSTA 10 – 18
SONDICO FÓTBOLTA BOLUR BARNA
2 FYRIR 3.190 KR.
2.190 KR.
SONDICO FÓTBOLTA STUTTBUXUR BARNA
MEGA VALUE
1.290 KR.
SONDICO FÓTBOLTAR
2 FYRIR 1.790 KR.
1.190 KR.
ADIDAS EM FÓTBOLTI
VERÐ FRÁ
4.990 KR.
NO FEAR QUAD HJÓLASKAUTAR
EINNIG TIL Í BLEIKU
MEGA VALUE
5.990 KR.
NO FEAR INLINE LÍNUSKAUTAR
EINNIG TIL Í BLÁU
MEGA VALUE
5.990 KR.
ROCES MOODY LÍNUSKAUTAR
MEGA VALUE
15.890 KR.
FILA X-ONE LÍNUSKAUTAR
MEGA VALUE
15.890 KR.
FLAZH BARNASKÓR
MEGA VALUE
6.990 KR.
NIKE BARNASKÓR
MEGA VALUE
4.990 KR.
NIKE BARNASKÓR
EINNIG TIL Í STÆRRI STÆRÐUM
MEGA VALUE
5.990 KR.
NIKE BARNASKÓR
EINNIG TIL Í STÆRRI STÆRÐUM
MEGA VALUE
6.390 KR.
GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST. BIRT MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTAR- OG PRENTVILLUR.
SPORTS DIRECT.COM
Skógarlind 2
Opnunartími
Mán-mið: 10-19
Fim: 10-21
Fös: 10-20
Lau-Sun: 10-18
LONSDALE LONDON
karrimor
PUMA
Slazenger
adidas
SPORT DIRECT.COM
Hin Fullkomna Gjöf
Gildir í verslunum Sportsdirect.com a íslandi!
SPORTS DIRECT.COM
GJAFAKORT

№30
2016

Listahátíð
í Reykjavík

HARPA
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Hátindar á ferli Helga
San Francisco ballettinn



Tryggðu þér sæti tímanlega
Miðasala er hafin á harpa.is & tix.is

San Francisco ballettinn, undir stjórn Helga Tómassonar, sýnir valda kafla úr nokkrum af dáðustu verkum flokksins ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands á Listahátíð vorið 2016.

Sýningar verða 28. — 30. maí í Eldborgarsal Hörpu.

Stofnaðilar og bakhjarlar Listahátíðar
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Reykjavíkurborg
TVG-ZIMSEN Flutningsmiðlun
Lárusson Hönnunarstofa

Styrktaraðilar
Icelandair
Arion banki
Center Hotels
Lexus





Hljómsveitin sxsxsx er skipuð þeim Helga Sæmundi og Birni Vali. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

# Hófu samstarfið inni á hótelherbergi

Þeir **Helgi Sæmundur Guðmundsson** og **Björn Valur Pálsson** hafa ferðast mikið saman á spilirii og fóru að gera tónlist saman á hótelherbergjum. Þetta samstarf þeirra er svo núna að bera ávöxt og munu þeir koma fram saman undir nafninu sxsxsx í kvöld.

„sxsxsx er samstarf okkar Björns Vals. Ég er pródúser og annar tveggja meðlima hljómsveitarinnar Úlfs Úlfs og Björn Valur er DJ-inn okkar og líka fyrir Emmsjé Gauta og aðra,“ segir Helgi Sæmundur Guðmundsson spurður að því hvað í ósköpunum sxsxsx sé. „Fólki stendur til boða að setja hvaða sérhljóða sem það vill þarna á milli, bara svona eftir því hvernig því líður. Við setjum „e-ið“ en það eru engar reglur. Það má setja „u“ ef að við sökkum og „i“ ef að fólk talar ensku,“ svarar Helgi, beðinn um að útskýra hvernig framburðurinn er á þessu sérstaka hljómsveitarnafni.

Bæði Helgi og Björn hafa verið iðnir við að semja tónlist fyrir aðra tónlistarmenn, en Helgi hefur t.d. samið fyrir Reykjavíkurdætur, Blaz Roca, Emmsjé Gauta og fleiri, auk þess sem Úlfur Úlfur er ein vinsælasta hljómsveit Íslands og hefur spilað mjög reglulega í nánast hverju einasta bæjarfélagi á landinu

**ÞETTA ER ÓLÍKT ÖLLU SEM VAR Á FYRRI PLÖTUNNI, EN ÞETTA ERU SAMT ENNÞÁ ÚLFS ÚLFS LÖG. ÞETTA ER HEVÍ GOTT.**

síðan sveitin gaf út lagið Í nótt árið 2011. Björn lauk námi í Music Production frá Los Angeles Recording School núna fyrir skömmu og hefur verið að gera tónlist á fullu síðan þá auk þess að ferðast um landið með Úlfi Úlfi og Emmsjé Gauta.

„Við höfum deilt ótal hótelherbergjum á ferðalögum með Úlfi Úlfi þar sem við vorum oft að fikta við að semja tónlist, þannig að upp kom hugmyndin um að prófa að semja tónlist saman formlega sem hljómsveit. Tónlistin sem við erum að gera er instrumental hiphop, electro og trap.“

Eins og fyrr segir mun sxsxsx koma fram í fyrsta sinn á Prikinu í kvöld í tilefni sumardagsins fyrsta og kveða burt veturinn með tónlistarveislu. Síðar um kvöldið mun Helgi svo stökkva úr gervi sínu sem sxsxsx og yfir í Úlfs Úlfs gallann en úlfarnir munu stíga á svið þarna við sama tækifæri og lofa þeir því að frumflytja glænýtt efni. En hvernig verða þessi nýju lög frábrugðin þeim sem við eigum að venjast frá hljómsveitinni?

„Þetta er betra en nokkuð annað sem við höfum gert,“ segir Helgi eftir nokkra umhugsun, „þetta er fallegri tónlist, þetta er nýtt sjitt en svona svipað sánd. Þetta er ólíkt öllu sem var á fyrri plötunni, en þetta eru samt ennþá Úlfs Úlfs lög. Þetta er heví gott.“

Sxsxsx og Úlfur Úlfur spila á Prikinu í kvöld, herlegheitin hefjast klukkan 21.00 og það er frítt inn.

**stefanthor@frettabladid.is**

# Jón Jónsson og atriði frá Rigg í Eyjum

Jón Jónsson er einn þeirra tónlistarmanna sem koma munu fram á Þjóðhátíð í Eyjum sem líkt og alþjóð veit fer fram í Vestmannaeyjum um verslunarmannahelgina. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Jón kemur fram á hátíðinni en spennan er þrátt fyrir það mikil.

Það er svo yngri bróðir Jóns, Friðrik Dór, sem flytur Þjóðhátíðarlagið í ár ásamt Sverri Bergmann en lagið er samið af Halldóri Gunnari Pálssyni.

Rigg viðburðir munu einnig bjóða upp á atriði á föstudagskvöldi hátíðarinnar. „Þetta er í rauninni eitthvað sem við höfum verið að sérhæfa okkur í að gera, sýningar sem hæfa mómentunum og við ætlum að gera upplifun gesta af þessu mómenti geggjaða,“ segir tónlistarmaðurinn Friðrik Ómar Hjörleifsson en Rigg viðburðir hafa staðið fyrir fjölda sýninga þar sem tekin er fyrir tónlist listamanna á borð við Tinu Turner, Freddy Mercury, Elton John og Vilhjálm Vilhjálmsson og segir Friðrik að boðið verði upp á brot af því



besta. Sjálfur hefur Friðrik aldrei komið á Þjóðhátíð áður og er að vonum spenntur fyrir herlegheitunum. „Ég svona var búinn að bíta það í mig fyrir nokkrum árum að ég færi ekki þangað fyrr en ég færi að syngja þar,“ segir hann og skellihlær.

Með Friðriki í för verða Stefán Jakobsson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Stefanía Svavarsdóttir, Erna Hrönn Ólafsdóttir og Dagur Sigurðsson ásamt hljómsveit Rigg. **– gló**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



the PIER
NÝTT KORTATÍMABIL 22. APRÍL
20% AFSLÁTTUR
TRENEL STÓLL
ÁÐUR 29.900,-
NÚ 23.920,-
Stærð: 63x74xH89 cm.
GILDIR 21.–27. APRÍL
GLEÐILEGT SUMAR!
20% AFSLÁTTUR AF SUMARVÖRUM
NÝJAR VÖRUR Á PIER.IS
BERISSO STÓLL
ÁÐUR 6.990,- NÚ 5.592,-
Stærð: 54.5x57.5xH81.5 cm.
QUITO MÓSAÍKBORÐ
ÁÐUR 15.990,-
NÚ 12.792,-
Stærð: D59xH72 cm.
NID KÖRFUSTÓLL
ÁÐUR 59.900,- NÚ 47.920,-
Stærð: D94xH194 cm.
ARAJUNO
MÓSAÍKBORÐ
ÁÐUR 15.990,-
NÚ 12.792,-
Stærð: D60xH72 cm.
BAMBOO BORÐ
ÁÐUR 9.990,- NÚ 7.992,-
Stærð: 50x50xH55 cm.
OPIÐ Í DAG! 21. APRÍL
REYKJAVÍK 12.00-18.00
AKUREYRI 13.00-17.00
50% AFSLÁTTUR
50% AFSLÁTTUR
AÐEINS Í DAG
ICELANDIC SEABREEZE DIFFUSER
ÁÐUR 2.990,- NÚ 1.495,-
ERSKINE
MÓSAÍKBORÐ
ÁÐUR 19.990,-
NÚ 15.992,-
Stærð: D90xH72 cm.
BAMBOO
STÓLL
ÁÐUR 9.990,- NÚ 7.992,-
Stærð: 58x45xH89 cm.
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880
Erum á Facebook • www.pier.is
ANTON&BERGUR

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja
Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

Bakþankar



Frosta Logasonar

# Sóknarfæri

Mín kynslóð er alin upp við það að Ísland sé sannarlega best í heimi. Þegar ég var lítill snáði urðu bæði Hólmfríður Karlsdóttir og Linda Pé fallegustu konur veraldar. Þegar Jón Páll Sigmarsson var búinn að vera sterkasti maður heims fjórum sinnum tók Magnús Ver Magnússon við og jafnaði metið.

Við vorum fallegust og sterkust. Íslenskir víkingar. Gleðibankinn var svo auðvitað flottasta lagið 1986 þó að Evrópa hafi ekki áttað sig á því. Lókal verður ekki alltaf glóbal. Bubbi Morthens sannar það.

En þrátt fyrir þessa yfirburði á nokkrum mikilvægustu stuðlum mannlegrar tilvistar vissi samt eiginlega aldrei neinn neitt um okkur. Erlendis héldu menn að ég væri á einhverju rófi þegar ég sagði þeim að Íslendingar væru bæði sterkastir og fallegastir og hefðu þar að auki fundið Ameríku á undan Kólumbusi.

En ég var ekkert að rugla. Björk og Sigur Rós héldu áfram að gera góða hluti og smátt og smátt fór fólk að kveikja á perunni. Útlendingar eru allavega loksins farnir að sjá þetta núna. Ísland er sannarlega best í heimi. Hingað koma allir sem eru eitthvað í einhverju. Frægasta rassgat veraldar dvelur þessa stundina á landinu ásamt fríðu fylgdarliði. Bieberinn var hérna um daginn og Beyoncé líka.

Það má eiginlega segja að í dag sé hægt að skipta mannkyninu í aðalatriðum upp í tvo meginflokka. Það eru þeir sem hafa komið til Íslands og þeir sem eiga eftir að koma til Íslands. Samt þekkja útlendingar ekki enn þá séríslensk fyrirbæri eins og Ólaf Ragnar Grímsson, verðtryggingu og Útvarp Sögu. Þar eru okkar helstu sóknarfæri.







